**SONJA GRANT OG HJÖRTUR SKÚLASON**

*Klæðast flíkum í stíl við heimilislegt umhverfi*

• tíska • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**LANDIÐ MITT VESTURLAND**

*Víkingar, forynjur og falinn fjársjóður*

Sérblað Landið mitt Vesturland

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**GUÐNI TH. JÓHANNESSON**

*Heimilda aflað með harmkvælum*

Skjöl sem aldrei hafa sést

**FÓLK 54**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. maí 2009 — 126. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

**Bjart í Hafnarfirði**

Bjartir dagar, lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar, verður sett við hátíðlega athöfn í dag.



TÍMAMÓT 32



**Sest á skólabekk**

Þóra Tómasdóttir fer í meistaranám á Bifröst.

FÓLK 54

**Myntbandalög nær og fjær**

„Meðalverðbólgan í myntbandalagslöndunum átján hefur verið mun minni, eða átta prósent á ári. Til þess var leikurinn gerður," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 28

**Pepsi-deildin í kvöld**

Heil umferð fer fram í Pepsi-deild karla í kvöld. Fréttablaðið gerir upp síðustu umferð.



ÍÞRÓTTIR 48

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÚRKOMA** Með morgninum verður hvöss suðaustan átt sunnan og suðvestan til með rigningu. Víðast sunnan 5-13 með vætu um hádegi en úrkomuminna síðdegis. Léttir til nyrðra undir kvöld. Milt í veðri.

VEÐUR 4

# Hækka á skatta á áfengi og eldsneyti

**Aukin tekjuöflun og niðurskurður í ríkisrekstrinum voru til umræðu á sameiginlegum þingflokksfundi ríkisstjórnarflokkanna í Þjóðminjasafninu í gær. Hækkun skatta á áfengi og eldsneyti eru í farvatninu. Hátekjuskattur í skoðun.**

**STJÓRNMÁL** Mæta á fyrirséðum tuttugu milljarða króna viðbótarhalla á ríkissjóði með aukinni tekjuöflun og niðurskurði. Ríkisstjórnin stefnir að því að brúa bilið með aðgerðum á yfirstandandi sumarþingi en eftir mun þá standa 170 milljarða fjárlagahalli sem unnið verður á á næstu fjórum árum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða tekjurnar fyrst og fremst auknar á þessu ári með hækkun vörugjalda. Undir þau falla sérstakir skattar af ökutækjum, eldsneyti, áfengi og tóbaki. Einnig er til skoðunar að leggja á hátekjuskatt.

Formenn stjórnarflokkanna kynntu þingmönnum sínum áform sín um aðgerðir í ríkisfjármálunum á sameiginlegum fundi þingflokka Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Þjóðminjasafninu í gær. Auk þingmanna flokkanna voru Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra og Indriði Þorláksson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, á fundinum.

Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi sumarþing er upplýst að úr ranni fjármálaráðherra sé væntanlegt frumvarp til breytinga á ýmsum skattalögum og fleiru vegna tekjuöflunar ríkissjóðs.

Einnig er getið um að frumvarp verði lagt fram um lagabreytingar vegna lækkunar á ríkisútgjöldum.

Í niðurskurðaraðgerðum stjórnvalda er fyrst og síðast horft til þess að hlífa þeim sem síst mega við auknum álögum. Reynt verði að hrófla sem minnst við velferðarkerfinu.

Vörugjöldin nema rúmum ellefu prósentum af heildartekjum ríkissjóðs og skiluðu tæpum fimmtíu milljörðum króna í ríkiskassann árið 2007.

Í vinnu ríkisstjórnarinnar er miðað við að heildarskattheimta verði ekki hærra hlutfall af landsframleiðslu en hún var 2005. Leiðarstefið sé leiðrétting misráðinna skattalækkana góðærisins. **- bþs**




**ÝMSAR LEIÐIR MÖGULEGAR** Á Arnarstapa sýna skilti hversu langt er til ýmissa landa, ef valið er að fara í gegnum jörðina. MYND/BJARNI GRÍMSSON

Minnisvarði um Jules Verne:

## Ásókn mikil á Snæfellsjökul

**FERÐAÞJÓNUSTA** Minnisvarði um franska rithöfundinn Jules Verne, sem skrifaði bókina Leyndardómar Snæfellsjökuls, hefur verið settur upp á Arnarstapa. Þar geta ferðamenn nú kynnt sér ýmislegt um rithöfundinn og skoðað hversu langt er til hinna ýmsu staða í heiminum með því að fara í gegnum jörðina. Þá má líta með eigin augum innganginn sjálfan að iðrum jarðar.

Sverrir Hermannsson, eigandi Ferðaþjónustunnar Snjófells, segir aðsókn útlendinga að Snæfellsjökli aldrei hafa verið meiri.

**- hhs /** **sjá sérblaðið Landið þitt Vesturland**



**MEÐ XAVI Á HÁHESTI** Eiður Smári Guðjohnsen fór mikinn þegar Barcelona fagnaði sigri í Meistaradeildinni í gær. Hann er hér meðal félaga sinna og í baksýn sést í bikarinn eftirsótta. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Eiður Smári Guðjohnsen fyrsti Íslendingurinn sem vinnur Meistaradeildina:

## Einstakur árangur hjá Eiði Smára

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen náði þeim einstaka árangri í gær að verða fyrstur Íslendinga til þess að vinna sjálfa Meistaradeildina þegar lið hans, Barcelona, lagði Manchester United, 2-0, í úrslitaleik á Ólympíuleikvanginum í Róm. Eiður Smári kom ekki við sögu í leiknum en var í hópnum og sat á bekknum.

Áfanginn er enn ein rósin í hnappagat Eiðs Smára, sem varð einnig spænskur meistari í mánuðinum. Þar áður vann Barcelona Konungsbikarinn á Spáni en aldrei í sögunni hefur spænsku félagi tekist að landa þeirri eftirsóttu þrennu að verða deildarmeistari, bikarmeistari og Evrópumeistari.

Eiður Smári hefur einnig tvisvar orðið meistari á Englandi með Lundúnaliðinu Chelsea.

Eiður Smári á eitt ár eftir af samningi sínum við Barcelona en hefur látið í það skína að þetta tímabil gæti orðið hans síðasta í herbúðum þessa sögufræga katalónska félags.

**- hbg /** **sjá síðu 50**

„Gleymdar" erlendar skuldir:

## Hækka verðlag og sliga heimili

**EFNAHAGSMÁL Erlendar skuldir annarra en bankanna, svo sem sveitarfélaga og félaga í eigu ríkisins og stórra fyrirtækja, eru mun hærri en höfuðstóll jöklabréfa. Þetta kemur fram í grein Haralds L. Haraldssonar hagfræðings í Fréttablaðinu í dag.**

**Höfuðstóll jöklabréfa er um 500 milljarðar króna en erlendar skuldir annarra en banka nema 2.288 milljörðum króna. Að mati Haralds hafa þessar skuldir gleymst í umræðunni.**

**Haraldur segir þessa miklu erlendu skuldsetningu helgast af misheppnaðri peningastefnu, sem hafi neytt fyrirtæki til að snúa sér nánast alfarið að gengistryggðum lánum.** **- bs /** **sjá síðu 30**











Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

**SPURNING DAGSINS**



*Már, getið þið ekki bara sprengt húsið utan af ykkur í stað þess að rífa það?*

„Ætli það fari ekki bara að hrynja af sjálfu sér?“

Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, segir brýnt að losna við úr sér gengið hús sem kallað er Langholt.

Þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks vinna sameiginlega ESB-tillögu:

# Nefnd skilgreini hagsmunina

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undirbúa nú þingsályktunartillögu um undirbúning að aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB).

Í tillögunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, leggja flokkarnir til að utanríkismálanefnd verði falið að undirbúa mögulega aðildarumsókn Íslands. Nefndin ljúki störfum í síðasta lagi fyrir lok ágúst.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisfloks, segir tillöguna ekki útiloka að sótt verði um aðild á vorþingi, líkt og Samfylkingin stefnir að. „Ef menn geta unnið þá lágmarksvinnu sem nauðsynleg er,



**BJARNI BENEDIKTSSON** Segir lágmark að teknar verði nokkrar vikur í að ræða um hvernig aðildarumsókn fari fram.

[...] þá er það hægt, og ef meirihluti er fyrir því á þinginu,“ segir hann.

En er þetta ekki bara biðleikur? „Nei, er það biðleikur að óska eftir því að menn taki nokkrar vikur í að leggja grunn að þessari ákvörðun? Mér finnst það fráleitur málflutningur,“ segir Bjarni.

Samkvæmt tillögudrögunum er utanríkismálanefnd ætlað að gera grein fyrir mikilvægustu hagsmunum Íslands í aðildarviðræðum. Hún á einnig að vinna vegvísi vegna hugsanlegrar aðildarumsóknar þar sem fjalla á um álitamál tengd aðildaviðræðunum.

Utanríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu um að ríkisstjórn verði falið að leggja inn umsókn að ESB. Hann mun mæla fyrir tillögunni á Alþingi í dag. **- bj, kóþ**

Hlaut sextíu daga dóm:

## Danski sjóliðinn á skilorð

**DÓMSMÁL Danski sjóliðinn sem var handtekinn á mánudagskvöld eftir að hafa brotið sér leið inn í útibú Kaupþings í Austurstræti hefur verið dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi.**

**Sjóliðinn tvítugi, sem kom til landsins með danska varðskipinu Hvítabirninum, braust inn í útibúið og stal 5.165 krónum. Sjóliðinn var í annarlegu ástandi og æstur þegar hann var handtekinn í bankanum. Á leiðinni á lögreglustöðina fékk hann hjartastopp en lögreglumanni tókst að endurlífga hann með hjartahnoði. Síðan var ekið með hann á spítala.**

**Hann játaði brotið skýlaust. - sh**



**SAGAN** Halldór Jónsson, stofnfjáreigandi í Byr, fór yfir stöðu sparisjóðsins á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vilja endurreisa sparisjóðina:

## Stofna samtök velunnara

**VIÐSKIPTI** Hópur áhugafólks um sparisjóðakerfið hittist á Grand hóteli í gærkvöldi til að ræða endurreisn íslenskra sparisjóða. Á fundinum, sem haldinn var að undirlagi grasrótar tengdrar Byr sparisjóði, var sérstaklega rætt um hvernig farið hefði fyrir Byr á undanförnum mánuðum.

Fundinum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Þar var verið að leggja lokahönd á stofnun Landssamtaka velunnara sparisjóða, segir Eggert Þór Aðalsteinsson, einn skipuleggjanda fundarins. **- bj**

**NOREGUR**

### Haakon Lie látinn

Haakon Lie, einn þekktasti forystumaður verkalýðshreyfingarinnar í Noregi og Verkamannaflokksins á síðustu öld, lést á mánudag í Ósló, 103 ára að aldri. Lie var lengi ritari Verkamannaflokksins og tók virkan þátt í andspyrnuhreyfingunni í síðari heimsstyrjöldinni. Um þá reynslu sína skrifaði hann bók sem kom út á síðasta ári.

**ÞÝSKALAND**

### Köhler endurkjörinn forseti

Horst Köhler var um helgina endurkjörinn forseti þýska Sambandslýðveldisins. Hann fékk 613 atkvæði af 1.224 á kjörmannasamkomunni.

# Drepa miltisbrand í formalíni á Álfsnesi

**Leifar tveggja nautgripa, sem taldir eru hafa drepist úr miltisbrandi árið 1941 og fundust í Garðabæ árið 2007, verða urðaðar á Álfsnesi ef Sorpa vill taka við þeim. Héraðsdýralæknir segir bankahrunið hafi stoppað kaup á brennsluofni.**

**UMHVERFISMÁL** Leifar tveggja nautgripa sem mögulega eru sýktar af miltisbrandi og fundust í Garðabæ verða að líkindum urðaðar hjá Sorpu á Álfsnesi ásamt þrjátíu tonnum af jarðvegi.

Umhverfistofnun hefur gefið yfirdýralækni Matvælastofnunar heimild fyrir urðuninni að undangenginni sótthreinsun með formalínlausn og að því tilskildu að samþykki Sorpu liggi fyrir. „Stofnunin gerir einnig að skilyrði að ofangreindur úrgangur verði urðaður í hólfi sem aldrei verði hreyft við aftur,“ segir í leyfi Umhverfisstofnunar, sem þannig leggur þunga áherslu á að dýraleifarnar og jarðvegurinn sem þeim fylgir liggi óhreyfður um alla framtíð.

Leifar nautgripanna og jarðveginn á að grafa í 45 kerum. Í kerin verður hellt formalíni þannig að fljóti yfir úrganginn. Áætlað er að um 500 lítrar af formalínlausn fari í þetta. „Matvælastofnun telur ekki líkur á að formalín, sem lekið gæti úr kerunum og blandast grunnvatni, geti valdið skaðlegum áhrifum,“ segir í leyfinu.

„Við myndum aldrei leggja til þessa aðferð nema vegna þess að við erum fullvissir um að hún er algjörlega hættulaus,“ segir Gunnar Örn Guðmundson, héraðsdýralæknir hjá Matvælastofnun. Hann segir formalínið skemma miltisbrandsgróin og síðan gufa upp með tímanum.

Dýraleifarnar sem um ræðir fundust við jarðvegsframkvæmdir í Hraunsholti í Garðabæ í nóvember 2007. Þar sem vitað var að miltisbrandssýktir nautgripir voru grafnir á þessum stað árið 1941 voru



**VIÐBÚNAÐUR Í GARÐABÆ** Eiturefnadeild slökkviliðsins kom á vettvang byggingarlóðar í Hraunsholti í Garðabæ í nóvember 2007 þegar þar fundust leifar nautgripa sem talið var að hefðu drepist úr miltisbrandi á stríðsárunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

hræin flutt til brennslu hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja í Keflavík. Það þótti hins vegar ekki fær leið og hafa dýraleifarnar verið geymdar í vatnsþéttum gámi á meðan leitað hefur verið að endanlegri lausn á málinu. Dálitlar beinaleifar fundust á sama stað í júní í fyrra og eru þær geymdar á sama stað.

Lausn málsins átti að felast í kaupum á sérstökum brennsluofni sem ætlaður yrði til slíkra nota. Fjárveiting lá fyrir síðasta haust. „En síðan kom bankahrunið og þá dugðu peningarnir ekki til,“ segir Gunnar Örn, sem nú bíður viðbragða Sorpu í málinu.

Að sögn Gunnars Arnar er síðasta dæmið um miltisbrandssýkingu á Íslandi frá því í desember 2004. Þá drápust fjögur hross við Sjónarhól á Vatnsleysuströnd. Hræ þeirra voru brennd á staðnum. Næsta dæmi þar á undan er frá Þórisstöðum í Ölfusi árið 1968. **gar@frettabladid.is**



**BOLTINN Á BARNUM** Fótboltaáhugamenn hittust víða til að fylgjast með leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrslitaleikur í meistaradeild:

## Fjögurhundruð mættu á Ölver

**ÍÞRÓTTIR** „Það var mjög góð stemning hér og pakkfullt hús,“ segir Hjálmar Karlsson, barþjónn á Ölveri. Þar söfnuðust fótboltaáhugamenn saman í gær til að fylgjast með leik Barcelona og Manchester United.

„Fólkið sat á billjardborðunum og hjá pókervélunum og bara hvar sem það komst fyrir,“ segir hann og telur að í kringum fjögurhundruð gestir hafi verið þegar mest var. Á venjulegu miðvikudagskvöldi mæti hins vegar um tuttugu manns.

Engin slagsmál eða vesen hafi verið í fólkinu. „Nema náttúrlega hjá Manchester-mönnum. Þeir vældu svolítið.“ **- kóþ**

Fjölskylduhjálpin ræðst í átak:

## Safnar fyrir mat

**LÍKNARMÁL Fjölskylduhjálp Íslands hrindir í dag af stað landssöfnun til að safna peningum vegna aukins matarkostnaðar skjólstæðinga sinna.**

**Fram til 1. júní verður hægt að kaupa sérsteypt málmbarmmerki með mynd af Íslandi þar sem á er ritað „Nýtt Ísland“. Merkið kostar 500 krónur og verður fáanlegt í Aðalskoðun, Blómavali, Bónus, Byko, Europris, Fjarðarkaupum, Hagkaupum, Húsasmiðjunni, Kaffitári, Kaskó, N1, Nettó, Samkaupum, Select, Skeljungi og Tíu ellefu.** **- bs**






Skot- og sprengjuárás öfgamanna í Lahore kostar um þrjátíu manns lífið:

# Óttast aukna útbreiðslu átaka

**PAKISTAN, AP** Sjálfsvígsárás var í gær gerð með bílsprengju á lögreglustöð í borginni Lahore í Pakistan. Byggingin eyðilagðist í sprengingunni og um þrjátíu manns fórust. Nærliggjandi bygging, sem hýsti héraðsskrifstofur pakistönsku leyniþjónustunnar, skemmdist einnig mikið. Að minnsta kosti 250 manns, flestir vegfarendur, særðust.

Rehman Malik, innanríkisráðherra Pakistans, sagði hugsanlegt að árásin væri hefndaraðgerð af hálfu íslamskra öfgamanna sem styðja talíbana vegna sóknar stjórnarhersins gegn talíbönum í Swat-dalnum í norðvesturhluta landsins. Lahore er í Austur-Pakistan, nálægt landamærunum að Indlandi. Hún er önnur stærsta borg landsins en tíðari hryðjuverk þar hafa aukið áhyggjur manna af því að átökin í norðvesturhlutanum, næst landamærunum að Afganistan, séu að breiðast út til annarra landshluta.

Í gærkvöld hafði enginn lýst ábyrgð á tilræðinu á hendur sér opinberlega. Að sögn lögreglu voru tveir menn handteknir, grunaðir um að tengjast málinu.

Árásin hófst með því að byssumenn komu æðandi á pallbíl að lögreglustöðinni og hófu skothríð á hana og leyniþjónustuskrifstofuna. Skothríðinni var svarað og



**BJARGA STARFSBRÓÐUR** Lögreglumenn í Lahore bjarga starfsbróður úr rústum byggingarinnar sem eyðilagðist í sprengingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

á meðan á skotbardaganum stóð sprakk bíll árásarmannanna í loft upp með fyrrgreindum afleiðingum. **- aa**


TAX FREE!
Byrjar í dag!
TAX FREE!
TAX FREE!
ÖLL BÚSÁHÖLD
Matarstell, glös & bollar, eldhúsáhöld, pottar & pönnur, bökunarvara & fleira
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
TAX FREE!
ÖLL REIÐHJÓL
Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt.
Munið opið til 21:00 í Skútuvogi
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman

## GENGIÐ 27.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,54 | 126,14 |
| Sterlingspund | 201,26 | 202,24 |
| Evra | 75,03 | 176,01 |
| Dönsk króna | 23,509 | 23,647 |
| Norsk króna | 19,644 | 19,760 |
| Sænsk króna | 16,377 | 16,473 |
| Japanskt jen | 1,3174 | 1,3252 |
| SDR | 193,45 | 194,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

214,0056

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirtæki tengd Gunnari Birgissyni hafi fengið tæpar 200 milljónir frá Kópavogi:

# Veit ekki hvað fór í fyrirtækin

**KÓPAVOGUR** Gunnar Birgisson bæjarstjóri segist ekki vita hvort tölur Stöðvar tvö séu réttar um að þáverandi verktakafyrirtæki hans Klæðning, hafi fengið verkefni frá Kópavogsbæ upp á 130 milljónir frá 1997 til 2001. Gunnar sat í bæjarstjórn á þeim tíma. Gunnar segist ekki heldur vita hvort Frjáls miðlun, fyrirtæki dóttur hans, hafi fengið sjötíu milljónir á fjórtán árum. Hann man ekki hve stórum hluta verkefnanna var úthlutað eftir útboð.

Verkefni Klæðningar hjá bænum hafi verið lítið brot af veltu fyrirtækisins, sem hafi verið á milli 400 og 500 milljónir á þessum tíma. Gunnari er ekki kunnugt um hversu stór hluti 70 milljónanna var af veltu Frjálsar miðlunar.



**GUNNAR I. BIRGISSON** Veit ekki hversu mikið fyrirtæki hans og dóttur hans fengu af verkefnum frá Kópavogsbæ.

Hann segist hafa vikið af fundum þegar fjallað var um þessi fyrirtæki í bæjarstjórn.

Gunnar hefur ekkert heyrt af kergju meðal sjálfstæðismanna vegna greiðslnanna, heldur mikinn stuðning.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, segir að miklu máli skipti hvort verkefnin hafi verið veitt eftir útboð eða ekki. Hann bregðist ekki við fyrr en hann hafi metið allar forsendur. „Ég geng ekki að því fyrir fram að þetta sé óeðlilegt,“ segir hann.

Ómar Stefánsson, fulltrúi Framsóknar, vill ekki leggja mat á tölurnar að svo stöddu. - kóþ

Atvinnuleysistryggingasjóður:

# Ríkið greiðir tvo mánuði

**ALÞINGI** Gert er ráð fyrir að fé atvinnuleysistryggingasjóðs verði uppurið um mánaðamótin október/nóvember. Það muni því koma til kasta ríkissjóðs að greiða atvinnuleysisbætur síðustu tvo mánuði ársins. Þetta kom fram í svari Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar, þingmanns Framsóknarflokks.

Birkir Jón óskaði eftir upplýsingum um stöðu sjóðsins og hvenær væri áætlað að hann hefði ekki lengur fé til útgreiðslu bóta. Sagði hann það sorglega staðreynd að sjóðurinn væri einn stærsti launagreiðandi landsins í dag. - ss



**ÓSÁTTAR** Nokkrar mæður mótmæltu hækkun á leikskólagjöldum fyrir fund leikskólaráðs í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikskólaráð Reykjavíkur:

# Samþykkti hækkun gjalda

**SAMFÉLAGSMÁL Leikskólaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í gær hækkun á leikskólagjöldum. Hækkunin tekur gildi 1. ágúst næstkomandi, og nær til foreldra barna sem kaupa lengri vistun en átta klukkustundir á dag, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.**

**Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar greiddu atkvæði gegn hækkuninni. Í bókun þeirra í fundargerð leikskólaráðs segir að margar fjölskyldur verði fyrir barðinu á hækkuninni, og byrðar fjölskyldna með smábörn séu þegar orðnar allt of þungar.**

**Þá muni hækkunin hafa áhrif á vísitölu neysluverðs og hækka verðtryggð lán almennings.** - bj

## LÉIÐRÉTT

Viktoría Líf Þorleifsdóttir, nemandi leikskólans Rauðhóls, var rangnefnd á forsíðu Fréttablaðsins á þriðjudag og er beðist velvirðingar á því.

Rangt var farið með nafn arkitekts sundlaugarinnar á Hofsósi í blaði gærdagsins. Hún heitir Sigríður Sigþórsdóttir og starfar hjá VA-arkitektum.



**ÚTTEKT** Ríki og sveitarfélög munu fá um 6,3 milljarða króna í skatttekjur vegna úttekta landsmanna úr séreignarsjóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fjórðungur tekur út úr séreignarsjóðum

**Landsmenn hafa þegar ákveðið að taka rúmlega 17 milljarða króna út úr séreignarsjóðum. Lægri upphæð en reiknað var með. Gæti aukist eitthvað á næstu mánuðum, segir fjármálaráðherra. Útilokar ekki að rýmka reglur um úttektir.**

**LÍFEYRISMÁL** Tæplega fjórðungur þeirra sem eiga fé í séreignarsjóðum hefur farið fram á að fá greitt úr sjóðunum. Hverjum einstaklingi var heimilað að taka allt að eina milljón króna út úr sjóðunum með lagabreytingu í mars síðastliðnum.

Alls hafa 27.530 farið fram á að fá greitt úr samtals 29 sjóðum. Um 120 þúsund einstaklingar eiga fé í sjóðunum, samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra.

Heildarupphæðin sem landsmenn hyggjast taka út úr sjóðunum er rúmir sautján milljarðar króna. Í sjóðunum liggja samtals um 200 milljarðar króna.

Að meðaltali tekur hver einstaklingur því út rúmar 618 þúsund krónur. Hámarksgreiðsla til hvers einstaklings er ein milljón króna, og verða úttektirnar greiddar út í jöfnum greiðslum á níu mánaða tímabili.

Greiða þarf 37,2 prósenta tekjuskatt af greiðslum úr séreignarsjóðunum. Hver einstaklingur fær því að meðaltali tæplega 390 þúsund krónur í vasann.

Skattgreiðslur af milljörðunum sautján verða alls um 6,3 milljarðar króna. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði á Alþingi í gær að ríkið muni hafa um 4,1 milljarð króna í tekur vegna skattgreiðslna af úttekt úr séreignarsjóðum. Afgangurinn muni renna til sveitarfélaganna í formi útsvars.

Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks, spurði fjármálaráðherra um úttektir úr séreignarsjóðum á Alþingi í gær. Hann sagði fagnaðarefni að sveitarfélögin muni fá auknar tekjur, en um leið grátlegt að fólk þurfi að ganga á séreignarsjóðina vegna slæms efnahagsástands.

Áætlað er að um helmingurinn af tekjum ríkisins af úttektunum fari í hækkun vaxtabóta, og líklegast er að það sem eftir stendur fari í að lækka hallann á rekstri ríkissjóðs á næsta ári, sagði Steingrímur á Alþingi í gær.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði greinilegt að færri hefðu nýtt sér þennan kost en reiknað hefði verið með í upphafi. Áætlun hefði gert ráð fyrir því að allt að 50 milljarðar yrðu teknir út úr sjóðunum. Í ljósi þess sagði hún fulla ástæðu til að huga að því að rýmka reglur um úttekt úr sjóðunum á næstunni.

Steingrímur tók undir með Steinunni að mögulega væri hægt að rýmka reglur. Nú væri til skoðunar að leyfa auknar úttektir úr séreignarsjóðum til að greiða niður fasteignalán.

brjann@frettabladid.is

Heilbrigðiseftirlit í Þýskalandi:

# Kókaín finnst í Red Bull Cola

**MATVÆLI Heilbrigðisyfirvöld í Þýskalandi hafa fundið 0,4 milligrömm af kókaínleifum í hverjum lítra af drykknum Red Bull Cola, sem hefur verið á markaði þar síðan í fyrra. Spiegel segir frá því að nokkur ríki Þýskalands hafi nú þegar tekið drykkinn úr sölu, en önnur bíði endanlegrar niðurstöðu heilbrigðisyfirvalda um hvort þessar kókaínleifar séu skaðlegar heilsu manna.**

**Kókaín fellur undir lög um ávana- og fíkniefni og gæti farið svo að drykkurinn sjálfur gerði það líka. Talsmenn Red Bull segja að kraftur úr kókalaufum sé notaður við framleiðsluna, en ekki kókaínið sjálft. Laufin hafi engin áhrif á heilsu neytenda.** - kóþ



**ÁLSEY VE** Landar 1.100 tonnum í Vestmannaeyjum sem skipið fékk á Drekasvæðinu. MYND/ÓSKAR

Síldveiðin hafin af krafti:

# Síldarfrysting hafin á fullu

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Byrjað er að landa síld úr norsk-íslenska síldarstofninum á Austfjarðahöfnum, sem og í Vestmannaeyjum. Síldin er horuð, eins og vant er á þessum tíma árs, en hentar engu að síður ágætlega til manneldis.

Á heimasíðu HB Granda er greint frá því að síldin láti hafa fyrir sér. Albert Sveinsson, skipstjóri á Faxa RE, sem kom með 400 tonna afla inn til löndunar á Vopnafirði í fyrradag, segist hafa fengið aflann í tveimur köstum djúpt norður af Langanesi, á Drekasvæðinu. - shá




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**HRAÐFARA SKIL**
Núna með morgninum er víða hvassviðri sunnan og suðvestan til, hvassast úti við ströndina. Vindur verður þá víðast hægari annars staðar. Það lægir suðvestanlands þegar líður á morguninn en í dag verða víðast sunnan 5-13 m/s. Um hádegi verður rigning víðast hvar á landinu en þegar líður á daginn taka við skúrir á vesturhelmingi landsins en léttir til á þeim austari.



**Á MORGUN**
8-15 m/s, hvassast suðvestan til.

**LAUGARDAGUR**
5-13 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 15° |
| Eindhoven | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 23° |
| New York | 22° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 13° |
| París | 21° |
| Róm | 27° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Sumarleikur
# NICOTINELL




**Sólarlandaferð með Vita að eigin vali fyrir tvo í tvær vikur að verðmæti 350.000 kr.**

**Í tilefni af Reyklausa deginum 31. maí höfum við ákveðið að verðlauna þá sem vilja fræðast um Nicotinell.
Það eina sem þú þarft að gera er að svara nokkrum laufléttum spurningum um Nicotinell.***
**Svörin getur þú fundið í Nicotinell bæklingum í næsta apóteki.**

*Það þarf ekki að kaupa Nicotinell til að taka þátt.



vita

BODRUM | TYRKLAND Njóttu lífsins með VITA á vinsælasta sólarstaðnum í Tyrklandi.

## Spurningar

| | Rétt | Rangt |
|---|---|---|
| 1. Með því að nota Nicotinell nikótínlyf færðu áhrifin af nikótíninu án krabbameinsvaldandi efnanna sem eru í tóbaksreyknum. | ☐ | ☐ |
| 2. Nicotinell lyfjatyggigúmmí fæst með 4 bragðtegundum: Fruit, Mint, Lakkrís og Classic. | ☐ | ☐ |
| 3. Ef þú reykir meira en 20 sígarettur á dag skaltu nota 4 mg lyfjatyggigúmmí eða 2 mg sogtöflu. | ☐ | ☐ |
| 4. Nicotinell munnsogstöflurnar fást með myntu bragði. | ☐ | ☐ |
| 5. Nicotinell forðaplásturinn má nota bæði sem dags- og sólarhringsplástur (16 tíma og 24 tíma). | ☐ | ☐ |
| 6. Nicotinell er notað sem hjálpartæki þegar verið er að hætta eða draga úr tóbaksreykingum. | ☐ | ☐ |

**Svör þurfa að hafa borist Artasan fyrir 5. júní 2009. Dregið verður úr réttum svörum 8. Júní 2009**

Nafn: ______________________

Heimili: ______________________

Staður: ______________ Póstnúmer: __________

Sími: __________ Netfang: ______________

**Vinsamlegast klippið út auglýsinguna og setjið í umslag merktu:**

Artasan ehf.
Nicotinell Sumarleikur
Suðurhraun 12a
210 Garðabær

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt. Lyfjatyggigúmmí: skammtar mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Munnsogstöflur: skammtar af 1 mg mega aldrei vera stærri en 30 stykki á dag og af 2 mg mest 15 stykki á dag. Plástrar: skammtar eru einn plástur á sólarhring, hvaða styrkleika skal nota fer eftir því hversu mikið var reykt. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 18 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## KJÖRKASSINN



*Á að fækka háskólum hér á landi niður í tvo?*

| | |
|---|---|
| Já | 39,6% |
| Nei | 60,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttast þú aukið ofbeldi í tengslum við innbrot og rán á höfuðborgarsvæðinu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Karlmaður á fimmtugsaldri beið bana og annar slasaðist mikið í hörðum árekstri:

# Lést eftir árekstur á Grindavíkurvegi

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri lést í umferðarslysi á Grindavíkurvegi snemma í gærmorgun. Ökumaður annars bíls slasaðist töluvert en þó ekki lífshættulega.

Bílarnir, lítill sendiferðabíll og jeppi, skullu framan á hvor annan á hæðinni ofan við Bláa lónið og skemmdust mikið, en tildrög slyssins liggja ekki ljós fyrir að öðru leyti. Talið er að ökumaður sendiferðabílsins hafi látist samstundis. Ökumaður jeppans slasaðist sem áður segir nokkuð og var fluttur með sjúkrabíl á Landspítalann í Fossvogi.

Lögreglan á Suðurnesjum og Rannsóknarnefnd umferðarslysa rannsaka málið.

Þetta er sjöunda banaslysið í umferðinni það sem af er ári og það þriðja í síðari hluta maímánaðar. Fyrir tæpri viku lést bifhjólamaður í slysi á Hringbraut og 16. maí lést ungur piltur í umferðarslysi í Fáskrúðsfirði. **- sh**



**Á SLYSSTAÐ** Talið er að maðurinn hafi látist samstundis í árekstrinum. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Loftslagsmál og atvinnulíf:

# Milljónir nýrra „grænna“ starfa

**UMHVERFISMÁL** Milljónir nýrra starfa gætu skapast bæði í Evrópu og Bandaríkjunum ef notkun endurnýjanlegrar orku myndi aukast. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem var kynnt á ráðstefnu forystumanna stærstu fyrirtækja heims um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum sem fram fer í Kaupmannahöfn.

„Breytingar bera með sér mikil viðskiptatækifæri,“ sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB. Ráðstefnan sem og rannsóknin eru liðir í undirbúningi fyrir loftslagsráðstefnu SÞ sem haldin verður í Kaupmannahöfn í desember. **- hds**

Ný lausn í heimabanka Byrs




Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

**- það er fjárhagsleg heilsa!**



**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi **11 milljón króna verðtryggt íbúðalán** sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376 krónur á lánstímanum.** Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast **milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.**

**Það er einfaldara en þú heldur!**

→ Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu
→ Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur
→ Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr
**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**




**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

BYR SPARISJÓÐUR

# Bæjarstjóri sagður ósvífinn í deilumáli

**Forstjóri Þyrpingar segir ósvífið hjá bæjarstjóranum á Seltjarnarnesi að brigsla fyrirtækinu um að ætla skattgreiðendum að borga fyrir mislukkaða viðskiptahugmynd. Þyrping vill 635 milljónir og vexti til baka vegna kaupa af bænum.**

**DÓMSMÁL** „Það er eiginlega ósvífið að bæjarstjórinn skuli bera fyrir sig íbúa bæjarins vegna eigin ákvarðana og bæjarstjórnarinnar,“ segir Oddur Víðisson, forstjóri Þyrpingar, sem undirbýr nú stefnu á hendur Seltjarnarnesbæ vegna viðskipta með fasteignir og lóðir í bænum.

Fyrir nokkrum árum keypti Þyrping af Seltjarnarnesbæ landskika og áhaldahús bæjarins við Bygggarða. Oddur segir að samkvæmt gildandi aðalskipulagi hafi Þyrpingu átt að vera kleift að skipuleggja blandaða byggð 140 íbúða í tveggja til þriggja hæða fjölbýlishúsum og sérbýlum á svæðinu. Deiliskipulag um það hafi verið samþykkt í skipulagsnefnd Seltjarnarness í desember 2007 en síðan verið hafnað í bæjarráði eftir mótmæli íbúa í grenndinni.

Oddur segir að í nóvember síðastliðnum hafi bæjarstjórnin síðan boðið um helmingi lægra nýtingarhlutfall lóða og að byggð yrðu á svæðinu einbýlishús og raðhús sem mest mættu vera tvær hæðir. Þetta segir Oddur hafa breytt forsendum málsins. Þess vegna hefur Þyrping krafist riftunar á áðurnefndum kaupsamningum sem á sínum tíma hafi verið að andvirði 635 milljóna króna, ella yrði málið rekið fyrir dómstólum.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segir Fréttablaðinu að umleitan Þyrpingar hafi „að sjálfsögðu“ verið hafnað. Í Nesfréttum fyrr í þessum mánuði sagði bæjarstjórinn að það væri „mjög framhleypið“ hjá fyrirtæki sem ef til vill stæði frammi fyrir misheppnaðri viðskiptahugmynd að ætla „sér að seilast í vasa skattgreiðenda til þess að niðurgreiða fórnarkostnaðinn af því verkefni“.



**VIÐ BYGGGARÐA** Eftir uppkaup á húsum og landi vestast á Seltjarnarnesi fóru áætlanir Þyrpingar um uppbyggingu á svæðinu út um þúfur þegar bæjarráðið felldi tillögu að deiliskipulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON**



**ODDUR VÍÐISSON**

Oddur ítrekar að Þyrping hafi aldrei lagt fram annað en það sem samrýmist samþykktu aðalskipulagi bæjarfélagsins. „Við erum eingöngu að leita réttar okkar og erum náttúrlega að sækja á þann aðila sem ber ábyrgð á bæjarfélaginu en ekki á íbúana,“ segir Oddur, sem kveður þess að vænta að stefna Þyrpingar á hendur Seltjarnarnesbæ verði tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í næstu viku.

Með vöxtum og öðrum kostnaði má búast við því að krafa Þyrpingar á hendur Seltjarnarnesbæ hljóði upp á um einn milljarð króna.

**gar@frettabladid.is**

Menn sem staðnir voru að fullri vinnu á atvinnuleysisbótum:

# Eiga von á rukkun og sekt

**VINNUMARKAÐUR** Mennirnir sem Vinnumálastofnun stóð að því að vera á atvinnuleysisbótum í fullri vinnu mega eiga von á rukkun um ofgreiddar bætur. Þá er heimild fyrir því að bæta fimmtán prósentum ofan á þá upphæð og segir Gissur Pétursson, forstjóri stofnunarinnar, að í íhugun sé hvort því verði beitt.

Gissur segir ljóst að um samantekin ráð hafi verið að ræða hjá atvinnurekenda mannanna. Sá er undirverktaki hjá Íslenskum aðalverktökum (ÍAV) og vinnur við járnabindingar við Tónlistar- og ráðstefnuhús. Gissur segir stofnunina hafa fundað með aðalverktakanum um málið og fengið upplýsingar þaðan.

Sigurður R. Ragnarsson er yfir verkinu fyrir hönd ÍAV. Hann segir fyrirtækið hafa fundað með Vinnumálastofnun fyrir um hálfum mánuði um málið, en síðan ekkert heyrt fyrr en í fjölmiðlum í gær. Hann segir eðlilegra að haft hefði verið samband við ÍAV áður en málið fór í fjölmiðla.

Hann segir málið mjög alvarlegt og ef satt reynist verði samstarfi við undirverktakann slitið. „Við ætlumst til að okkar undirverktakar uppfylli lög og allar reglur. Ef menn verða uppvísir að mjög alvarlegum brotum kemur til greina að vísa þeim af svæðinu.“ **- kóp**



**TÓNLISTARHÚS** Starfsmenn undirverktaka við járnabindingar voru í fullri vinnu þrátt fyrir að vera á atvinnuleysisbótum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Frábært verð
## á heimilistækjum

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**PHILIPS**



**Philips Senseo kaffivél**
HD7810SV
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa

**12.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Meliss**



**Melissa kaffivél**
645112
- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 bollar
- Dropastoppari

**3.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa hraðsuðuketill**
645083
- 2200w
- 1,5 lítra
- Snúrulaus
- Litur: Hvítur

**8.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**UNITED**



**United örbygjuofn**
MWO7103
- 700w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

**8.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa samlokujárn**
643096
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Litur: Hvítur

**3.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa brauðrist**
643200
- 680w brauðrist
- Tekur 2 brauðsneiðar
- 6 stillingar
- Stop takki

**3.490kr**
FRÁBÆRT VERÐ

exido STEEL SERIES

**Exido sléttujárn** 235021
- Keramík plötur
- Þéttar svartar keramik plötur bjóða betri dreifingu á hita
- On/off aðgerð
- Hægt að tengja snúru við og nota sem venjulegt sléttujárn
- Þráðlaust - sléttir hárið að fullu með aðeins einni upphitunar törn
- Hæsta hitastig: 230°C
- MCH hitun - snögg og jöfn hitun
- Öryggi: slekkur sjálfkrafa á sér eftir 60 mínútur
- 45W



**4.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa séttujárn** 635107
- Svartar keramík plötur
- Betri hitadreifni
- PTC Heater - Fljótt að hitna
- Hámarkshiti: 200°C

**2.490kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa hárblásari** 635103
- 1400w hárblásari
- 3 hraðastillingar
- Ofhitunarvörn
- 0,95kg

**2.490kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 4. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða íslenski listamaður hlaut hin virtu Carnegie-verðlaun?*
2. *Hvern skipaði Barack Obama nýjan hæstaréttardómara í Bandaríkjunum?*
3. *Hver fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest úrskurð Samkeppniseftirlitsins:

# Óvissu um Búnaðarþing eytt

**LANDBÚNAÐUR** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að Bændasamtök Íslands, BÍ, hafi brotið gegn samkeppnislögum með setningunni „Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á að afurðaverð til bænda verði að hækka í samræmi við aukinn tilkostnað“ í samþykkt þingsins 2008. Óvissu um það hvort búnaðarþing megi starfa hefur verið létt.

Setningin var talin miða að því að hækka verð á búvörum og hafði Bændasamtökunum verið gert að greiða tuttugu milljóna króna stjórnvaldssekt. Nefndin lækkaði hins vegar sektina í 7,5 milljónir. Þá á Samkeppniseftirlitið að tryggja að settar verði skýrar vinnureglur til að tryggja að ekki ætti sér aftur stað ólögmætt verðsamráð á vettvangi Bændasamtakanna.



**ÓVISSU EYTT** Eiríkur Blöndal segir úrskurðinn vera áfangasigur fyrir Bændasamtökin.

Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, segir að bændur séu ekki sáttir við niðurstöðuna en „þetta er ákveðinn áfangasigur. Við fengum þó nokkra viðurkenningu á okkar sjónarmiðum. Ekki er farið að ræða hvort þetta verði rekið lengra því að niðurstaða nefndarinnar er nýkomin. En það er ákaflega mikilvægt fyrir okkur að Búnaðarþing megi starfa. Það er náttúrulega sameiginlegur vettvangur bænda,“ segir hann.

Eiríkur bendir á að algjör óvissa hafi verið um það búnaðarþing mætti koma saman en þeirri óvissu hafi nú verið eytt.

- ghs

Ákærður fyrir brennu:

# Lagði eld að fjölbýlishúsi

**DÓMSTÓLAR Tæplega tvítugur piltur hefur verið ákærður fyrir brennu, en honum er gefið að sök að hafa valdið almannahættu með því að kveikja í húsi í Mosfellsbæ í október 2006.**

**Samkvæmt ákæru lagði pilturinn, þá sextán ára gamall, eld að plexigleri í stigagangi átta íbúða húss í bænum, sem olli skemmdum auk hættu á frekara eigna- og manntjóni. Stigagangurinn varð fljótlega alelda og þurfti að bjarga átta íbúum hússins af svölum. Pilturinn er krafinn um fimm milljónir í bætur. Hann neitaði fyrir dómi að hafa kveikt í húsinu af ásetningi.**

- sh









# Hringdi ekki á sjúkrabíl þrátt fyrir loforðið

**Úrsmiður á Seltjarnarnesi er feginn því að tveir menn, sem brutust inn til hans, reyrðu hann fastan með límbandi og rændu, hafi náðst og séu komnir í varðhald. Annar ræningjanna sagðist myndu hringja á sjúkrabíl en sveik loforðið.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir tvítugir menn voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 3. júní vegna ráns á Barðaströnd á Seltjarnarnesi á mánudagskvöld. Þeir hafa játað sök. Annar þeirra mun kæra úrskurðinn.

„Það er mjög gott að það sé búið að ná þeim. Maður var svolítið óöruggur þangað til,“ segir húsráðandinn á Barðaströnd, sem ræningjarnir börðu og bundu fastan á meðan þeir athöfnuðu sig. Hann baðst undan því að koma fram undir nafni.

Ræningjarnir voru handteknir á heimili í austurborginni síðdegis á þriðjudag. Þeir hafa áður komið við sögu lögreglu. Þriðja mannsins, sem beið í bíl fyrir utan, er enn leitað. Vitað er hver var þar á ferð.

Húsráðandi, sem er úrsmiður á áttræðisaldri, var nýkominn heim og hafði rétt tekið öryggiskerfið af þegar hann heyrði í mönnunum koma inn um glugga á efri hæðinni. Þegar þeir urðu húsráðanda varir sló annar þeirra hann í gólfið og reyrði hann síðan fastan á höndum og fótum með sterku límbandi.

Áður en ræningjarnir hurfu á brott með tugi úra af verkstæði mannsins auk annarra skartgripa reyndi húsráðandinn að höfða til samvisku annars þeirra. „Þegar hann fór þá var það eina sem ég gat gert að biðja hann að hringja á sjúkrabíl því mér liði ekkert vel,“ segir hann. Það hafi ræninginn lofað að gera, en ekki efnt loforðið.

Honum tókst að losa sig eftir tuttugu mínútna streð og líður nú snöggtum betur. „Þetta lítur nú allt ágætlega út. Ég er bráðlifandi og fæ ný gleraugu og þá held ég að ég kvarti ekki meira.“

Þýfið er ófundið en grunur leikur á að ræningjarnir hafi selt það upp í skuldir áður en þeir náðust.

Athygli vakti að lögregla kom ekki á staðinn fyrr en tæplega hálfri klukkustund eftir að hringt var á hjálp. Farið var sérstaklega yfir upplýsingar úr fjarskiptamiðstöð lögreglu vegna þess og segir í tilkynningu frá lögreglu að samskipti miðstöðvarinnar við lögreglumenn á vakt hafi verið eðlileg þrátt fyrir töfina. Nokkur forgangsútköll hafi verið í gangi á sama tíma, auk þess sem fyrir hafi legið að ræningjarnir voru á bak og burt og ættingjar mannsins komnir til að hlúa að honum.

stigur@frettabladid.is



**LEIDDIR FYRIR DÓMARA** Mennirnir voru leiddir fyrir dómara síðdegis í gær. Þeir eru um tvítugt og hafa báðir komið við sögu lögreglu áður.

## TILEFNI TIL AÐ SKOÐA ÖRYGGISMÁL

Seltjarnarnesbær hefur verið í samstarfi við Securitas um hverfagæslu undanfarin fjögur ár og margsinnis lýst yfir mikilli ánægju með árangurinn sem af henni hefur hlotist. Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segir gæsluna hafa gefist mjög vel. 96 prósent íbúa séu ánægð með hana, og þá hafi hún haft það í för með sér, samhliða almennri löggæslu, að innbrotatíðni í bæjarfélaginu sé sú lægsta á höfuðborgarsvæðinu. „En það tryggir auðvitað ekki að aldrei geti neitt komið fyrir og mér finnst atburður af þessu tagi gefa fullt tilefni til að við förum yfir málin, bæði með lögreglunni og Securitas, um með hvaða hætti við getum bætt okkar þjónustu að þessu leyti enn meira,“ segir Jónmundur.








# 3G netlykill og áskrift fyrir 0 kr. í allt sumar

## Vertu úti í sólinni í háhraðanetsambandi hvar og hvenær sem er á 3G svæði Símans.

Með því að gera 6 mánaða samning við Símann færðu 3G netlykil ásamt áskriftarleið að eigin vali fyrir 0 kr. til 1. september 2009.

Eftir það greiðir þú áskriftargjald samkvæmt verðskrá.

Komdu við í næstu verslun Símans og náðu þér í 3G netlykil fyrir sumarið

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM38031






HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

STYRKIR TIL NÁMS

Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir umsóknum um styrki til náms við skólann.

NÝNEMASTYRKIR Í MEISTARANÁMI
Háskólinn í Reykjavík veitir afburðanemendum sem hefja meistaranám, styrk á fyrstu önn þeirra við skólann. Meistaranámsstyrkurinn nemur skólagjöldum á fyrstu önn námsins. Styrkurinn er eingöngu veittur nemendum sem hefja nám á haustönn.

NÝNEMASTYRKIR Í GRUNNNÁMI
Háskólinn í Reykjavík veitir afburðanemendum nýnemastyrki á fyrstu önn þeirra við skólann. Styrkurinn nemur skólagjöldum á fyrstu önn námsins. Allir nýnemar sem sækja um skólavist og eru með yfir 8,0 í meðaleinkunn á stúdentsprófi geta sótt um styrkinn.

FORSETALISTI HR
Þeir nemendur sem bestum árangri ná á hverju prófímabili eiga kost á að komast á forsetalista og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld.

STYRKIR FYRIR MEISTARANEMA Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD
Nemendur í meistaranámi við tækni- og verkfræðideild geta sótt um aðstoðarkennarastyrki. Einnig eru í boði styrkir vegna vinnu við lokaverkefni.

STYRKIR TIL NEMENDA Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD
Nemendur í tækni- og verkfræðideild og tölvunarfræðideild geta sótt um styrk í námssjóð Sameinaðra verktaka við Háskólann í Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til 1. júní 2009.**
**Sjá nánari upplýsingar á www.hr.is/styrkir**

WWW.HR.IS



Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið


Forsvarsmenn flugfélaganna segja mælingu Hagstofunnar skakka:

# Kannast ekki við hækkunina

**NEYTENDUR** Forsvarsmenn flugfélaganna kannast ekki við þá miklu hækkun á fargjöldum til útlanda sem Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir. Í mælingu hennar á vísitölu neysluverðs í maí, kemur fram að fargjöldin hafi hækkað um 22,6 prósent frá því í apríl. Það hafi haft áhrif á hækkun vísitölunnar.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segist ekki kannast við þessar hækkanir hjá félaginu. „Fargjöldin hjá okkur hafa þróast lítillega í takt við gengi krónunnar og það hefur ekki breyst dramatískt á milli mánaða.“

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir að flugfargjöld hafi hækkað eitthvað hjá fyrirtækinu, en ekkert í líkingu við það sem segir í mælingu Hagstofunnar. Hann segir líklegast að inni í mælingunni séu pakkaferðir frá ferðaskrifstofum á sólarstrandir. Þau fargjöld séu hærri en almenn fargjöld og geti því skekkt myndina.



**UTANLANDSFLUG** Hagstofa Íslands segir flugfargjöld til útlanda hafa hækkað um 22,6 prósent á milli mánaða.

Matthías segir mesta söluna í þeim ferðum vera í maí og júní og því gæti orðið hækkun aftur í júní. Það eigi þó ekki við almenn fargjöld, í raun hafi orðið raunlækkun á þeim þegar tekið er tillit til gengisþróunar.

**- kóp**

# Hryðjuverkalöggjöf þarf strangt aðhald

**Sérfræðingar á ráðstefnu um hryðjuverkavarnalög og fjölmiðla harma að beiting breskra stjórnvalda á slíkri löggjöf gegn íslenskum fjármálastofnunum skuli ekki hafa komið fyrir dóm. Aðeins þannig hefðu röksemdirnar komið skýrt fram.**

**HRYÐJUVERKALÖG** Það er miður að deilan um lögmæti þess að bresk stjórnvöld beittu hryðjuverkavarnalögum til að frysta eignir íslenskra fjármálastofnana í október skuli ekki hafa farið fyrir dómstóla. Þá hefði getað orðið gott tækifæri til að fara í saumana á lögmæti þessarar umdeildu löggjafar og beitingu hennar.

Þetta er álit sérfræðinga sem töluðu á ráðstefnu um hryðjuverkalög og fjölmiðla sem haldin var á Hilton Hótel Nordica í gær í tengslum við ráðherrafund Evrópuráðsins sem fram fer á sama stað í dag og á morgun.

Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, vakti athygli á málinu í umræðum á ráðstefnunni. Í samtali við Fréttablaðið segir hann að „sagan kennir okkur, að þar sem hryðjuverkalög hafa verið sett (...), þá hefur verið tilhneiging hjá ríkisstjórnum til þess að halda slíkri löggjöf í gildi lengur en kannski nauðsynlegt er og beita henni á aðrar aðstæður en hún var upprunalega hugsuð fyrir.“

Davíð Þór segir þetta „vekja þá spurningu hvort beiting Breta á hryðjuverkalöggjöfinni sé dæmi um slíkt. Til að svara þessu hefði verið mjög heppilegt að fá skýrar upp á borðið hinar lögfræðilegu röksemdir fyrir því að beita löggjöfinni og hugsanlega rökunum gegn því“. Davíð bætir við að hættan sé alltaf sú, ef mál fer í „diplómatískan farveg“, að þessi lögfræðilegu rök „falli í annað sætið“.

Peter Noorlander, talsmaður breskra samtaka sem helga sig lögfræðivernd blaðamanna (Media Legal Defence Initiative), er sama sinnis, en hann var einn frummælenda á ráðstefnunni í gær. Noorlander bendir á, að þessi lög sem bresk stjórnvöld beittu gegn Íslendingum eru lög sem sett voru árið 2001. Ný hryðjuverkavarnalög hafi verið sett í Bretlandi árið 2004, 2006 og 2008. Öll séu þau til þess fallin að þrengja að réttindum og frelsi borgaranna.

Noorlander segir þá gagnrýni vissulega réttmæta að þessi löggjöf, sem opinberlega er ætluð til að bæta öryggi borgaranna, sé síðan notuð í öðrum tilgangi en upprunalega var skilningur manna almennt. En að hans mati viti þeir sem setji þessi lög mætavel að hægt sé að nota svona lög í öðru samhengi. „Þetta er pólitískur leikur,“ segir hann.

Slæmt sé hve opinbert aðhald með slíkri lagasetningu og framfylgd þeirra er minni en almennt gildir um refsilöggjöf. „Það er virkilega þörf á því að farið sé opinberlega í saumana á svona löggjöf,“ segir hann. Dómsmál um beitingu hryðjuverkalaganna frá 2001 gegn íslensku bönkunum hefði að hans mati verið kærkomið tækifæri til þess.

**audunn@frettabladid.is**



**ÞRENGT AÐ RÉTTINDUM?** Pallborðsumræður á ráðstefnunni í gær. Lengst t.h. situr Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


HEIÐMÖRK
kápa

VATNSHELT
Verð: 24.800 kr.
Heiðmörk er vatns- og vindheld kápa með þægilegri hettu, saumlausum öxlum og háum kraga.
66°

RÁN
hlífðarfatnaður á krakka

VINDHELT
VATNSHELT
Verð jakki: 12.800 kr.
Verð buxur: 7.200 kr.
Rán er hlýr vatnsfráhrindandi og vindheldur hlífðarfatnaður á krakkana. Bæði jakkinn og buxurnar eru flísfóðraðar.
66°

STÍGVEL

VATNSHELT
Verð: 3.900 kr.
Gúmmístígvél á alla krakka. Stígvélin fást í stærðum 19-34 í svörtu og rauðu.
66°

Lögregla leitar leigubílstjóra:

# Nauðgað eftir leigubílsferð

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan lýsir eftir tveimur leigubílstjórum sem óku meintum nauðgara í og úr Hafnarfirði að morgni uppstigningardags. Fyrri bílstjórinn ók manninum ásamt þolandanum úr miðbæ Reykjavíkur um klukkan 5.40 að morgni og í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði. Sá síðari er talinn hafa ekið manninum í bæinn aftur úr nágrenni Kaplakrika um sjöleytið.

Maðurinn, sem er portúgalskur en hefur búið hér um nokkurt skeið, hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram til föstudags. Átta nauðganir hafa verið kærðar í mánuðinum eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. - sh



**SKÝRSLAN** Unnið var í níu ár að rannsókn á ofbeldi gegn börnum í írskum kirkjuskólum. NORDICPHOTOS/AFP

Erkibiskupinn í Dyflinni:

# Krefur kirkjuskóla um bætur

**ÍRLAND, AP** Diarmuid Martin, erkibiskup í Dyflinni, beindi á mánudag harkalegri gagnrýni að þeim stofnunum kaþólsku kirkjunnar á Írlandi, sem leyndu í áratugi sök sinni á níðingshætti gagnvart skólabörnum í umsjá þeirra. Stofnanirnar yrðu að hans mati að sjá sóma sinn í að leggja fram meira fé í miskabótasjóð fórnarlamba ofbeldisins.

Ummæli erkibiskupsins eru þau afdráttarlausustu sem hafa komið fram frá áhrifamönnum kirkjunnar síðan lokaskýrsla rannsóknarnefndar á brotum gegn börnum í umsjá uppeldisstofnana kirkjunnar á tímabilinu frá um 1930 var birt í síðustu viku. - aa

Sveitarfélög að sligast:

# Bæjarráð vill vaxtalækkun

**SVEITARSTJÓRNIR** „Víða í samfélaginu blasa við fjöldauppsagnir og gjaldþrot fyrirtækja verði ekkert að gert,“ segir bæjarráð Akraness sem vill að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir lækkun vaxta lána hjá Lánasjóði sveitarfélaga og að lánstími verði lengdur.



KAREN JÓNSDÓTTIR

Þá krefst bæjarráðið þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir verulegri lækkun stýrivaxta og að vaxtamunur í samanburði við helstu viðskiptalönd Íslands lækki verulega. Ríkisbönkum og fjármálastofnunum verði gert skylt að leysa úr bráðavanda sveitarfélaganna, meðal annars með lengingu lána. - gar


# Meistaradagur
## Verkfræði og tölvunarfræði
fimmtudaginn 28. maí 13.00–18.00 í VRII, Hjarðarhaga 2–6

www.verkognatt.hi.is

**Dagskrá:**

13.00–13.10 **Sameiginlegur fundur í stofu 158**
Setning, Magnús Þór Jónsson, formaður Verkfræðistofnunar HÍ

13.15–17.00 **Meistaravarnir og kynning á meistaraverkefnum**

| | Meistaravarnir (stofa 158) Árangur viðhalds | Meistaravarnir (stofa 157) Líkanagerð og sérstaða álvera | Meistaravarnir (stofa 156) Hreyfifræði- og mælitækni |
|---|---|---|---|
| 13.15 | **Mulugeta Asaye Adale** Evaluation of Maintenance Management through Benchmarking in Geothermal Power Plants | **Viktoría Jensdóttir** Líkanagerð og ákvörðun um besta líkan í steypuskála álvers | **Stefán Páll Sigurþórsson** Use of acceleration- and gyro sensors for gait phase detection in a prosthetic knee |
| | Meistaravarnir Háhitaborholur og líkanagerð | | Meistaravarnir Lærdómur, nytsemi og árangur |
| 14.15 | **Lilja Magnúsdóttir** Nonlinear Finite Element Model of a Geothermal Well | **Helena Sigurðardóttir** Sérstaða íslenskra álvera | **Kjartan Akil Jónsson** 3D framework for machine learning |
| | | Meistaravarnir Auðlindir og bestun | |
| 15.15 | **Gunnar Skúlason Kaldal** Nonlinear Buckling Analysis of a Production Casing in a Geothermal Well due to Expansion of Enclosed Water | **Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir** Life cycle assessment of Icelandic cod product based on two different fishing methods – Environmental impacts from fisheries | **Sigurður Fjalar Sigurðarson** Success factors in project management: An ethical perspective |
| | Kynning á meistaraverkefni | | |
| 16.15 | **Óskar Halldórsson** "Vertical Handover" between 2nd and 4th Generation Mobile Networks | **Stefán Pétursson** Predicting Optimal Trim Configuration of Marine Vessels with Respect to Fuel Usage | **Trausti Þorgeirsson** Nytsemisprófanir í höndum notenda |

17.00–18.00 **Léttar veitingar og spjall**

**Allir velkomnir**

VERKFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 094721



LYFJA – Lífið heil



15% verðlækkun+
LAMISIL ONCE



15% verðlækkun+
NICOTINELL Mintutyggjó

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út maí 2009



**ROHS MINNST** Baek Jong-woong, íklæddur hefðbundnum jarðarfararklæðum, sorgbitinn við opinbera útför Roh Moo-yun, fyrrverandi forseta Suður-Kóreu, í heimabæ hans Gimhae í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norður-Kóreustjórn bætir á spennuna eftir kjarnorkutilraunasprengingu:

# Hótanir uppi um átök á sjó

**KÓREA, AP** Norður-kóresk yfirvöld hótuðu að ráðast á bandarísk og suður-kóresk herskip sem eru saman komin til heræfinga utan við lögsögu Norður-Kóreu. Þannig bættist hættan á sjóhernaðarátökum við þá miklu spennu sem upp er komin vegna deilunnar um kjarnorkutilraunasprengingu Norður-Kóreumanna fyrr í vikunni.

Kommúnistastjórnin í Pyongyang brást reiðilega við ákvörðun stjórnvalda í Seúl um að taka þátt í fjölþjóðlegu verkefni um að stöðva skip sem grunur leikur á að flytji gögn sem falli undir ólöglega útbreiðslu kjarnorkuvígbúnaðartækni. Í tilkynningu segir að Norður-Kóreustjórn – að nafninu til er tilkynningin send út í nafni „Nefndar um friðsamlega sameiningu Kóreu“ – líti á ákvörðunina sem jafngildi stríðsyfirlýsingar. Ákvörðun Suður-Kóreustjórnar sé tekin þegar „hernaðarlegar ögranir eru að komast á hættulegt stig og það er stöðug hætta á að til átaka komi,“ segir í tilkynningunni.

Talsmenn suður-kóreska hersins svöruðu fullum hálsi í gær; herinn væri viðbúinn því að „svara af krafti“ hvers konar ögrun af hálfu Norður-Kóreumanna.

- aa



**SPENNA** Norður-kóreskur hermaður við öllu búinn við landamærin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

# Áfram verði ókeypis í strætó

**SAMGÖNGUR Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir því að ríkið styðji við rekstur Strætó bs. svo áfram verði hægt að bjóða námsmönnum ókeypis ferðir.**

**Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu stendur til að hætta að bjóða námsmönnum ókeypis ferðir, en niðurgreiða í staðinn ferðir námsmanna.**

**Stúdentaráð minnir á að markmiðið með gjaldfrjálsum ferðum hafi verið að minnka umferð einkabíla í borginni, og auka notkun ungs fólks á almenningssamgöngum, með sparnaði fyrir stúdenta og samfélagið í heild.**

- bj

Bifreiðaumboð lækkaði verð:

# Seldi 90 nýja bíla á 2 dögum

**VIÐSKIPTI** „Ég man ekki eftir öðru eins í langan tíma,“ segir Loftur Ágústsson hjá bifreiðaumboði IH og B&L, sem seldi um níutíu nýja bíla á mánudag og þriðjudag.

Umboðið birti auglýsingu í Fréttablaðinu á mánudag um að elstu nýju bílarnir, 8 til 14 mánaða gamlir, yrðu seldir á verulega lækkuðu verði. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Upphaflega ætluðum við að bjóða um áttatíu bíla en bættum nokkrum við. Sá síðasti var seldur á þriðjudag.“

Lognmolla hefur verið í bílaviðskiptum undanfarin misseri. Loftur segir að umboðið hafi staðið frammi fyrir tveimur kostum: annað hvort að selja bílana til útlanda eða hér á Íslandi á lækkuðu verði. Þeir hafi valið seinni kostinn því hann hafi verið þjóðhagslega hagkvæmari vegna margfeldisáhrifa.

- bs

Ráðherra skipar starfshóp um ríkisútvarpið:

# Hlutverk RÚV tekið til skoðunar

**MENNING** Menntamálaráðherra hefur skipað starfshóp til að skoða hlutverk almannaútvarps í þjóðfélaginu. Niðurstaða hópsins verður lögð til grundvallar þegar kemur að gerð nýs þjónustusamnings við Ríkisútvarpið.

Formaður hópsins verður Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður menntamálaráðherra. Hann segir að öllum steinum verði velt við og allt verði upp á borðinu með mögulegt hlutverk RÚV.

„Við munum skoða þetta í stóru samhengi, hvert hlutverk almannaútvarps er og hvað það á að gera og hvernig það fellur að öðrum hlutum fjölmiðlalandslagsins. Útvarp var gefið frjálst árið 1984 og í sjálfu sér hefur staða Ríkisútvarpsins ekkert breyst, utan að það hefur verið gert að opinberu hlutafélagi.“

Sigtryggur segir umræðu af þessu tagi hafa skort; menn hafi verið of fastir í að ræða aðkomu RÚV að auglýsingamarkaðnum. Nú eigi að ræða hvernig ríkisútvarpið á að vera.

Auk Sigtryggs sitja í hópnum Laufey Guðjónsdóttir frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, Sigríður Árnadóttir fyrrum fréttamaður, Þorbjörn Broddason prófessor, Ágúst Þór Árnason aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, Hallmar Sigurðsson sem var yfir Útvarpsleikhúsinu og Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur.

- kóp



**NORÐMENN GEFI RÁÐ** Þeir hafa reynslu af samningaviðræðum við Evrópusambandið og geta gefið Íslendinum ráð að mati ráðamanna.

# Leita ráða hjá Noregi í fiskveiðimálum

**Formaður utanríkismálanefndar vill náið samstarf við Norðmenn í sjávarútvegsmálum vegna aðildarviðræðna við ESB. Umhverfisráðherra Noregs segir Íslendinga biðja Norðmenn um ráð. Ekki ljóst með hvaða hætti þetta verður.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslendingar hafa óskað eftir nánu samstarfi við Norðmenn í sjávarútvegsmálum fyrir samningaviðræðurnar um aðild að ESB. Erik Solheim, umhverfisráðherra Noregs, segir í norska dagblaðinu Firdaposten að Íslendingar hafi beinlínis beðið Norðmenn um ráð í ESB-málum. „Þeir óska eftir þéttu sambandi við Noreg til að læra af reynslu okkar af ESB-samningaviðræðunum 1992 og 1993,“ segir Solheim.

Solheim hitti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, aðra ráðherra og ýmsa alþingismenn þegar hann var á ferð hér á landi í vikunni. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, óskaði eftir samstarfi við Norðmenn. „Ég viðraði við hann hvort við gætum haft aðgang að einhverjum sem voru vel heima í viðræðuferli Norðmanna á sínum tíma og þekktu vel til hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig eða hefðu gengið fyrir þá og hvað þeir hefðu fengið út úr því.“

Árni Þór segir Vinstri græn hafa átt ágætan fund með Solheim. „Við reifuðum þessi mál og þá kom meðal annars upp þessi hugmynd að reyna að nýta þeirra þekkingu og reynslu. Hann tók því mjög vel. Það er hins vegar ekki búið að fastnegla það eða með hvaða hætti það verður,“ segir hann.

Á fundi Össurar og Solheims segist Össur hafa rætt þær breytingar sem nú stæðu yfir á sjávarútvegsstefnu ESB. ESB-þjóðirnar hafi farið illa með sína fiskistofna enda séu 80-90 prósent af þessum stofnum ofveiddir. Íslendingar og Norðmenn hafi hins vegar náð töluverðum árangri við stjórn fiskveiða.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**ERIK SOLHEIM**

„Norðmenn hafa mikla reynslu af að semja við ESB. Þeir náðu á sínum tíma samningum sem voru ekki nógu góðir. Við höfum nú þegar leitað ráða hjá Norðmönnum, til dæmis í samtali mínu við Thorvald Stoltenberg sem var aðalmaðurinn í viðræðum Norðmanna á sínum tíma,“ segir Össur og telur Íslendinga eiga að hafa samráð við fleiri þjóðir.

Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Norðmanna, segir að allt sé hægt en kveðst ekki viss um að samstarf Íslendinga og Norðmanna gangi upp á þessu sviði. Gangi Íslendingar í ESB skapi það vandamál fyrir Norðmenn í sjávarútvegsmálum. Innganga Íslands verði jákvæð fyrir sjávarútvegsstefnu ESB. „Mín reynsla er sú að sjávarútvegsmál hafi ekki fært þessar tvær þjóðir saman, frekar þvert á móti.“

ghs@frettabladid.is





ALÞJÓÐLEG SÝN – FRAMSÆKIÐ FÓLK – SKAPANDI UMHVERFI

VERTU KLÁR!

Nýir tímar kalla á nýja sýn - gagnrýna hugsun, sköpunarkraft og samskiptaleikni. Það er einmitt þetta sem starfsemi Háskólans í Reykjavík grundvallast á og endurspeglast í rannsóknum, kennsluaðferðum og menningu skólans.

Viðskiptadeild HR býður fjölbreyttar námsleiðir. Markmiðið er að útskrifaðir nemendur verði gerendur, greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði er náð með jafnvægi á milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu. Menntun viðskiptafræðinga veitir þeim tækifæri til að starfa á mjög breiðum vettvangi. Kennarar við deildina hafa fjölbreyttan bakgrunn – eru akademískir, hafa djúpar rætur í atvinnulífi og koma frá nokkrum af bestu háskólum í heiminum.

• BSc Í VIÐSKIPTAFRÆÐI
 - DAGSKÓLI
 - HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU (HMV)
• MSc Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM
• MSc Í EVRÓPUFRÆÐUM (Í SAMVINNU VIÐ LAGADEILD HR)
• MSc Í FJÁRFESTINGARSTJÓRNUN (MSIM)
• MSc Í FJÁRMÁLUM FYRIRTÆKJA
• MSc Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN:
 - ÁHERSLA Á ENDURSKOÐUN
 - ÁHERSLA Á STJÓRNUN REIKNINGSSKILA
• MBA NÁM

Umsóknarfrestur er til 31. maí

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




# Eitt mest selda rúm landsins!



## Tempur Pedic

### Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum. Þar af leiðandi helst blóðstreymi óheft og stirðleiki og verkir láta ekki á sér kræla.

**Tempur heilsurúm 180/200 cm**

**Tilboð**
Nú aðeins !
**230.320,-**

Verð áður !
**287.900,-**

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

TEMPUR®

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1359
K.S FROSIÐ LÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
2698
K.S FERSKT LAMBA-INNRALÆRI
2698 kr./kg.
1078
1798
K.S FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
1298
898
BÓNUS GRILL GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
898 kr./kg.
BÓNUS KRYDDAÐ LAMBALÆRI 1298 kr./kg.
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI 1078 kr./kg.
1359
K.S FROSINN HRYGGUR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
FERSKT EÐA FROSIÐ
2698
K.S LAMBAFILLET
FERSKT EÐA FROSIÐ 2698 kr./kg
898
BÓNUS GRILL GRÍSAKÓTILETTUR
898 kr./kg.
NÝ BAKAÐ
179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g 179 kr.
198
BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK 198 kr.
198
BÓNUS MJÚKAR KRINGLU
4 STK 198 kr.
69
GRILLSÓSUR
CAP-P GRILLOLÍA 500ml
398 kr.
HUNTS BBQ SÓSUR 612ml
187 kr.
PEPSI & PEPSI MAX-APPELSÍN Í DÓS 500 ML 69 kr
498
KJÖRÍS MJÚKÍS 2 LTR.
498 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
598
ALI FERSKUR HEILL KJÚLINGUR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 998 KR. 598 kr./kg.
298
DILETTO KAFFI 400g 298 kr.
DILETTO KAFFIBAUNIR 400g 298 kr.
139
BÓNUS HRÁSALAT 350 GR
139 kr.
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSK KJÚKLINGALÆRI
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 898 KR. 539 kr./kg.
259
BÓNUS ÍS 2 LTR. 259 kr.
198
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR
270ml 198 kr.
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 898 KR. 539 kr./kg.
MEÐ PIRI-PRIRI KRYDDI 1598 kr./kg.
1679
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 1679 kr./kg.
129
129 kr. 2 ltr.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
129
129 kr. 2 ltr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



**HORFT YFIR HEIMINN** Gíraffakálfur teygir höfuðið upp á milli fullorðinna frænda sinna í dýragarði í Gelsenkirchen í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður viðskiptanefndar segir ríkisbankana fara sínu fram á sjálfsstýringu:

# Vill auglýsa eftir bankastjórum

**EFNAHAGSMÁL** Formaður viðskiptanefndar, Álfheiður Ingadóttir, krefst þess að auglýstar verði stöður bankastjóra og lykilstarfsmanna nýju bankanna og að mótuð verði eigendastefna gagnvart bönkunum. Ekki sé hægt að láta bankakerfið „rúlla á sjálfstýringu viku eftir viku“.

Á meðan þingið fjalli um að setja á stofn eignaumsýslufélag til að taka á vanda stærstu fyrirtækja og hvorki gangi né reki í því séu bankarnir að stofna eignaumsýslufélög án nokkurs gagnsæis og í skjóli bankaleyndar.

Álfheiður vill ekki ræða sérstaklega um nýlega ráðningu Steinþórs Baldurssonar sem framkvæmdastjóra Vestia, eignarhaldsfélags Landsbankans, en hann mun áður hafa verið yfir Icesave-reikningunum. Þar hafi bankarnir verið á sjálfstýringu eins og í öðru. Eina leiðin til að auka traust á bankakerfinu sé að ráða að nýju í stöðurnar. „Menn segja að það þurfi að ganga frá efnahagsreikningi nýju bankanna fyrst. Ég tel þá skýringu ekki gilda lengur, þegar það dregst mánuð eftir mánuð,“ segir Álfheiður.

„Það er í stjórnarsáttmálanum að auglýsa skuli eftir þessu fólki og maður hlýtur að krefjast þess að staðið verði við það,“ segir hún. **- kóþ**



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR** Formaður viðskiptanefndar krefst þess að staðið verði við stjórnarsáttmálann, svo auka megi traust á bönkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afmæli Múlalundar:

## Nýjung á markaðinn

**AFMÆLI** Múlalundur, vinnustofa SÍBS, fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í dag.

Opið hús verður í tilefni dagsins að húsakynnum Múlalundar í Hátúni 10c milli 14 og 16. Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og öðrum heiðursgestum verður veitt eintak úr nýrri framleiðslulínu Múlalundar.

Nýju vörulínunni, sem er nýjung á íslenskum markaði, er ætlað að bæta aðstöðu við lestur námsbóka samhliða tölvuvinnu.

Það eru Nematorg og Múlalundur sem standa að þessari nýju vörulínu sem kemur á almennan markað núna í haust. **- hds**

Lögregla handtekur tvo:

## Fann sjö kíló af kannabisi

**LÖGREGLUMÁL Lögregla fann þrjú kíló af marijúana og fjögur kíló af hassi í íbúð í Engihjalla í fyrrakvöld. Efnið hafði verið ræktað í íbúðinni en engar plöntur í rækt voru á staðnum. Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir. Annar hefur komið nokkuð við sögu lögreglu áður, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar. Í íbúðinni fundust einnig á þriðja hundrað þúsund krónur, sem talið er að séu ágóði af fíkniefnasölu. - sh**

**SLÖKKVILIÐ**

### Eldur í gasgrilli á svölum

Eldur kom upp í gasgrilli á svölum í Suðurhólum í gær. Nokkur hætta skapaðist þar sem svalirnar voru yfirbyggðar, en slökkviliðið slökkti eldinn og reykræsti íbúðina.

Hópur áhugafólks um trúmál undir forystu ráðuneytisstjóra vill táknræn friðarskilaboð á felli við Vífilsstaði:

# Vilja reisa kapellu á rústum skotvirkis

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta gætu verið táknræn skilaboð frá herlausri þjóð til umheimsins,“ skrifar Grétar Már Sigurðsson í bréfi til bæjaryfirvalda í Garðabæ fyrir hönd fólks sem vill reisa kapellu á fjallinu Gunnhildi ofan við Vífilsstaði.

Í bréfi Grétars, sem er ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, kemur fram að kapellan yrði byggð á rústum skotvirkis frá því í síðari heimsstyrjöldinni. Þannig yrði friður á táknrænan hátt byggður á rústum ófriðar.

Að sögn Grétars myndi kapellan fela í sér varðveislu minninga tengdum Vífilsstaðaspítala. Algengt hafi verið að berklasjúklingar þaðan gengju sér til heilsubótar á fjallið.

„Yfirlæknir spítalans, Helgi Ingvarsson, gekk til dæmis reglulega á fjallið.

Á tímabili var hann með blæðandi lungnaberkla og hann trúði því að þegar sá dagur kæmi að hann gæti gengið upp fjallið án þess að spýta blóði, þá myndi hann læknast. Þegar sú stund rann upp þakkaði hann almættinu lífgjöfina,“ segir í erindi Grétars.

„Við sögðumst við fyrstu sýn vera mjög jákvæð gagnvart þessari hugmynd. Við beindum því til skipulagsráðgjafa, sem er að vinna að deiliskipulagi Heiðmerkur, að skoða þetta mál frekar,“ segir Stefán Konráðsson, formaður skipulagsnefndar Garðabæjar sem tók fyrir erindi Grétars Más í gær. **- gar**



**VÍFILSSTAÐIR OG GUNNHILDUR** Bretar reistu byssuvirki á fellinu ofan við Vífilsstaði og kölluðu Gun Hill. Sagan segir að í munnum Íslendinga hafi það fljótlega orðið að nafninu Gunnhildi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

Við höfum tekið til starfa í nýju útibúi MP Banka að Borgartúni 26. Þar starfar samstilltur hópur með langa reynslu af því að veita framúrskarandi og faglega bankaþjónustu. Við þökkum frábærar móttökur við opnun útibúsins og netbankans og hvetjum þig til að kynna þér þjónustuframboðið hjá MP Banka.

Starfsfólk útibús MP Banka Borgartúni.

MP BANKI

Borgartúni 26 Þjónustusími: 540 3200
thjonusta@mp.is www.mp.is




Komdu heim með góðar minningar úr fríinu.

Vertu klár í að ferðast og hreyfa þig í sumar. Láttu ekki frjókorn í loftinu koma í veg fyrir að þú njótir útiverunnar. Búðu þig vel undir ferðalagið og alls ekki láta sólina koma þér í koll. Rétti áburðurinn getur forðað þér frá sársaukafullum bruna og veitir þér nauðsynlega vörn gegn óæskilegum geislum sólarinnar. Lifðu lífinu í góða veðrinu.

**438 kr.+**
10 stk.

**1154 kr.+**
30 stk.



+ **LÓRITÍN** ofnæmislyf.

**20%**
**kynningarafsláttur**

+ **EUCERIN** er afbragðs sólarvörn fyrir alla, án lita eða ilmefna.

+ Gildir dagana 28. maí - 4. júní.



Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## „ORÐRÉTT“

### *Bíddu mín*

**„Þetta er liður í sparnaði og til bráðabirgða. En ég myndi gagnrýna þetta, væri ákvörðunin varanleg.“**

EINAR K. GUÐFINNSSON UM ÞÁ ÁKVÖRÐUN AÐ LEGGJA NIÐUR AÐSTOÐARMENN LANDSBYGGÐARÞINGMANNA.

**Fréttablaðið, 27. maí.**

### *Keppir ekki í listum*

**„Auðvitað er ég ánægður með að fá þessi verðlaun, þó ég taki venjulega ekki þátt í sýningum með samkeppnissjónarmið í huga.“**

KRISTJÁN GUÐMUNDSSON MYNDLISTARMAÐUR, SEM HLAUT HIN EFTRSÓTTU CARNEGIE-VERÐLAUN.

**Fréttablaðið, 27. maí.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐMUNDUR INGI GUÐBRANDSSON

## *Skemmtilegasti tími ársins*



„Ég er mjög uppveðraður af ágengum, framandi tegundum en það efni hefur átt hug minn í nokkur ár,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður Félags umhverfisfræðinga. „Við vorum nýlega með morgunverðarfund á vegum umhverfisráðuneytisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar var rætt um ágengar framandi tegundir en það eru tegundir sem berast milli landa og koma inn á svæði þar sem þær eru ekki landlægar. Á þessu svæði valda þær skaða á vistkerfinu og jafnvel efnahag og samfélagi. Þetta er atriði sem hefur hlotið allt of litla athygli á Íslandi en er eitt stærsta vandamálið varðandi útrýmingu tegunda í heiminum. Það er stór ógn við líffræðilegan fjölbreytileika.“

Guðmundur Ingi segir að upp sé runninn sá skemmtilegi tími ársins þegar fólk fari út í náttúruna. Sjálfur lætur hann ekki sitt eftir liggja. „Ég starfa að vistfræðirannsóknum og um helgina fórum við út nokkur saman sem erum að vinna að nýju verkefni, sem er áhrif loftslagsbreytinga á plöntur. Þetta er langtímaverkefni og við byrjum að setja upp tilraunir með þetta þannig að ég er að fara að taka út stígvélin og regngallann og einstaka sinnum set ég á mig sólarvörn á skallablettina. Nú ætla ég að bretta upp ermarnar,“ segir hann.

„Til viðbótar þessu sæki ég afmælisveislur í fjölskyldunni og sitthvað skemmtilegt.“

## HVÍTASUNNA

### HEILAGUR ANDI KOM



■ Hvítasunnudagur var í eina tíð kallaður fimmtugasti dagurinn þar sem hann ber að fimmtíu dögum eftir páska. En í huga kristinna manna í dag er þetta minningardagur um það þegar lærisveinarnir fengu í sig heilagan anda og fóru að tala tungum. Heilagur andi er síðasti þátturinn í heilagri þrenningu; eftir Guði föður og Jesú Kristi. Jesú hafði sagt lærisveinum sínum að þeim myndi berast „hjálpari“ sem reyndist vera heilagur andi, kom á hvítasunnudag.

## SJÓNARHÓLL

### FÆKKUN HÁSKÓLA



**SNORRI MÁR SKÚLASON** Deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar ASÍ.

### *Of margir háskólar á Íslandi*

„Já, ég get alveg fallist á þau rök að það séu of margir sjálfstæðir háskólar á Íslandi. Ég held að það sé rétt að fækka skólunum þó að einingarnar starfi áfram og tel í raun mjög mikilvægt að þær verði til áfram. Í þeim efnahagshremmingum sem við erum í núna verður einfaldlega að hagræða. Þannig væri hægt að spara töluverða peninga með því að minnka yfirbyggingu minni skólanna og sameina þá stærri skólum eins og þegar KHÍ varð hluti af Háskóla Íslands,“ segir Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar ASÍ, um mögulega fækkun háskólanna úr sjö í tvo. „Mér finnst mikilvægt að háskólarnir úti á landi haldi áfram starfsemi þó að þeir missi fyrra sjálfstæði. Þeir eru gríðarlega mikilvægir út frá byggðarfarslegu sjónarmiði. En sem sagt nýir tímar kalla á nýja hugsun.Nú verður að leita allra leiða til að hagræða þannig að það komi sem minnst niður á þjónustunni. Það er óvíða mikilvægara en á menntasviðinu.“

# Húfur frá öllum heimshornum

**Yfirlögregluþjónn í Borgarnesi hefur sankað að sér um fjörutíu lögregluhúfum víðs vegar að. Hann sagði blaðamanni frá fyrsta lögreglumanni Borgnesinga, en húfan hans er á safninu, og frá sínum fyrsta degi í lögreglubúningi.**



**MEÐ HÚFUNA HANS GESTS** Tískan í höfuðfatnaði lögreglunnar er eiginlega komin í hring þannig að húfa Theódórs er áþekk þeirri sem Gestur, fyrsti lögregluþjónninn í Borgarnesi, bar hér á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

„Þessa bar Gestur Kristjánsson á stríðsárunum en hann var okkar fyrsti lögreglumaður hér í Borgarnesi,“ segir Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn þar í bæ, meðan hann handfjatlar eina af þeim fjörutíu lögregluhúfum sem eru á safninu sem hann hefur komið upp á stöðinni. „Hún er nú ekki svo ólík þeim sem við berum í dag þannig að við erum eiginlega komnir hringinn.“

En hverri húfu fylgir saga enda var verkefni Gests þessa ekkert lítið, hann stóð vaktina á stríðsárunum ásamt einum öðrum lögreglumanni. Það var í mörg horn að líta en þá bjuggu milli þrjú og fjögur hundruð manns í Borgarnesi en síðan voru milli fimmtán hundruð og tvö þúsund hermenn í Borgarfirði. Þetta var því heljarinnar umdæmi.

„Þessi er síðan komin lengst að, hún er frá Indónesíu,“ segir hann og tekur aðra niður úr hillunni. Engum sögum fer hins vegar af þeim sem hana hafði á kolli. En ekki er Theodór að flíka öllum trompunum því inni á skrifstofu hans er hjálmur sem varði höfuð lögreglumanns í NATO-óeirðunum á Austurvelli árið 1949. Líklega hefur yfirlögregluþjónninn óskað sér þess mörgum sinnum að hjálmur sá hefði mál.

Húfusafnið er á annarri hæð lögreglustöðvarinnar svo ekki eru þeir margir sem sjá það. Theodór segist vera að hugleiða hvort það mætti færa það niður í anddyri en þá gæti hann líka haft fleiri muni sem tengjast sögu lögreglunnar til sýnis. Hann hefur sankað húfunum og öðrum munum að sér í nær 25 ár en ekki eru húfurnar allar í hans eigu.

Theodór hefur lengi haft áhuga á slíkum munum. „Ég man til dæmis þegar ég tók mína fyrstu vakt sem héraðslögregluþjónn 17. júní árið 1977,“ rifjar hann upp. „Þegar fólk sá mig á dansleiknum héldu einhverjir að ég hefði brugðið mér í lögreglubúninginn mér til gamans og báðu mig um að taka hring um salinn svo allir gætu orðið vitni að þessari uppátækjasemi. Mér var hins vegar fúlasta alvara.“ Hafi einhver misst af Theodóri í búningnum á ballinu þarf sá hinn sami ekki að óttast, hann hefur verið í svona búningi meira og minna allar götur síðan 1978 þegar hann var fastráðinn. Það gefast því næg tækifæri til að sjá hann í dressinu.

**jse@frettabladid.is**

### HÚFUR Á SAFNINU

- Lögregluhúfa frá 1940
- Óeirðahjálmur sem var notaður í NATO-óeirðunum
- Lögregluhúfur frá Indónesíu, Frakklandi, Bretlandi, Minnesota í Bandaríkjunum og fleiri ríkjum.

THULE SWEDEN

Ferðabox




Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Sjöundu bekkingar Landakotsskóla færa Krabbameinsfélaginu 11 þúsund krónur:

# Barist gegn reykingum

„Reyklaus bekkur“ heitir verkefni sem Lýðheilsustöð stendur fyrir en nemendur í 7. og 8. bekkjum landsins taka þátt í því. Sumir ganga þó aðeins lengra en aðrir því stúlkurnar 7. bekk Landakotsskóla útbjuggu bækling um skaðsemi reykinga og dreifðu honum til fólks. „Ekki létu þær þar við sitja heldur bökuðu þær og seldu bakkelsið úti á götu,“ segir Atli Kristinsson umsjónarkennari. Báru þær ellefu þúsund krónur úr býtum eftir söluna og runnu peningarnir til Krabbameinsfélags Íslands.

Atli segir nemendurna afar framtakssama og létu drengirnir ekki sitt eftir liggja. „Þeir eru að búa til heimildarmynd um þetta allt saman,“ segir hann. „Þeir fylgdust með stelpunum þegar þær voru með mótmæli gegn reykingum á Laugaveginum og svo tóku þeir viðtöl við móður einnar stúlkunnar og síðan við Þorgrím Þráinsson sem alltaf er tengdur við þetta verkefni.“ **- jse**



**VIÐ SÖLU- OG FRÆÐSLUSTÖRF** Stefanía Katrín J. Finnsdóttir, Salka Hauksdóttir, Eva Hauksdóttir, Kristín Helga Kristinsdóttir og Elísabet Lea Gunnarsdóttir. Á myndina vantar Hildi Alexandersdóttur sem lét ekki sitt eftir liggja við sölu og kynningu.

# Einföld bankaþjónusta á netinu




## **S24 netbanki** er fyrir þá...

...sem vilja njóta **betri vaxta**

...sem vilja nýta sér **sjálfsafgreiðslu**

...sem vilja hafa fjármálin **einföld**

**Sæktu um...**

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**Sími 533 2424 – Digranesvegur 1**

**FBL-GREINING:** EVRÓPURÁÐIÐ

# Framfylgir Mannréttindasáttmála Evrópu

Ráðherrar og staðgenglar þeirra frá hinum 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins eru nú saman komnir í Reykjavík á ráðstefnu þar sem þróun fjölmiðlunar, einkum svonefndar nýmiðla, er til umfjöllunar. Í tengslum við ráðherrafundinn fór í gær fram opin ráðstefna um hryðjuverkalög og fjölmiðla.

### ■ Hvað er Evrópuráðið?

Evrópuráðið (Council of Europe á ensku – sem ekki ber að rugla saman við stofnun sem heitir European Council eða Leiðtogaráð Evrópusambandsins á íslensku) er elsta alþjóðastofnunin sem stofnuð var til að vinna kerfisbundið að auknu samstarfi Evrópuríkja, en hún var sett á fót árið 1949 og er þar með jafngömul Atlantshafsbandalaginu. Starfssvið Evrópuráðsins er fyrst og fremst á sviði lagalegra grunnreglna, mannréttinda, lýðræðisþróunar, réttarríkis og menningarlegs samstarfs. 47 lönd eiga nú aðild að ráðinu með alls um 800 milljónir íbúa.

Ólíkt Evrópusambandinu er Evrópuráðið hefðbundin milliríkjasamstarfsstofnun, með ráðherranefnd, þingmannasamkomu og framkvæmdastjóra sem fer fyrir fastaskrifstofu stofnunarinnar.

### ■ Hvað gerir Evrópuráðið?

Eingöngu ráðherranefndin hefur vald til að taka ákvarðanir fyrir hönd Evrópuráðsins, þingmannasamkoman er aðeins ráðgefandi. Sæti á henni eiga fulltrúar af þjóðþingum aðildarríkjanna. Langþekktust af undirstofnunum Evrópuráðsins er Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg. Hann hefur það hlutverk að framfylgja Mannréttindasáttmála Evrópu, sem öll aðildarríkin eru skuldbundin af. Önnur minna þekkt undirstofnun Evrópuráðsins er Lyfjastaðlanefnd Evrópu (European Pharmacopeia Commission).

Vinnutungumál Evrópuráðsins eru enska og franska. Ráðherraráðið og þingmannasamkoman starfa líka á þýsku, ítölsku og rússnesku.

### ■ Gagnrýni

Höfð hefur verið uppi sú gagnrýni á starfsemi Evrópuráðsins, að það lætur stjórnvöld í vissum aðildarríkjum (einkum Rússlandi) komast upp með að virða að vettugi ýmsar grundvallarforsendur fyrir aðild að ráðinu, einkum og sér í lagi hvað varðar virðingu fyrir ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu.



**MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU** Þekktasta undirstofnun Evrópuráðsins er Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg, sem hefur það hlutverk að úrskurða um mál sem kærendur telja brot á Mannréttindasáttmála Evrópu. Einn íslenskur dómari, Davíð Þór Björgvinsson, á nú sæti í dómstólnum.


PHILIPS

Hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu





**Hleður síma, iPod og myndavélar**

- Rafhlaðan endist í allt að 15 tíma. Hentar vel í útileguna, sumarbústaðinn og í ferðalagið. Þú stingur símanum eða iPod í samband við Power2Charge og hleður af rafhlöðunni
- 6 millistykki fyrir t.d. síma, iPod, myndavélar og önnur 5V tæki
- Snúran er í litlu handhægu kefli
- Millistykki geymd í gúmmíbandi
- Ferðapoki

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.


**FRÉTTASKÝRING:** Fjárhagsvandi sveitarfélaganna



**AÐ LEIK** Grunnskólar landsins eru stór útgjaldaliður sveitarfélaga og því hefur þeirri hugmynd verið hreyft að stytta skólaárið í sparnaðarskyni. Deilt er um áhrif slíkrar aðgerðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Er frítökuleiðin lausnin?

**Sveitarfélögin horfa fram á mikinn fjárhagsvanda í kjölfar efnahagshrunsins og hafa þess vegna gripið til fjölbreyttra sparnaðaraðgerða. Mikið vantar hins vegar upp á að endar nái saman. Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) hefur talað fyrir þeirri hugmynd að starfsmenn taki á sig tímabundna fimm prósenta launalækkun gegn frítöku.**

Staða sveitarfélaganna í landinu er grafalvarleg, var niðurstaða samráðsfundar sveitarfélaganna sem haldinn var nýverið. Skuldir hafa hrannast upp og skyldur aukist með tilheyrandi kostnaði. Á sama tíma dragast skatttekjur saman. Til að mæta gjörbreyttu rekstrarumhverfi hafa sveitarfélögin, án undantekninga að kalla, dregið saman seglin. Þau búa sig nú undir erfið ár þar sem óumflýjanlegt sýnist að þjónustustigi þeirra verði umbylt. Á samráðsfundinum kom fram að niðursveiflan verði dýpri og langvinnari en sveitarstjórnarfólk hafði gert ráð fyrir og leita verði nýrra óhefðbundinna leiða til að halda sjó – hvað þá að greiða þá 240 milljarða sem sveitarfélögin, sem eru alls 78, skulda þegar þetta er skrifað.

### Hugmynd fæðist

Hugmyndin um launalaus leyfi starfsmanna sveitarfélaganna kom fyrst fram meðal sveitarstjórnarfólks á Akureyri; en einkarekin fyrirtæki hafa mörg farið þessa leið síðan. Hún var kynnt stjórnendum 1. apríl og gekk út á að allir starfsmenn bæjarins „sem það mögulega geta" tækju sér tólf launalausa frídaga á ári. Var gert ráð fyrir að nýtt verklag tæki gildi að hluta í haust, en gilti almennt út árið 2010.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, sagði í viðtali við Fréttablaðið að hugmyndinni hefði „heilt yfir verið vel tekið" af starfsmönnum, en þó væri ljóst að hún hentaði starfsmönnum sveitarfélagsins misvel. Fleira þurfi líka að koma til áður en ákvörðun verður tekin um hvort hún verður farin: „Framgangur þessarar hugmyndar er meira og minna háður því hvað ný ríkisstjórn mun gera varðandi sveitarfélögin," sagði Sigrún.

### SÍS fóstrar hugmyndina

Samband íslenskra sveitarfélaganna hefur á undanförnum vikum reynt að vinna „fimm prósenta leiðinni" brautargengi. Halldór Halldórsson, formaður SÍS og bæjarstjóri á Ísafirði, hefur bent á að unnt sé að bjarga allt að eitt þúsund störfum verði hún farin. „Niðurskurður, sem er óumflýjanlegur, kemur að stærstum hluta niður á starfsfólki sveitarfélaganna, enda eru laun stærstur hluti af rekstrarkostnaði þeirra. Þetta er leið til sparnaðar sem gæti gert sveitarfélögunum kleift að komast hjá uppsögnum." Skýrt hefur þó verið tekið fram að leiðin myndi ekki ná til þeirra sem lægst hafa launin, og hafa 200 til 250 þúsund króna mánaðarlaun verið nefnd í því sambandi.

Á samráðsfundi sveitarfélaganna steig Ólafur Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, í pontu og greindi vandann í stuttu og skýru máli: „Við þurfum að fækka fólki og það sama mun gerast hjá ríkinu þegar niðurskurðurinn hefst þar. Atvinnuleysi mun aukast, þetta blasir við ef menn þora að opna augun." Vitnaði Ólafur til eigin reynslu þegar hann stóð frammi fyrir niðurskurði á Seyðisfirði fyrir nokkrum árum. Hann sagði að þá, eins og nú, væri hann í þeirri stöðu að segja upp starfsfólki og ekkert annað dygði til þess að ná fram hagræðingu sem nokkru næmi.

Þetta er veruleiki sem allir sveitarstjórnarmann hafa opnað augun fyrir, svo notuð séu orð Ólafs. Sveitarstjórnarfólk tekur hugmyndinni sem mikilvægu innleggi í umræðuna, en hefur hins vegar ýmsa fyrirvara á. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri hefur til dæmis sagt að fimm prósenta leiðin komi ekki til álita að óbreyttu. Slíkt myndi ekki samræmast gildandi aðgerða- og fjárhagsáætlunum borgarinnar.

### Dæmi

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna 78 nema um 240 milljörðum króna en voru 198 milljarðar í árslok 2007. Þar af eru skuldir í erlendri mynt um 50 milljarðar. Þó að staða þeirra sé misjöfn þá er ljóst að skuldabagginn er að sliga þau mörg. En hvaða sparnaður næst með fimm prósenta leiðinni? Þegar allir fyrirvarar hafa verið gefnir er erfitt að meta slíkt en Halldór Halldórsson hefur gefið eftirfarandi dæmi: Ísafjarðarbær hefur 400 starfsmenn og veltir rúmum þremur milljörðum á ári. Bærinn hefur farið í víðtækar launabreytingar og sparað með því tæplega níu milljónir króna. Væri fimm prósenta leiðin farin á hjá þeim með 250 þúsund og yfir í laun sparast 67,5 milljónir króna. Af þessu dæmi má draga þá ályktun að fimm prósenta leiðin gæti skilið á milli feigs og ófeigs í rekstri einstakra sveitarfélaga.

Í þessu samhengi hefur verið litið til grunnskólanna þar sem þeir eru stærsta einingin í kostnaði sveitarfélaganna. Árið 2007 vörðu sveitarfélögin tæpum 45 milljörðum króna til grunnskólanna. Stærsti kostnaðarliðurinn er laun og launatengd gjöld eða um 2/3 af heildarkostnaði. Sveitarfélögin verja allt frá tólf til 75 prósenta af skatttekjum sínum til grunnskólanna.

### Stytting skólaársins

Það virðist útbreidd skoðun sveitarstjórnarfólks að erfitt eða ómögulegt sé að ná nauðsynlegum sparnaði nema með endurskoðuðum grunnskóla. Í þeim anda hefur SÍS heimfært fimm prósenta leiðina upp á skólakerfið með því að stytta skólaárið úr 180 lögboðnum kennsludögum á ári í 170 daga. Þessa hugmynd hefur SÍS rætt við Kennarasambandið (KÍ) og menntamálaráðherra, enda verður kennsludögum ekki fækkað nema til komi breyting á grunnskólalögum.

KÍ og Félag grunnskólakennara hafa hafnað fimm prósenta leiðinni með þeim rökum að styttingskólaársins sé inngrip í líf barna og ungmenna. Eins hefur KÍ gagnrýnt að SÍS taki málið upp á öðrum vettvangi en á samráðsfundum um stöðugleikasáttmála, sem nú standa sem hæst. Þess utan sé það ekki á forræði stéttarfélaga að semja um frítöku gegn launalækkun, en hafi kennarar kost á slíku með frjálsum samningum, og svo lengi sem staðinn sé vörður um áunnin réttindi, þá hafi KÍ ekkert við það að athuga.

### Framhaldið

Á samráðsfundi sveitarfélaganna sagði borgarstjóri að nú væri dansaður línudans. Draga þyrfti saman seglin með afgerandi aðgerðum án þess að frysta samfélagið. Þegar horft er yfir sviðið segja sveitarstjórnarmenn jafnt sem forsvarsmenn kennara að öll aukafita hafi verið skorin af rekstrinum. Á sama tíma er fimm prósenta leiðin sú eina sem virðist líkleg til að ná þeim sparnaði sem er nauðsynlegur – og það án fjöldauppsagna.

**SPARNAÐUR INNAN GRUNNSKÓLANNA**

Gripið hefur verið til eftirtalinna sparnaðarráðstafana innan grunnskólanna:

- Uppsagnir fastráðinna kennara
- Lausráðnir kennarar fá ekki endurráðningu
- Engir leiðbeinendur verða við störf næsta skólaár
- Bekkir hafa verið sameinaðir
- Yfirvinna þurrkuð út
- Tilraunasamningum sagt upp
- Viðbótarstundir verða felldar niður
- Stjórnendum fækkað
- Almennur niðurskurður í ýmsum rekstarþáttum skóla, svo sem endurnýjun búnaðar.




FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is




omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# SUMAR-TILBOÐ!

# BAÐ INNRÉTTINGAR

## STURTUKLEFAR OG HORN







## BAÐINNRÉTTING

INNIFALIÐ Í VERÐ ER SKÚFFUSKÁPUR M/ MJÚKLOKUN, BORÐPLATA, HÖLDUR OG LJÓSAKAPPI

**STÆRÐIR:**
60 x 48
70 x 48
90 x 48 sm

SUMAR-TILBOÐ!

VERÐ FRÁ:
**24.900.- stgr.**
VERÐ ÁÐUR kr. 53,791.-

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI: HANDLAUG, SPEGILL, BLÖNDUNARTÆKI, LJÓS OG TAPPASETT

til afgreiðslu af lager

## STURTUHORN

SUMAR-TILBOÐ!

**KANTAÐ**
**6 mm öryggisgler**
70 x 70
75 x 75
80 x 80
90 x 90 sm
VERÐ FRÁ kr. **37.800.- stgr.**

SUMAR-TILBOÐ!

**RÚNAÐ**
**6 mm öryggisgler**
80 x 80
90 x 90 sm
VERÐ FRÁ kr. **43.800.- stgr.**

## heilir STURTUKLEFAR

SUMAR-TILBOÐ!

VERÐ FRÁ
**104.900.- stgr.**

**KANTAÐUR:**
70 x 70,75 x 75
80 x 80,90 x 90 sm

**RÚNAÐUR:**
80 x 80,90 x 90 sm

Hert öryggisgler allan hringinn







INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

**www.i-t.is**

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Útgjöldin**

>Meðalverð á dömuklippingu




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS.

**neytendur**
*hagur heimilanna*

**Neytendur:** Sparnaðarráð

# *Spörum þvottaefni, lengjum líf þvottavéla*

Arnar Hólmarson sendi inn sparnaðarráð varðandi þvottaefni og þvottavélar. Ekki er bara duftið sparað heldur er líka hægt að lengja líftíma vélanna talsvert með réttri notkun.

- Ein teskeið af uppþvottadufti er nóg í fulla vél af leirtaui. Mikið meira en það er sóun og samkvæmt framleiðendum sumra uppþvottavéla er mikil þvottaefnisnotkun beinlínis slæm fyrir vélarnar. Leifar af duftinu safnast fyrir í dælum og fóðringum sem svo skemmast.
- Ef notaðar eru töflur, þá er nóg að nota 1/3 af töflunni í vélina. Meira er sóun sem er bara skolað út í umhverfið.
- Ein matskeið af þvottadufti er nóg í tauþvottavél. Ekki fylla skófluna sem fylgdi með þvottaefnispakkanum. En sé þvotturinn óvenju óhreinn má kannski bæta annarri skeið af dufti í vélina.
- Að nota stutt kerfi á lágum hita er nóg á flestum heimilum en þó skal annað slagið setja vélina á suðu (90°), það varnar því að „líf“ myndist inni í vélinni, með tilheyrandi lykt.
- Setjið passlega mikið í vélina. Of lítið sóar orku og of mikið skemmir vélina.
- Notið þurrkarann sparlega, bæði eyðir hann mikilli raforku og slítur fötum. Um að gera að nota vindinn sem við eigum nóg af og þurrka þvottinn úti á snúru.



**VALLARGJÖLD**

| 18 holu vellir | Verð | Morgun- og hádegisverð |
|---|---|---|
| Garðavöllur (GL) | 4.500 | 3.400 |
| Grafarholtsvöllur (GR) | 6.800 | 5.100 |
| Hamarsvöllur (GB) | 3.500 | |
| Hólmsvöllur (GS) | 4.500 | 3.500 |
| Hvaleyrarvöllur (GK) | 4.500 | 3.500 |
| Jaðarsvöllur (GA) | 3.500 | |
| Korpúlfsstaðavöllur (GR) | 6.800 | 5.100 |
| Leirdalur (GKG) | 5.000 | 4.000 |
| Strandarvöllur (GHR) | 3.000 | |
| Urriðavöllur (GO) | 6.800 | 5.400 |
| Vestmannaeyjavöllur (GV) | 4.000 | |
| **9 holu vellir** | | |
| Bakkakotsvöllur (GOB) | 3.500 | 3.000 |
| Hlíðarendavöllur (GSS) | 3.000 | |
| Hlíðavöllur (GKJ) | 4.200 | 2.300 |
| Mýrin (GKG) | 2.200 | |
| Nesvöllur (NK) | 5.000 | 4.000 |
| Setbergsvöllur (GSE) | 2.900 | |
| Sveinkotsvöllur (GK) | 2.200 | |



# Vallargjöld þau sömu og í fyrra

**Nú þegar sumarið er komið hugsa margir sér til hreyfings. Þá er ekki amalegt að draga fram golfsettið og skella sér út á völl. Margir fallegir golfvellir eru á landinu en misdýrt er að spila á þeim.**

„Við ákváðum í kjölfarið á þessari niðursveiflu í efnahagsmálum að hafa gjaldskrá okkar óbreytta,“ segir Garðar Eyland, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur, og bætir við að það hafi verið alveg nauðsynlegt. Flestir golfklúbbar landsins hafa ákveðið að halda vallargjöldum sínum óbreyttum í ár til að koma til móts við klúbbmeðlimi sína. Einnig munu Golfklúbbur Kópavogs- og Garðabæjar og Golfklúbburinn Kjölur ekki rukka fyrir nýskráningargjöld í ár.

„Við vorum að fjölga holum og nú getum við fjölgað félögum í



Aðsókn að golfvöllum hefur aukist mikið í ár og fólk spilar á öðrum tíma en áður.

klúbbnum,“ sagði Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Kjalar.

„Mjög mikil aukning er í golfinu og fólk spilar einnig á öðrum tíma en það gerði í fyrra,“ segir Ágúst Húbertsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Keilis. „Það er greinilegt að fólk er meira í fríi heldur en í fyrra og er að nýta daginn fyrr,“ segir Ágúst.

Hér til vinstri er listi yfir vallargjöld á mörgum af helstu völlum landsins. Gjöldin eru miðuð við meðlimi Golfsambands Íslands. Vert er að taka fram að allir klúbbar á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á ódýrara verð á morgnana og í hádeginu á virkum dögum. Venjulegt gjald hefst á flestum völlum kl. 14 fyrir utan velli GR þar sem venjulegt gjald hefst kl. 13.

Einnig bjóða margir klúbbar upp á sérstakt verð fyrir eldri borgara, unglinga sextán ára og yngri og jafnvel hjón, sem vert er að nýta.

Nánari upplýsingar um gjaldskrá er að finna á golf.is en þar er líka hægt að panta rástíma. Einnig er hægt að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðum klúbbanna.

heidur@frettabladid.is

**Prjónasamkeppni Tinnu 2009**

**Tinna heildverslun efnir til hönnunarsamkeppni úr SandnesGarni**

**ÞEMA:** Óskum eftir prjónuðum/hekluðum flíkum fyrir dömur, herra og börn.

**SKILMÁLAR**: Nota skal SandnesGarn frá Tinnu heildverslun, sjá útsölustaði á www.tinna.is.

**VERÐLAUN**: Veitt verða verðlaun sem hér segir:
1. sæti: kr. 100.000,-
2. sæti: kr. 50.000,-
3. og 4. sæti: kr. 25.000,-
5.– 10. sæti: SandnesGarn að verðmæti: kr. 10.000.-

Verðlaunaflíkurnar verða kynntar í Prjónablaðinu Ýr og á tískusýningu Tinnu, haust 2009
Tinna áskilur sér rétt til afnota og kynningar á öllum innsendum flíkum.

**SKILAFRESTUR**: 15. júlí 2009, skila þarf flíkunum á Nýbýlaveg 30, 200 Kópavogi

**Nánari upplýsingar um SandnesGarn er að finna á www.tinna.is**
**Tinna ehf. Nýbýlavegi 30, 200 Kópavogi, sími: 565-4610, tinna@tinna.is**

TINNA

Nýtt frá Myllunni

# Kauptu betri mjúka íslenska kanilsnúða frá Myllunni

50% meira í dag




Mundu eftir íslenska pokanum

50% MEIRA MAGN SAMA VERÐ

ÍSLENSKT já takk!

Íslenskir framleiðendur búa að því að geta brugðist skjótt við á erfiðum tímum.
Loks geta Íslendingar snúðað sig á íslenskum kanilsnúðum frá Myllunni.

Smakkaðu mjúka íslenska kanilsnúða í dag.
Spörum gjaldeyrinn, kaupum íslenskt.

## 50% meira í dag

Gildir til og með 5. júní

- **Mjúkir og góðir**
- 6% trefjar
- **Engar transfitusýrur**
- Hentugar umbúðir
- **Spörum gjaldeyrinn**
- Smakkaðu íslenska kanilsnúða
- **Veljum íslenskt**

ÍSLENSKT já takk!



*Loksins íslenskir mjúkir kanilsnúðar – smakkaðu!*

## Viljum við nýtt Ísland?

Við Íslendingar eigum að framleiða sem mest ofan í okkur og á. Hluti þess að byggja upp betra samfélag sem við getum verið stolt af er að efla íslenska framleiðslu. Við hjá Myllunni vinnum nú að því að auka úrvalið af nýbökuðu brauði og bakkelsi með hagstæðari lausnum í samkeppni við innfluttar vörur. Reynslan, þekkingin og tæknin er til staðar. Án samstöðu allra landsmanna um að kaupa íslenskt eiga framleiðendur þó við ofurefli að etja. Framtíð framleiðslufólks veltur á því að Íslendingar velji íslenskar vörur. Verum stolt og veljum íslenskt!

www.myllan.is

Smakkaðu íslenska mjúka kanilsnúða frá Myllunni

50% meira í dag



Verum íslensk

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ















# Vinningshafar í hönnunarkeppni 2008 fyrir barnafatalínu

Metþátttaka var í hönnunarkeppni Hagkaups 2008. Með keppninni vill Hagkaup styðja við bakið á íslenskum hönnuðum og gera Íslendingum kleift að kaupa íslenska hönnun á viðráðanlegu verði.

Hagkaup kynnir nú Elmu Backman og Nicole Nicolaus vinningshafa í hönnunarkeppni Hagkaups 2008 fyrir barnafatalínu.











## Grafíski hönnuðurinn

**Nicole** starfar sem grafískur hönnuður hjá 66°Norður. Þar áður hefur hún unnið á auglýsingastofunum Fíton í Reykjavík og DDB í Berlin. Að auki vann hún hjá hönnunarfyrirtækinu Buero Destruct í Bern. Meðfram þessum störfum hefur hún einnig unnið sjálfstætt. Verk hennar er hægt að kynna sér nánar á heimasíðu hennar: **www.nicolenicolaus.com**







24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær













# ÍSLENDINGAR

## Um barnafatalínuna „ÍSlendingar"

Hugmyndin að baki fatalínunnar „ÍSlendingar" er fyrst og fremst Íslendingar sjálfir og þá í augum barna. Þessi sérstaklega jákvæða þjóð... sem borðar ís í hvaða veðri sem er.













## Fatahönnuðurinn



**Elma** er sjálfstætt starfandi fatahönnuður. Eftir útskrift frá Listaháskóla Íslands árið 2006 starfaði hún sem hönnuður hjá Rue du Mail í París. Á íslandi hefur hún hannað búninga fyrir leikhús og unnið við leikmyndagerð. Meðfram því starfrækir Elma eigið fyrirtæki sem sérhæfir sig í útflutningi á Íslenskri hönnun.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 14 **Velta:** 52 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 261 **-0,88%**

**OMX ÍSLAND 6** 704 **-0,78%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY ALUMIN.** | 5,26% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR GROUP** | 4,76% |
| **MAREL FOOD S.** | 0,97% |
| **ÖSSUR** | 0,48% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,40 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,00 -4,76% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 120,00 +0,84% ... Icelandair Group 4,50 +8,43% ... Marel Food Systems 61,30 -0,97% ... Össur 103,50 -0,48%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hörður verður forstjóri Sjóvár

„Þetta hefur átt sér stuttan aðdraganda eins og margt í dag," segir Hörður Arnarson, sem í gær tók við forstjórastarfi Sjóvár af Þór Sigfússyni.



HÖRÐUR ARNARSON

Tíðindin voru tilkynnt á starfsmannafundi Sjóvár í gær. Þór verður Herði til ráðgjafar fyrst um sinn.

Hörður vann í tæpa kvartöld hjá Marel Food Systems, þar af sem forstjóri í áratug. Hann segir forvera sinn skila góðu búi sem verði betra.

Umfangsmikil uppstokkun hefur átt sér stað í rekstri Sjóvár eftir að fyrirtækið komst í hendur skilanefndar Glitnis úr búi Milestone. Til stendur að aðskilja vátrygggingastarfsemi og fjárfestingar félagsins og stofna nýtt félag með traustan eiginfjárgrunn um fyrrnefnda hlutann. Hörður segir það geta legið fyrir áður en næsta helgi gengur í garð.



**ÞÓR SEGIR TÍÐINDIN** Skipt var um forstjóra á tímamótum hjá Sjóvá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árni Tómasson, formaður skilanefndarinnar, segir Sjóvá verða sett í söluferli þegar lægi á mörkuðum. Tíu aðilar hafi sýnt félaginu áhuga. **- jab**

# Bílarisi nálægt gjaldþroti

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors, GM, færðist nær barmi gjaldþrots á miðnætti í fyrrakvöld þegar fyrir lá að lánardrottnar gáfu ekki grænt ljós á skuldabreytingu félagsins.

Bandaríska dagblaðið Washington Post segir líklegt að stjórnvöld í Bandaríkjunum og Kanada setji á laggirnar nýtt félag til að halda framleiðslunni gangandi. Blaðið segir heildarskuldbindingar ríkisstjórna landanna geta numið sextíu milljörðum dala úr opinberum sjóðum. Líklegt er að punktur verði settur aftan við sögu GM í síðasta lagi á mánudag í næstu viku, að sögn blaðsins. **- jab**

# Hráolíuverð ekki hærra í hálft ár

Heimsmarkaðsverð á hráolíu til afhendingar í júlí snerti tæpa 63,5 dali á tunnu í gærmorgun og hafði þá ekki verið hærra í hálft ár, eða síðan í nóvember í fyrra.

Samtök olíuútflutningsríkja segja ekki útilokað að verðið fari í 75 til 80 dali á tunnu seinna á þessu ári. Það fari þó eftir því hvernig helstu iðnríki heims komi undan kreppunni. Um áramótin stóð olíuverðið í 32 dölum á tunnu.



**AL-NAIMI** Olíumálaráðherra Sádi-Arabíu segir vísbendingar um að eftirspurn eftir olíu sé að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samtök olíuútflutningsríkja, OPEC, funda um stöðuna í Vínarborg í Austurríki í dag. Ekki er talið líklegt að breytingar verði gerðar á framleiðslukvótum aðildarríkjanna.

Reuters-fréttastofan hafði í gær eftir Ali al-Naimi, olíumálaráðherra Sádi-Arabíu, að vísbendingar væru um að markaðurinn væri að taka við sér eftir einn mesta samdrátt sem sést hefði í tæp þrjátíu ár. Viðsnúningur liggur í Asíu, að mestu leyti í Kína.

Sérfræðingar hjá bandaríska bankanum Merrill Lynch vara við þróuninni og benda á að hagkerfi flestra landa séu afar viðkvæm eftir kverkatak kreppunnar í tæp tvö ár og geti þeim því staðið ógn af hækkun olíuverðs. **- jab**

# Efasemdir um leið Existu

**Stjórnendur fyrirtækja sem skilanefndir tóku yfir hafa kynnt leiðir sem þeir töldu trúverðugar. Skilanefndir voru á öðru máli.**

Hluti erlendra kröfuhafa Existu hefur efasemdir um áætlun stjórnenda Existu um endurskipulagningu félagsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að líkur hafi aukist á því að félaginu verði skipt upp takist samningar ekki fljótlega.



LÝÐUR GUÐMUNDSSON

Þetta var fyrsti fundur með erlendum og íslenskum kröfuhöfum en áður hefur verið fundað með þeim hverjum í sínu lagi.

Erlendu kröfuhafarnir höfðu áður gefið grænt ljós á áætlun um endurskipulagningu Existu sem fól í sér lengingu í lánum og skuldajöfnun með afleiðusamningum.

Skilanefndir gömlu bankarnir og Nýja Kaupþing, sem eiga um helming af skuldum Existu, hafa haft efasemdir um leiðina.

Ein þeirra hugmynda sem innlendir kröfuhafar hafa kynnt er að stjórnendur Existu fari frá og skiptastjóri verði skipaður yfir félaginu. Hann muni skipta félaginu upp í einingar.

Stjórnendur Existu hafa á móti bent á að dótturfélögin séu traust og arðgreiðslur frá þeim geti nýst til greiðslu skulda. Efasemdir eru um það, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Líkt og fram kom í Markaðnum í gær þurfa dótturfélög Existu að greiða eigin skuldir áður en arður geti runnið frá þeim. Óvíst er hvort slíku verði að skipta í bráð þar sem félögin séu skuldsett að Símanum undanskildum. Þá er Existu þröngur stakkur sniðinn vegna veðsetningar dótturfélaga.

Óvíst er hvað gerist næstu daga. Einn viðmælenda Fréttablaðsins benti á, að stjórnendur flestra þeirra fyrirtækja sem skilanefndir hafi tekið yfir frá bankahruninu í fyrrahaust hafi kynnt áætlun sem þeir töldu trúverðuga. Það hafi ekki verið raunin þegar upp var staðið. Það sama eigi við um Existu-leiðina.

Útlit var fyrir að skilanefndir og Nýja Kaupþing myndu gjaldfella lán Existu í gær. Viðmælendur Fréttablaðsins sögðu í gær niðurstöðu um slíkt geta legið fyrir að loknum kröfuhafafundi í dag. **jonab@markadurinn.is**






**FLAGGSKIP SAKS Í NEW YORK** Gengi hlutabréfa í verslanakeðjunni Saks hefur fallið um rúm sjötíu prósent frá því að Íslendingar eignuðust hlut í henni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Orðaður við hlut Baugs í Saks

Della Valle, forstjóri ítölsku skóverslunarinnar Tod's, er sagður hafa hagnast ágætlega með kaupum sínum á 5,9 prósenta hlut í bandarísku verslanakeðjunni Saks.

Hlutinn keypti hann í nokkrum skrefum frá því seint í febrúar þar til í byrjun þessa mánaðar. Meðalverðið nam 3,57 dölum á hlut og reiddi hann því fram um 30,3 milljónir dala fyrir þá. Verðmæti hlutanna fór lægst í 1,55 dali á hlut þegar kaup hans stóðu yfir en hæst í rúma 5,2 dali á hlut. Við opnun hlutabréfamarkaða vestanhafs í gær stóð verðmiðinn í 4,25 dölum á hlut.

Baugur flaggaði rúmum átta prósenta hlut í Saks seint í júlí 2007. Kaupverð nam tæpum 22 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra fimmtán milljarða króna á þávirði.

Meðalverðið á sínum tíma var um átján dalir á hlut. Það fór hæst í rétt rúma 22 dali á hlut í nóvember sama ár áður en það tók að síga hratt.

Bandaríska dagblaðið New York Times ýjar að því í vikunni að hlutirnir sem Valle keypti séu komnir úr eignasafni Baugs. Það hefur ekki fengist staðfest. Bréfin voru þó veðsett og seld framvirkt til Landsbankans. Eftir því sem næst verður komist var safnið selt niður að þeim mörkum sem Valle flaggaði fyrir skömmu. **- jab**

# Nýr forstjóri Skeljungs

Einar Örn Ólafsson hefur verið ráðinn forstjóri Skeljungs og tekur hann við af Gunnari Karli Guðmundssyni, sem hefur sagt upp störfum frá og með næstu mánaðamótum.

Gunnar hefur unnið hjá Skeljungi í tuttugu ár, þar af sem forstjóri í sex ár.

Einar var framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Glitnis, nú Íslandsbanka, og hafði séð um söluferli Skeljungs í ár þegar nýir eigendur tóku við því í ágúst í fyrra.

Skeljungur var í eigu Fons, eignarhaldsfélags Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar en var sett í sölu á haustdögum 2007. **- jab**

# Blómstrandi sumar

© Inter IKEA Systems B.V. 2009



**HUSÖN blómapottur**
**3.990,-** Ø44, H41cm.
Ryðfrítt stál
*Fæst einnig í svörtu*



**595,-/stk.**

**TÓBAKSHORN sumarblóm**



**MYNTA blómapottur**
**7.490,-** Innanmál Ø30,
H67cm. Svart
*Fæst einnig í hvítu*



**DISKRET blómapottar 3.490,-/stk.**
Innanmál Ø32, H28cm. Svart
*Fæst einnig í ljósgráu*



**PROFIL blómapottur**
**3.990,-** Innanmál Ø40,
H37cm. Hvítt



**SOLIG blómastangir**
**650,-/2 í pk.**
L70cm. Dökkblátt
*Fæst einnig í hvítu*



**MARGARÍTA sumarblóm 795,-**



**MYNTA blómapottar 1.990,-/stk.**
Innanmál B27×L27, H22cm. Ýmsir litir



**DALÍA sumarblóm 595,-**



**MYNTA hangandi**
**blómapottur 1.990,-**
Ø21, H15,5cm.
Ýmsir litir



**595,-**

**NELLIKA sumarblóm**



**MYNTA blómapottur 795,-**
Ø32, H30cm. Rauðbrúnt



**SOLIG hangandi grind**
**m/3 blómapottum 1.190,-**
Dökkblátt *Fæst einnig í hvítu*



**LÓBELÍA sumarblóm 495,-**



**SOLIG blómapottur**
**295,-** Innanmál Ø14,
H15cm. Hvítt
*Fæst einnig í dökkbláu*



**SALVIA grindur**
**f/klifurjurt 395,-/9 í pk.**
B36×L36cm. Ryðfrítt stál



**1.390,-/20 stk.**

**STJÚPUR sumarblóm**, blandaðir litir
*Fæst einnig í stykkjatali 75,-/stk.*



**1.390,-/20 stk.**

**ALISSA sumarblóm**
*Fæst einnig í stykkjatali 75,-/stk.*

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óskýrð álitamál í umsóknartillögunni:

# Hlutur Alþingis

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar að óska eftir heimild Alþingis til að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu er fagnaðarefni. Ágreiningur ríkisstjórnarflokkanna um málið veldur því hins vegar að sumt er óskýrt í tillögugreininni sjálfri og annað götótt í rökstuðningi og málsmeðferðarlýsingu þeirra.

Í fyrsta lagi er á það að líta að ríkisstjórnin áskilur öðrum stjórnarflokknum rétt til að leggjast gegn samningnum þegar hann liggur fyrir. Engar skýringar fylgja hins vegar hvernig það á að gerast gagnvart þingræðisreglunni. Ljóst er að utanríkisráðherra getur ekki lokið samningum nema hann hafi ótvírætt umboð meirihluta Alþingis til þess.

Þetta þýðir að utanríkisráðherra getur ekki undirritað samning ef VG nýtir sér þennan fyrirvara nema aðrir flokkar séu reiðubúnir að taka þingræðislega ábyrgð á málinu. Þessi óvissa þarf ekki að tefja fyrir umsókn. En með því að ríkisstjórnin taldi sjálf rétt að upplýsa þennan veikleika er óhjákvæmilegt að umræður um aðkomu Alþingis að samningaferlinu taki mið af því.

Vegna þingræðisreglunnar kemur óhjákvæmilega til kasta Alþingis að taka afstöðu til endanlegs samnings áður en hann fer í þjóðaratkvæði. Það snýst einfaldlega um að staðfesta eða hafna samþykkt Alþingis á lögum um aðildarsamning sem gerður hefur verið í umboði þingmeirihluta. Sá meirihluti Alþingis sem axlar þá stjórnskipulegu ábyrgð snýr sér til þjóðarinnar og óskar eftir samþykki hennar. Margir standa í þeirri trú að unnt sé að skjóta málinu framhjá Alþingi til þjóðarinnar og leysa þingmenn undan því að taka afstöðu fyrst. Það er misskilningur.

Lagasetning um þjóðaratkvæðagreiðslur er áformuð. Það breytir ekki hinu að ríkisstjórnin þarf jafnframt að gera grein fyrir því hvernig og hvenær hún hyggst breyta stjórnarskránni til að þau lög sem senda á í þjóðaratkvæði stangist ekki á við hana þegar Alþingi og síðar þjóðin tekur lokaákvörðun. Ekki á að taka hana áður en stjórnskipuleg heimild er fyrir hendi, eða hvað?

Stjórnskipuleg óvissa um stöðu utanríkisráðherra þegar kemur að samningslokum kallar aukheldur á svör um hvernig haldið verður á samningunum. Eina leiðin til að skapa festu um framhaldið er að tryggja stjórnarandstöðunni aðild að samningaferlinu. Upp á stjórnarandstöðuna stendur síðan að svara hvort og eftir atvikum með hvaða hætti hún er fús að axla þá ábyrgð.

Gild pólitísk rök standa einnig til þess að samningarnir fari fram með víðtækara umboði en ríkisstjórnin hefur á Alþingi. Hér er um að ræða eitt allra stærsta mál sem þjóðin hefur staðið andspænis frá lýðveldisstofnun. Þó að skoðanir kunni að vera skiptar er afar mikilvægt að sem mestur trúnaður verði um samningaferlið frá byrjun bæði á Alþingi og úti í samfélaginu, ekki síst hjá þeim sem hugsanlegar breytingar brenna heitast á.

Niðurstaðan er þessi: Þó að ríkisstjórnin hafi náð saman um að leggja tillöguna fram hefur hún ekki getað svarað spurningum um stjórnskipulega festu og pólitískan trúnað um framhald málsins. Það verkefni bíður Alþingis. Bæði ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan þurfa að sýna ábyrgð og sveigjanleika í þeirri vinnu sem nú tekur við innan veggja þingsins.

Evrópusambandsaðild styðst bæði við pólitísk og efnahagsleg rök. En sú ástæða að framtíðarstefnan í peningamálum er undir í þessum ákvörðunum gerir það enn brýnna að hraða þeirri vinnu sem eftir er og ríkisstjórnin hefur ekki ráðið við.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hin fornu gildi

Þingflokkar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar funduðu á Þjóðminjasafninu í gær, þar sem rætt var um niðurskurð í ríkisfjármálum. Í stjórnarmyndunarviðræðum hittust sömu flokkar reglulega í Norræna húsinu. Með því vildu þeir gefa þau skilaboð að þetta væri ríkisstjórn sem aðhylltist norræn gildi. En hvaða skilaboð vill ríkisstjórnin gefa með því að funda í Þjóðminjasafninu?



Vonandi er hún ekki að búa okkur undir að snúa aftur í torfkofana.

### Misstu af úrslitunum

Fundarboðið barst með stuttum fyrirvara, stjórnarliðum til mismikillar ánægju þar sem sumir höfðu hugsað sér að horfa á úrslitaleik Manchester United og Barcelona í Meistaradeild Evrópu. Af kurteisi við þá þingmenn sem tóku leikinn upp og eiga eftir að horfa á hann verður ekki greint frá úrslitunum hér.



### Komdu aftur, Styrmir

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, skrifaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hún álasaði blaðinu fyrir að birta sjónarmið þeirra sem eru andsnúnir fyrningarleiðinni. „Sú var tíðin að Mogginn var í fararbroddi þeirra sem vöruðu við afleiðingum kvótakerfisins," skrifar Ólína, „en nú eru augljóslega aðrir tímar á Morgunblaðinu, enda nýir eigendur teknir við." Einhvern tímann hefði það þótt saga til næsta bæjar að þingmenn Samfylkingarinnar söknuðu Styrmis Gunnarssonar.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Myntbandalög nær og fjær



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Peningamál og verðbólga

Alþingi mun bráðlega fjalla um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um, að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu og búist til að taka upp evruna sem lögeyri á Íslandi. Margt bendir til, að meiri hluti Alþingis sé hlynntur tillögunni. Reynist það rétt, hafa mikil umskipti átt sér stað. Allar götur síðan mælingar hófust fyrir um tuttugu árum hafa skoðanakannanir yfirleitt bent til, að meiri hluti þjóðarinnar væri hlynntur aðild Íslands að ESB, en Alþingi var andvígt aðild. Þessa þversögn mátti hafa til marks um misvægi atkvæða eftir búsetu. Þjóðin vildi eitt og þingið annað, enda speglaði þingið ekki þjóðarviljann til fulls. Hver kjósandi á landsbyggðinni hafði allt að því fjórfaldan atkvæðisrétt á við Reykjavík og nágrenni. Af þessu misvægi helgaðist tillagan um, að aðild Íslands að ESB yrði útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem hver kjósandi greiðir eitt atkvæði. Slagsíðan á kjördæmaskipaninni hefur smám saman minnkað, svo að nú er munurinn á atkvæðavægi eftir landshlutum ekki nema tvöfaldur í mesta lagi. Það kann að duga til að tryggja samhljóm þings og þjóðar í Evrópumálinu. Reynslan mun skera úr því.

### Danmörk, Finnland, Svíþjóð

Rökin fyrir upptöku evrunnar hafa verið rakin í þaula. Krónan hefur síðan 1939 veikzt um 99,95 prósent gagnvart dönsku krónunni. Danir hafa stjórnað peningamálum sínum af talsverðri festu, ólíkt Íslendingum. Danir gengu í ESB 1972, en þeir hafa ekki enn kosið að taka upp evruna. Í reynd nota Danir þó evruna með því að halda gengi dönsku krónunnar blýföstu við evruna með bakstuðningi Seðlabanka Evrópu. Danska krónan er því formsatriði. Líklegt virðist, að Danir taki upp evruna fyrr en síðar. Þegar Finnar og Svíar gengu hlið við hlið inn í ESB 1995, ákváðu Finnar að taka upp evruna, þegar hún kæmi til skjalanna, og gerðu það, en Svíar höfnuðu evrunni í þjóðaratkvæðagreiðslu 2003. Efnahagsþróun í Finnlandi og Svíþjóð hefur verið áþekk frá 1995, svo að sumum sýndist, að evran gæti varla skipt þessi lönd miklu máli. Nú blasir nýr veruleiki við. Gengi sænsku krónunnar hefur að undanförnu fallið um fjórðung. Gengisfallið hefur gert Svíum kleift að ná til sín viðskiptum af Dönum og Finnum, sem þykir ekki mikið koma til samstöðunnar af hálfu Svía. Finnar líta á stöðugt verðlag í Evrópu sem sameiginlegt verkefni ESB-landanna og á Svía sem laumufarþega. Ætla má, að gengisfall sænsku krónunnar kyndi undir verðbólgu í Svíþjóð, og þá mun líklega koma í ljós, svo sem vænta mátti, að verðbólgan verður meiri í Svíþjóð en í Finnlandi.

> *Meðalverðbólgan í myntbandalagslöndunum átján hefur verið mun minni, eða átta prósent á ári. Til þess var leikurinn gerður.*

Er reglan óbrigðul? Hafa myntbandalagslönd alls staðar og ævinlega hemil á verðbólgu umfram lönd með eigin gjaldmiðla? Svarið er nei. Evrulandið Írland hefur til dæmis búið við nokkru meiri verðbólgu síðustu ár en Noregur og Sviss utan evrusvæðisins. Eigi að síður eru rökin að baki reglunnar býsna sterk: lönd, sem leggja eigin mynt til hliðar, afsala sér með vitund og vilja réttinum til að fella gengið með gamla laginu og hleypa verðbólgu þannig á skrið. En verðbólga á sér ýmsar uppsprettur aðrar en gengisfall, svo að reglan er ekki einhlít.

### Afríka

Hvernig hefur reglan reynzt í öðrum heimshlutum? Löndin í Afríku sunnan Sahara eru 47. Af þeim tilheyra átján tveim myntbandalögum, hin 29 standa utan bandalaga. Af þessum 29 skera þrjú lönd sig úr vegna mikillar verðbólgu: Angóla, Kongó og Simbabve. Verðbólgan í Angólu hefur að meðaltali verið 600 prósent á ári frá 1960 og í Kongó rösklega 800 prósent, en síðustu ár hefur verðbólgan í báðum löndum verið mun minni. Simbabve er kapítuli út af fyrir sig, því að þar náði óðaverðbólga að grafa um sig. Eitt egg kostaði fyrir ári 50 milljarða Simbabvedollara, svo að nú hefur ríkisstjórnin þar ákveðið að taka upp suður-afríska randið við hlið dollarans. Ekkert þessara landa hefði komizt upp með svo mikla verðbólgu innan myntbandalags, þar eð önnur aðildarlönd hefðu sett þeim stólinn fyrir dyrnar. Séu verðbólgulöndin þrjú, Angóla, Kongó og Simbabve, tekin út fyrir sviga, kemur í ljós, að meðalverðbólga í þeim 26 Afríkulöndum, sem standa utan myntbandalaga, hefur að jafnaði verið átján prósent á ári frá 1960 eins og hér heima.

Meðalverðbólgan í myntbandalagslöndunum átján hefur verið mun minni, eða átta prósent á ári. Til þess var leikurinn gerður. Þessi átján Afríkulönd komu sér saman um sameiginlegar myntir til að beygja sig undir hinn gagnkvæma aga, sem sameiginleg stjórn peningamála felur í sér.

# Kárahnjúkar 7% fram úr áætlun

**UMRÆÐAN**

Þorsteinn Hilmarsson skrifar um Kárahnjúkavirkjun



**ÞORSTEINN HILMARSSON**

Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur, veltir vöngum yfir kostnaði Kárahnjúkavirkjunar í Fréttablaðinu 25. og 26. maí 2009. Fyrri daginn telur hann kostnaðinn hafa farið 80% fram úr áætlun í dollurum talið og seinni daginn að kostnaður hafi farið 40-45% fram úr áætlun.

Landsvirkjun stendur við fyrri yfirlýsingar sem fram komu upphaflega í ársbyrjun 2008 að Kárahnjúkavirkjun fór um 7% fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun. Sú niðurstaða kom fram í endurskoðuðu arðsemismati vegna virkjunarinnar sem finna má á vef Landsvirkjunar. Sú endurskoðun var yfirfarin af Capacent, óháðum aðila, sem telur arðsemismatið vel unnið og í samræmi við viðurkennd vinnubrögð. Það gefi raunsæja mynd af væntri arðsemi Kárahnjúkavirkjunar.

Forsenda endurskoðaða arðsemismatsins um stofnkostnað upp á rúmlega 130 milljarða byggist á því að fjármagnskostnaður á framkvæmdatíma er meðtalinn og reiknað er með verðlagsbreytingum frá 2002 þegar upphaflega kostnaðaráætlunin var gerð. Hækkun áætlunarinnar í samræmi við verðlag er eðlileg þótt Sigurður fetti fingur. Stærsti hluti kostnaðar féll til samkvæmt verksamningum sem tóku yfir löng tímabil og í samningum er áskilið að greiðslur reiknist upp í samræmi við verðlagsbreytingar og kjarasamninga.

Þótt álverð sé lágt nú um stundir og hafi verið hátt á sl. ári þá ræðst arðsemi orkusölu frá Kárahnjúkavirkjun ekki af stöðunni nú eða þá, heldur af verðinu yfir 40 ára tímabil. Ekki er ástæða til að ætla annað en að arðsemi virkjunarinnar standist upphaflegar væntingar.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**HANNAÐ ÚT FRÁ UPPLIFUN BARNA** er heiti á fyrirlestri danska landslagsarkitektsins Helle Nebelong sem haldinn verður á Háskólatorgi föstudaginn 29. maí klukkan 16.30. Nebelong hefur sérhæft sig í hönnun svokallaðra upplifunar- eða skynjunargarða.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447


klassískar sumar-stuttkápur



BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 - S: 551 4422



;ALLT NÁM

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúm;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447



Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er engu líkara en vinnufélagarnir Hjörtur og Sonja klæði sig saman á morgnana, svo vel passa þau saman.

# Í stíl við innréttingarnar

**Vinnufélagarnir Sonja Grant og Hjörtur Skúlason eru sammála um að vinnuföt eigi ekki að vera neinir larfar. Á hverjum degi klæðir hann sig í skyrtu og setur upp bindi á meðan hún klæðist fögrum kjólum.**

Á sólríkum morgni, þegar blaðamann Fréttablaðsins bar að garði í Kaffismiðju Íslands á Kárastíg, varð honum starsýnt á „heimilisfólkið“, þau Sonju Grant og Hjört Skúlason. Af klæðaburði þeirra mátti nefnilega ímynda sér að þau hefðu talað sig saman um í hverju þau ættu að vera þann daginn. „Við erum búin að vinna saman í svo mörg ár að ég held að við séum farin að hugsa á mjög svipaðan hátt,“ segir Sonja Grant, annar eigenda Kaffismiðjunnar, þegar hún gerir tilraun til að skýra samhljóminn í klæðnaði þeirra Hjartar.

Sonja og Hjörtur eiga raunar margt sameiginlegt þegar kemur að klæðaburðinum. Hvorugt þeirra lætur sér til dæmis detta annað í hug en að vera vel til fara í vinnunni. Yfirleitt er Hjörtur í skyrtu með bindi og Sonja í kjól og bæði taka þau notaðar gæðaflíkur fram yfir nýjar. Þau smellpassa því inn í heimilislegt og dálítið gamaldags umhverfið á Kaffismiðjunni. Það er heldur engin tilviljun, þar sem Sonja er annar eigenda kaffihússins og Hjörtur aðstoðaði við að hanna útlit þess.

Kjólinn sem Sonja klæddist þennan dag fékk hún í Spútnik. „Þetta er einn dýrasti notaði kjóllinn sem ég hef keypt mér, en flesta kjólana mína fæ ég fyrir lítið á flóamörkuðum. Ég hef mikið notað þennan kjól þegar ég hef verið að dæma á kaffimótum erlendis, því hann er gæddur þeim góða eiginleika að krumpast ekkert í töskunni.“

Hjörtur er ekki síður fyrir fögur klæði en Sonja. Hann segist alltaf leggja sig eftir því að mæta fínn til vinnu. Það bregðist varla, nema þá sjaldan þegar hann vaknar fimm mínútum fyrir opnunartíma. „Allt sem ég er í núna er keypt í sömu búðinni í Camden í London, nema þessi köflótta peysa sem er úr Topshop. Ég geng eiginlega eingöngu í notuðum fötum, þó það komi fyrir að ég kaupi mér föt eftir unga hönnuði.“

Þau eru sammála um að það sé ekki síður mikilvægt að vera huggulegur til fara í vinnunni en annars staðar. „Ég er húsasmiður að mennt og ég man vel eftir því þegar ég keypti mér fyrstu vinnuklossana mína,“ segir Sonja. „Karlinn sem seldi mér þá skildi ekkert í þessu og sagði: „Þú ert að fara að vinna í þessu, ekki sýna í tískusýningu.“ Ég hef aldrei skilið þetta hugarfar. Maður er í vinnunni tólf tíma á dag. Þó að við vinnum á kaffihúsi sjáum við enga ástæðu til að vera í jogging-gallanum allan daginn.“

*holmfridur@frettabladid.is*


NÝ SENDING

Sumarfrakkar



~~Áður 19.900~~
Nú 9.900
Stærðir 10-24
2 týpur
Litur: svart

COSMO
Kringlunni



Hefur þú viljann, þá hef ég uppskriftina ...



Lærðu að borða hollan og góðan mat og taktu á aukakílóunum.
5 kíló á 5 vikum!

Sjá nánar á www.vigtarradgjafarnir.is

Íslenska Vigtarráðgjafarnir
vigtarradgjafarnir.is
865-8407



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið



visir.is
„...ég sá það á vísi“

# ;TÍSKA

**STUTTBUXUR** verða áfram svalar í sumar. Karlar geta sprangað um í bermúda- eða kvartbuxum og stelpurnar í mínístuttbuxum.






"teg. Amethyst 14969 - alveg sérlega glæsilegur "push up" BH í BCD skálum á kr. 8.845,-"

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18, lau 10-14





Herrasandallar úr leðri í úrvali. Mjúkir og þægilegir. Margar gerðir.

Stærðir: 41 - 46
Verð: 7.550.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is




Af síðustu vetrarsýningu Burberry.
AFP PHOTO/GIUSEPPE CACACE

## Burberry heim

**Hið þekkta breska fyrirtæki Burberry snýr aftur til upprunans og sýnir á tískuviku í London.**

Síðastliðin átta ár hefur Burberry sýnt á tískuvikunni í Mílanó en vendir nú kvæði sínu í kross og hyggst leita aftur heim. Burberry Prorsum-línan fyrir vor og sumar 2010 verður sýnd en hún er hönnuð af listrænum stjórnanda Burberry, Christopher Bailey. Sýningardagur er þriðjudagurinn 22. september og verður tískuvikan í London nú haldin í hinu sögulega húsi Somerset on the Strand og er það í fyrsta skipti sem hún er þar til húsa. Breska tískuráðið, sem skipuleggur tískuvikuna, fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir og er tískuvikan jafngömul. Það verður því mikið um dýrðir hjá Burberry þetta árið.

*- hs*

## Gömlum reiðfötum komið í verð

HESTAMANNAFÉLAGIÐ FÁKUR TEKUR NOTUÐ REIÐFÖT, KEPPNISJAKKA OG REIÐSTÍGVÉL Í UMBOÐSSÖLU.

Hestamannafélagið Fákur tekur á móti notuðum og heilum reiðfatnaði á skrifstofu félagsins fimmtudaginn 28. maí milli klukkan 20 og 21. Fatnaðurinn er tekinn í umboðssölu en eigendur flíkanna ákveða sjálfir hvaða verð þeir vilja fá fyrir.

Salan á fötunum fer fram um leið og gæðingaskeiðið á Reykjavíkurmótinu fer fram milli klukkan 21 og 22 .

Óseldar flíkur verða settar inn á skrifstofu Fáks og afhentar þar eftir söluna. Að auki verða fjármunir gerðir upp eftir söluna.

Nánar á www.fakur.is






FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR






Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



Krakka-sandalar

Stærðir 22-35



Verð
kr. 1.995.-

xena
GLÆSIBÆ S: 553 7060



ÞINN ÁRANGUR Í SUMAR



Ágústa, Anna og Guðbjörg hafa sett saman ný 4-vikna námskeið sem tryggja þér þann árangur sem þú vilt ná í heilsu- og líkamsrækt

**Ný uppbygging, nýtt efni, nýjar æfingar!**
Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun til að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

**Fjölbreytt 4-vikna námskeið.**
Mismunandi áherslur eftir því hvort þú ert byrjandi eða lengra komin. Tímarnir eru 3 x í viku.

HEFST 2. JÚNÍ
Verð 16.900 kr.
Láttu skrá þig strax í síma 414 4000 eða á hreyfing@hreyfing.is

Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum

*97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.*

*99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.*

Lestu fleiri umsagnir ánægðra þátttakenda á hreyfing.is

**Í fyrsta sinn í 20 ár finnst mér átakið skemmtilegt!** *Tímarnir fjölbreyttir, aðstaðan frábær og kennararnir þeir bestu. Árangurinn lætur ekki á sér standa og eftir tvö námskeið er enginn vafi á að Hreyfing verður áfram hluti af mínu lífi.*
*Rakel Sveinsdóttir*

**Árangur/Elítan námskeiðið kom mér skemmtilega á óvart** *en ég þekkti ekkert til líkamsræktar stöðvarinnar áður né kennaranna. Eftir öll árin, alla tímana sem ég hef eytt í líkamsrækt án árangurs (aldrei fuku kílóin) þá er árangurinn á aðeins 4 vikum ótrúlegur. Loksins lærði ég hvað þarf til að losna við aukaþyngd og laga línurnar, án sveltis.*
*Bergþóra Reynisdóttir*

**Ég var mjög ánægð með námskeiðið Árangur.** *Aðstaðan er til fyrirmyndar, æfingarnar hæfilega erfiðar í byrjun og hverjum og einum er leyft að fara þetta á sínum hraða, en með hvatningu þó. Mér finnst gaman að koma í ræktina og púla sem er eiginlega alveg nýtt fyrir mér. Svo ég er búin að skrá mig á framhaldsnámskeiðið og hlakka bara til að halda áfram!*
*Ólöf Elísabet Þórðardóttir*

**Gjafakortið sem ég fékk frá vinnufélögum hitti aldeilis í mark.** *Besta gjöf sem ég hef fengið. Hafði ekki hreyft mig markvisst í 3 ár. Skráði mig í Árangur og hef með þrotlausu púli, ánægju og svita náð þeim árangri sem ég vænti. Aðstaðan er til fyrirmyndar, umhverfið notalegt og starfsfólkið elskulegt. Líðanin er stórkostleg eftir tímana.*
*Kristín Högnadóttir*

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



Mikið hefur verið að gera hjá Berglindi að undanförnu en fólk er í auknum mæli að láta laga og breyta fötum sem það á. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Berglind saumaði þennan brúðarkjól á Yesmine Olsson.



Svartur brúðarkjóll úr thai-silki með fjólubláu ívafi.

# *Brjálað að gera í miðri kreppunni*

**Berglind Magnúsdóttir í Klæðskerahöllinni, sem á auk annarra heiðurinn að Eurovision-kjól Jóhönnu Guðrúnar, situr sveitt við saumavélina en til hennar flykkist fólk til að láta laga, breyta og sérsauma.**

Klæðskera- og kjólameistarinn Berglind Magnúsdóttir er ein af þeim sem eiga heiðurinn af kjólnum sem Jóhanna Guðrún Jónsdóttir klæddist í Eurovision en hún rekur Klæðskerahöllina á Hringbraut 49.

Andersen & Lauth hannaði kjólinn í samvinnu við Margréti Einarsdóttur stílista en Berglind var klæðskerinn í hópnum auk þess sem hún saumaði fötin á bakraddirnar og gerði þær lagfæringar sem þurfti á öðrum flíkum sem hópurinn klæddist. „Það er heill hópur af fólki sem kemur að því að skapa heildarútlitið og mörg handtök sem liggja að baki,“ segir Berglind, sem er sérstaklega ánægð með útkomuna. „Ég held að kjóllinn og heildarútlitið hafi haft mikið að segja. Við vildum ýta undir sakleysi og æskuljóma Jóhönnu Guðrúnar en um leið hafa kjólinn væri töff. “

Berglind kannast við að einhverjir hafi verið að hnýta í kjólinn en telur það vera vegna þess að fólk hafi ekki áttað sig á hugmyndinni sem síðan sló svo rækilega í gegn. Hún blæs á raddir um að kreppa hafi ríkt í vefnaðarvöruverslunum og að kjóllinn hafi verið saumaður úr tuskum. „Kjóllinn er allur úr silki með silfurbróderingum og fjöðrum og var ekkert til sparað. Hins vegar er þetta ekki kjóll til að klæðast hversdags heldur miklu frekar sviðsbúningur.“

Berglind verður ekki vör við neina kreppu í sinni atvinnugrein og segir brjálað að gera. „Það hefur orðið mikil aukning síðan kreppan skall á og er fólk í auknum mæli að láta laga og breyta flíkum sem það á. Ég átti þó von á því að sérsaumurinn mundi minnka en sú hefur alls ekki orðið raunin og er ég nánast bókuð út sumarið. Ég held að skýringin á því sé sú að úrvalið í búðunum er minna, auk þess sem fólk fer síður til útlanda. Þá hættir fólk ekki að eiga stórafmæli og gifta sig þó að það sé kreppa,“ segir hún glöð í bragði. *vera@frettabladid.is*



Berglind saumar allt sem nöfnum tjáir að nefna en hér gefur að líta rauðan samkvæmiskjól.




eva FATÓ ÓDÝRARI MERKJAVARA gallerí sautján gs skór
galleri húsið
Laugavegi 91 - www.ntc.is

# HEIMILI

**HANDVERKSSÝNING** eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi verður haldin í dag og á morgun milli 13 og 18 í félagsmiðstöð aldraða að Skólabraut 3-4. Sýnd verða verkefni vetrarins auk þess sem boðið verður upp á kaffi.




White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



Þurrkari
- 10 kg -

Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS


George Nelson (1908-1986) var bandarískur arkitekt og hönnuður. Hann er talinn frumkvöðull amerísks módernisma ásamt Charles og Ray Eames. Mörg verka hans eru enn í framleiðslu. Þeirra á meðal eru svokallaðar Nelson-klukkur og Nelson „bubble"-lampar.



www.george-nelson.org



Lítil hætta er á að fólk meiði sig við að detta fram úr þessu rúmi.



Rúm sem hangir í loftinu. Skemmtileg hugmynd en spurning hvort hún sé þægileg í framkvæmd. NORDICPHOTOS/GETTY

## Í mjúku fleti

**Rúmið er eitt mikilvægasta húsgagn heimilisins enda eyðum við þar stórum hluta sólarhringsins. Rúm eru til í hinum ýmsu gerðum en hér má líta nokkrar áhugaverðar hugmyndir að þeim.**

Talið er að venjulegur maður eyði um einum þriðja ævinnar sofandi. Því er ljóst að mikilvægi fallegs og notalegs svefnherbergis er talsvert enda skiptir það máli fyrir heilsu og vellíðan.

Rúmið er miðdepill svefnherbergisins og skapar vissa stemningu allt eftir útliti. Rúmið er framtíðareign og því þarf að hugsa vel út í bæði gæði og útlit þegar fest eru kaup á því. Kröfur fólks eru misjafnar. Meðan sumir vilja gömlu góðu gormadýnuna vilja aðrir vatnsrúm eða amerískt fleti. Meðan einn vill geta breitt úr sér í „kingsize"-rúmi láta aðrir sér nægja að kúra á einbreiðri dýnu. Á myndunum sem fylgja þessari grein má sjá frumlegar útgáfur af rúmum.

*solveig@frettabladid.is*



Kringlótt rúm í hvítu himnaríki.



Rúm með steyptum grunni. Þarna safnast í það minnsta ekki ryk fyrir undir rúminu.



Himnasængur minna á ævintýri og prinsessur. Þessi er þó allsérstök í laginu.



Þetta rúm getur vaggað eiganda sínum í svefn enda hangir það í loftinu.


**Fix Töframassinn**

Hreinsar, fægir og verndar samtímis



- Fitu- og kýsilleysandi
- Húðvænt
- Náttúrulegt
- Mjög drjúgt

Svampur fylgir með

**Hentar vel til þrifa á blöndunartækjum, vöskum, ryðfríu stáli, áli, kopar, messing, gleri, plasti, lökkuðum flötum, kristal, keramiki, postulíni o.fl.**

Húsasmiðjan - Byko - Fjarðarkaup - Tengi - Melabúðin - Verkfæralagerinn - Eyjatölvur Miðstöðin Vestmannaeyjum - Pottar og prik Akureyri - Rafsjá Sauðárkróki - Áfangar Keflavík Skipavík Stykkishólmi - Nesbakki Neskaupsstað - Vélaleiga Húsavíkur - Verslanir Rönning Litabúðin Ólafsvík - Tengi - Byggt og búið - SR byggingavörur Siglufirði - Núpur Ísafirði Óskaþrif Hólmavík - **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## Hillur í tíma og rúmi

**Litlar, stórar, breiðar og mjóar. Búnar til úr pappa eða plasti, festar á vegg eða frístandandi, gamlar eða nýjar. Hvernig sem á það er litið koma þær að gagni, hillurnar.**

Langur vegur er frá hinum klassísku Billy-hillum til þeirra bókahilla sem hönnuðir víða um heim hafa látið sér detta í hug að búa til.

Formi á hillum virðast engin takmörk sett, þær geta verið pýramídalaga, hringlaga og jafnvel óendanlegar. Efnin geta einnig verið margvísleg. Hillur eru gerðar úr tré, plasti og í fáum en samt nokkrum tilvikum úr pappa.

Hvað sem því líður þá er notagildið fyrst og fremst það sem skiptir máli en hins vegar skaðar ekki að hillurnar séu til prýði.



Skemmtilega löguð bókahilla úr pappa.



Svo virðist sem þessi hilla sé að hruni komin.



Óendanleikinn endurspeglast í þessum flotta bókaskáp.

# landið mitt vesturland

FIMMTUDAGUR 28. MAÍ 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**● VEFSÍÐUR UM VESTURLAND** Það borgar sig alltaf að vera vel undirbúinn áður en lagt er af stað í ferðalag, til dæmis með því að kynna sér betur áfangastað. Á vefsíðunum www.nat.is/travelguide/ferdavisir_vesturland.htm og isl.westfjords.is er að finna alls kyns fróðleik um Vesturland og Vestfirði sem gæti komið sér vel.



Krakkar leika sér í Fossatúni, þar er fimm stjörnu tjaldsvæði. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Tröllagarðar í Borgarfirði

„Í júní bjóðum við upp á gönguferðir út frá Tröllafossum," segir Steinar Berg Ísleifsson, sem rekur ásamt konu sinni, Ingibjörgu Pálsdóttur, ferðaþjónustufyrirtækið Fossatún. Það stendur á bökkum Grímsár í Borgarfirði og er þar boðið upp á fimm stjörnu tjaldsvæði og veitingahús svo eitthvað sé nefnt.

Þá stendur Steinar fyrir nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu sem hann kallar Söguvettvangur í Fossatúni. „Það var ný lífsreynsla fyrir mig þegar ég uppgötvaði tröllkonumynd í klettunum á svæðinu. Þá ákvað ég að skrifa niður söguna um tröllkonuna sem brosti til mín steingerð í klettinum." Afraksturinn var bókin Tryggðatröll, sem kom út árið 2007 hjá JPV útgáfu, og var myndskreytt af Brian Pilkington, sem er löngu orðinn þekktur fyrir myndskreytingar sínar í bókum um íslenska þjóðtrú og vætti.

Nú eru þeir samstarfsmenn, Steinar og Brian, að ljúka við aðra sögu sem þeir nefna Tröllagleði. „Hún fjallar um tröll sem lenda í kreppuástandi og þurfa að finna lausn," upplýsir Steinar.

Ætlunin er síðan að koma upp tröllagarði í Fossatúni þar sem tröllin úr bókunum koma við sögu. Í gönguhringnum sem boðið er fyrst upp á í júní er búið að koma fyrir ellefu skiltum sem vísa til bókarinnar Tryggðatrölls. Einnig eru þar upplýsingar um tröll, náttúru og örnefni svæðisins.

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.steinsnar.is. *-vg*

Mynd eftir Brian Pilkington úr bókinni Tryggðatröll.





Minnisvarði um Jules Verne, höfund Leyndardóma Snæfellsjökuls, var nýverið reistur á Arnarstapa. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Leyndardómar Snæfellsjökuls laða að ferðamenn

**Ævintýrafólk á öllum aldri verður varla svikið af því að leggja leið sína á Arnarstapa í sumarfríinu. Þar er nú að finna hin einu sönnu göng að iðrum jarðarinnar.**



Kvikmyndin Journey to the Center of the Earth virðist eiga sinn þátt í vinsældunum.

Minnisvarði um franska rithöfundinn Jules Verne, sem skrifaði hina geysivinsælu vísindaskáldsögu Leyndardómar Snæfellsjökuls, var nýlega settur upp á Arnarstapa. Þar geta ferðamenn kynnt sér ýmislegt um rithöfundinn og skoðað hversu langt er til hinna ýmsu staða í heiminum með því að fara í gegnum jörðina. Þá má meira að segja líta með eigin augum séreftirlíkingu af innganginum að iðrum jarðar, sem sagt er frá í sögunni, og þó er hrunið fyrir.

Ferðaþjónustan Snjófell á Arnarstapa, sem annast meðal annars jöklaferðir, gistimöguleika og fleira á svæðinu, stóð fyrir uppsetningu minnisvarðans. Þar á bæ hefur verið meira en nóg að gera að undanförnu og hvert metið á fætur öðru slegið. „Ég hef ekki áður séð svona miklar pantanir erlendis frá eins og núna. En aukningin er jafnvel enn meiri í óskipulögðum ferðum," segir Sverrir Hermannsson, eigandi Snjófells.

Snæfellsjökull laðar ferðamenn að sem aldrei fyrr. „Það er búið að vera mikil ásókn í jökulinn að undanförnu. Við erum að vísu búin að vera rosalega óheppin með veður en þrátt fyrir það erum við að slá met. Við höfum verið að fara með þrjátíu til fimmtíu manns daglega upp á jökul. Það er miklu meira en í fyrra," segir Sverrir.

Kvikmyndin Journey to the Center of the Earth, sem Anita Briem lék í og var frumsýnd í fyrra, byggir á sögu Vernes. Vonir margra stóðu til um að myndin ætti eftir að skila fleiri ferðamönnum til landsins og virðast þær nú vera að rætast. „Einhverju af þessari aukningu er örugglega þessari mynd að þakka. Sumir biðja okkur líka um að sýna sér hvar þau fóru niður í myndinni, svo þetta er að skila einhverju." *-hhs*

Gisting á Akranesi

POSTURINN©2009

Er með þrjú 2ja manna herbergi til leigu á Bakkatúni 20.

Nánari upplýsingar á
www.leopold.is/gisting
Sími: 695 6255 / 588 3089

Afhverju að leita langt yfir skamt?

Velkomin, Jóhanna Leópoldsdóttir

# Forynjur finna sér samastað



MYND/MAGNÚS B. ÓSKARSSON

„Þarna ætlum við að halda utan um og sýna með lifandi hætti sögur sem hafa lifað með þjóðinni í gegnum aldirnar. Sumt af því sem við höfum grafið upp er hreint út sagt alveg ótrúlegt," segir Valdimar Gunnarsson, formaður Félags áhugamanna um stofnun Skrímslaseturs, sem verður opnað í miðbæ Bíldudals 12. til 14. júní.

Setrið státar af frásögnum af viðureignum manna og skrímsla við Arnarfjörð og eru að miklu leyti byggðar á sögum og heimildum sem Þorvaldur Friðriksson fréttamaður hefur safnað síðustu 25 ár. Um hugmyndina að setrinu segir Valdimar: „Atvinnuástand var ekki nógu gott hérna fyrir nokkru. Við vildum bæta úr því og setja af stað verkefni sem væri líklegt til að laða að ferðamenn. Um sama leyti hafði Kári G. Schram samband við okkur í vegna stofnunar skrímslaseturs og þá fór boltinn að rúlla."

Þrjú ár tók að hrinda hugmyndinni í framkvæmd, sem Valdimar segir að hefði ekki orðið að veruleika nema fyrir tilstilli fjölda sjálfboðaliða. „Ótrúlegt en satt lögðu 85 sjálfboðaliðar hönd á plóg við að gera upp frá grunni 800 fermetra gamla niðursuðuverksmiðju.

Þetta er sannkallað samfélagsverkefni í anda hins nýja Íslands."

Þess skal getið að aðeins helmingur safnsins verður opnaður almenningi um miðjan júní. Ráðert er að opna hinn hlutann á næsta ári, en ástæðuna má rekja til efnahagsástandsins. *-rve*




# ÓDÝRT SUMARFRÍ MEÐ NORRÆNU

# AKTU HRINGVEGINN MEÐ VIÐKOMU Í FÆREYJUM!

## SÉRTILBOÐ FÆREYJAR 10.400

Verð frá 10.400 á mann í klefa.
Verð miðast við að 4 ferðist saman með bíl og gisti í klefa.
Gildir aðeins í eftirtöldum brottförum:
Frá Seyðisfirði ~~20/5~~, ~~27/5~~ og 3/6
Frá Færeyjum ~~25/5~~,1/6 og 8/6



Ef þú ert að íhuga að ferðast innanlands í sumar þá ættir þú að nýta þér sértilboð Norrænu og koma við í Færeyjum. Það tekur aðeins 14.5 tíma að sigla til Færeyja og á leiðinni upplifir þú á hversu hrífandi hátt eyjarnar rísa úr hafinu. Það er enginn staður á jörðinni líkur eyjunum. Menningararfur og náttúrufegurð eru við hvert fótmál. Stórfengleg fjöll og björg skera eyjarnar í kynleg mynstur, endalausir litir og ilmur, einstök birta og sérstakt dýralíf sem er skemmtilegt að sjá og heyra. Færeyjar er alveg einstakur staður sem býður upp á að tengja saman ró og frið ásamt náttúru- og menningarupplifun. Ekki láta þetta frábæra tækifæri renna þér úr greipum, við eigum aðeins takmarkað magn eftir af klefum og bílplássi á þeim dögum sem tilboðið er í gildi.

## DANMÖRK 32.000

**Verð frá kr. 32.000** á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.
**Verð frá kr. 69.200** m.v. einn í 4m. klefa/inn á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.

## FÆREYJAR - DANMÖRK - EVRÓPA

Frá Hanstholm í Danmörku er aðeins um 4ra tíma akstur til Flensborgar sem er við landamæri Þýskalands og Danmerkur. Þaðan er einfalt að aka til allra átta í Evrópu. Upplifið fjölbreytileika Evrópu, ferðist um rómantískar sögulegar borgir og farið á heimsklassa uppákomur og viðburði sem eru í boði á hverjum degi.




BETRI STOFAN

**Breytt áætlun Norrænu skilar styttri siglingartíma -sjá www.smyril-line.is**

**AUSTFAR**
**Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111**
**austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is**

## DANMÖRK

Njóttu danska vorsins eða sumarsins í notalegum akstri um Danmörku. Leigðu þér sumarhús eða gistu á einhverju af þeim fjöldamörgu tjaldsvæða sem eru í boði um alla Danmörku. Fyrir þá sem ætla að gista á tjaldsvæðum er gott að skoða tengla okkar á heimasíðu smyril-line.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

***Smyril Line Ísland***
**NORRÆNA**
**FERÐASKRIFSTOFAN**
**Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600**
**Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is**
**www.smyril-line.is**



## ● SJÖ GÖNGU- OG REIÐLEIÐAKORT UM VESTFIRÐI

Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa gefið út sjö göngukort um Vestfirði. „Fyrstu fjögur kortin komu út fyrir nokkrum árum og svo lukum við þessu í vor og því er nú búið að kortleggja alla Vestfirði auk Dalasýslu," segir Sigurður Atlason hjá Strandagaldri.

Kortin eru vönduð í alla staði en þar er að finna alls um 350 gönguleiðir og reiðleiðir auk GPS-punkta. Kortin eru skýr og auðveld í notkun að sögn Sigurðar og eru ómissandi fyrir þá sem leggja upp í göngur og hestaferðir um svæðið.

„Gríðarleg vinna hefur verið lögð í að endurvinna örnefnaskrá og bæta við hana," segir Sigurður og bætir við að aftan á kortunum séu upplýsingar um hverja og eina gönguleið auk upplýsinga um aðra athygliverða staði.




„Kortin hafa mælst mjög vel fyrir enda eru þau á mjög góðu verði," segir Sigurður en hvert kort kostar 690 krónur.

Þeir sem vilja nálgast kortin geta keypt þau í gegnum vefsíðuna www.strandir.is/gongukort og fer kortið í póst sama dag og pantað er.



Börnin upplifa ævintýri með Sæferðum sem er aðili að verkefninu en það er styrkt af iðnaðarráðuneytinu, Ferðamálastofu, Nýsköpunarmiðstöð og Háskólanum á Hólum. MYND/FRANK BRADFORD



Alltaf er eitthvað spennandi að gerast á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði. MYND/ÚR EINKASAFNI



Tröll taka á móti ungum ferðalöngum í Fossatúni, þar sem tjaldsvæði er meðal annars í boði. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Brúður flytja í Borgarnes

Hjónin Bernd Ogrodnik og Hildur M. Jónsdóttir standa í stórræðum þessa dagana. Þau hafa fest kaup á tveimur pakkhúsum og gömlum verslunarhúsum Kaupfélags Borgfirðinga í Englendingavík í Borgarnesi og ætla að opna þar vinnustofu, kaffihús, leikhús og leikbrúðusafn að ári.

„Við vorum að flytja hingað frá Skíðadal fyrir norðan þar sem Bernd var með stóra vinnustofu og vann að mörgum sýningum og verkefnum fyrir leikhús, kvikmyndir og sjónvarp," segir Hildur en Bernd er landsþekktur leikbrúðusmiður.

Þau hjónin eiga orðið gríðarlegt magn af munum og brúðum, allt frá Pappírs-Pésa sem var fyrsta verkefni Bernds hér á landi til Einars Áskels sem er eitt nýjasta verkefnið.

Hugmyndin að leikbrúðusafni vaknaði út frá þeim fjölda heimsókna sem þau hjónin fengu í Skíðadal frá áhugasömum ferðamönnum. „Þegar kreppan skall á veltum við því fyrir okkur hvort Skíðadalur væri of afskekktur fyrir slíkt safn," segir Hildur en heimsókn þeirra til vinafólks í Borgarnesi í vetur varð til þess að hugmyndin um að byggja upp ferðaþjónustustarfsemi í Borgarnesi varð til.



Bernd Ogrodnik með Einar Áskel sem verður til sýnis á leikbrúðusafninu Brúðuheimum þegar það opnar að ári. MYND/EDDI

„Þetta leggst mjög vel í okkur enda höfum við fengið frábærar viðtökur frá stjórn bæjarfélagsins og íbúunum sjálfum," segir Hildur sem sér fram á að vinna við hönnun á safninu og viðgerð á húsum muni taka um ár, en Bernd og Hildur tóku að sér að klára endurgerð á húsunum í Englendingavík. Hún gerir því ráð fyrir að leikbrúðusafnið Brúðuheimar verði opnað í maí árið 2010. *- sg*

# Ævintýri handan hornsins

**Reiknað er með að Íslendingar ferðist meira innanlands í sumar en síðustu ár. Á Vesturlandi hefur verið brugðist við með sérsniðinni þjónustu fyrir börn.**

Nokkrir þjónustuaðilar á Vesturlandi hafa tekið höndum saman með það að leiðarljósi að efla menningartengda ferðaþjónustu fyrir börn. Forsvarsmaður verkefnisins, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, telur um nýjung að ræða sem muni vonandi gera upplifun barna af Vesturlandi enn skemmtilegri.

„Börn verða oft svolítið út undan á ferðalögum um Ísland og þess vegna leiðist þessum greyjum, öfugt við það sem gerist til dæmis í Danmörku þar sem alltaf er tekið mið af börnum og þeirra þörfum. Okkur datt í hug að bæta úr þessu með því að efla og þróa þjónustu sem einblínir sérstaklega á börn," útskýrir Sigurborg og bætir við að fjölbreytni sé höfð í fyrirrúmi eins og sjáist af þeim sem að verkefninu standa.

„Á Landnámssetrinu í Borgarnesi og á Eiríksstöðum í Dölum gefst börnum kostur á að hverfa aftur til víkingatímans. Einstök



Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá Sögumiðstöðinni Grundarfirði, er í forsvari fyrir samstarfsverkefnið.

náttúrufegurð mætir þeim í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Hægt er að handfjatla leikföng frá 7. áratug í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði, setja sig í spor Halldórs Laxness á Gljúfrasteini, upplifa ævintýri með Sæferðum í Stykkishólmi, komast í kynni við tröll í Fossatúni, fara í fjársjóðsleit og skoða huldubyggð í kringum sveitahótelið á Hraunsnefi og heimsækja sveitabæ á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði þar sem eitthvað spennandi er alltaf að gerast."

Sigurborg segir að margt af því sem boðið verði upp á hafi þegar verið fyrir hendi en sumt meira hugsað fyrir fullorðna. Þjónustuaðilarnir hafi hins vegar ákveðið að ganga skrefinu lengra með því að stilla betur saman strengi, en hún viti ekki til þess að margir innan ferðaþjónustu hafi tekið sig saman með þessum hætti hérlendis.

Að hennar sögn markar svo útgáfa á sérstöku Vesturlandskorti fyrir börn í júní upphaf verkefnisins. „Þannig geta börnin gerst leiðsögumenn í bílnum hjá foreldrum sínum," segir Sigurborg. Fyrst um sinn verður allt kynningarefni sem verkefninu tengist fáanlegt á íslensku. Útgáfa á erlendu kynningarefni er fyrirhuguð er fram líða stundir. „Við ætlum fyrst að einblína á íslenska markaðinn; skólahópa í haust. Á næsta ári ætlum við að taka erlenda ferðamenn með börn með í reikninginn."

Sigurborg segist vona að verkefnið hafi víðtæk áhrif á ferðaþjónustu á Ísland. „Við ætlum að vera leiðandi svo Vesturland verði þekktur áfangastaður fyrir fjölskyldur. Vonandi smitar þetta út frá sér svo almennt verði betur tekið á móti ungum ferðalöngum." *- rve*

**Eitt mesta úrval landsins af ljósum og glitmerkjum fyrir vagna og farartæki**



**Bílasmiðurinn hf.**
**Bíldshöfða 16 s. 567 2330**



Á allnokkrum stöðum á Vestfjörðum má eiga von á því að sjá seli.

# Dýralíf og náttúra heilla

Stórbrotin og oft og tíðum hrikaleg náttúra Vestfjarða hefur mikið aðdráttarafl og heillar marga ferðamenn enda láta þverhnípt björg og návígið við hafið og tilkomumikla náttúruna engan ósnortinn.

Þá er dýralífið fjölskrúðugt og finnst mörgum ferðamönnum sérstaklega mikið ævintýri að komast í návígi við seli þar sem þeir flatmaga í fjörunni. Á allmörgum stöðum á Vestfjörðum má eiga von á því að sjá þessi vinalegu dýr: í Djúpinu, á Ströndum, Rauðasandi, Barðaströnd og í Breiðafjarðareyjum.

Þá flykkjast fuglaáhugamenn til Vestfjarða í stórum stíl en á Hornströndum teljast til að mynda um þrjátíu til fjörutíu tegundir varpfugla. Af fjölmörgum sjávarbjörgum á Hornströndum má nefna Hornbjarg og Hælavíkurbjarg en þau eru, að því er segir á www.vestfirdir.is, sannkölluð paradís fyrir fugla og fuglaskoðara. -ve



Fagurt er í Flatey. Þar er enn búið allt árið um kring. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kyrrð, tímaleysi og friður í Flatey

Ferjan Baldur gengur á milli Stykkishólms og Brjánslækjar tvisvar sinnum á dag með viðkomu í Flatey í hverri ferð frá 10. júní til 20. ágúst.

Hægt er að gera ferðalagið mun fjölbreyttara með því að sigla aðra leiðina og fara svo akandi afganginn af hringferðinni um Vestfirðina.

Tilvalið er að hafa viðkomu í Flatey í leiðinni; senda bifreiðina áfram í umsjón áhafnar ferjunnar og dvelja í Flatey um stundarsakir, allt frá tæpum þremur og upp í níu klukkustundir.

Einnig er alltaf hægt að gista á hinu vinalega Hótel Flatey sem er í nýuppgerðu smekklegu húsi þar sem gamli tíminn er í hávegum hafður á nútíma vísu. Þeir sem hafa gist á hótelinu hafa gjarnan lýst dvölinni með þremur orðum: kyrrð, tímaleysi og hvíld.

Ferðalangar sem kjósa að dvelja um skemmri eða lengri tíma í Flatey taka aftur við bifreið sinni í viðkomandi höfn eftir siglinguna þaðan.



Baltasar Samper málaði altaristöfluna í Flateyjarkirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR





Fjölskylduparadís í Dýrafirði

...vikudvöl á viðráðanlegu verði!



Á Þingeyri er einstakt tjaldsvæði fyrir ferðalanga í húsbílum, hjólhýsum eða tjaldvögnum þar sem vikudvöl kostar aðeins 14 þús fyrir alla fjölskylduna! Jafnframt er boðið upp á íþróttanámskeið fyrir börnin alla virka daga fyrir aðeins 5 þús á barn. **Samtals kostar vikudvölin því aðeins 24 þús fyrir 4ra manna fjölskyldu.** Þá má ekki gleyma frábærum golfvelli, sem þú mátt nota að vild fyrir aðeins 5 þús á viku á mann (frítt fyrir börnin).

Náttúrfegurð í Dýrafirði er einstök og undirlendi meira þar en víðast hvar á Vestfjörðum. Hann er miðsvæðis á Vestfjarðakjálkanum og því stutt þaðan á aðra markverða staði. Mikil uppbygging í ferðaþjónustu hefur átt sér stað í Dýrafirði á síðustu árum, sem kemur flestum þægilega á óvart. Þar má nefna, veitinga- og kaffihús, fjölbreytta gistiþjónustu á gistiheimilum og á hótelum, kvöldvökur á víkingasvæðinu, siglingar á víkingaskipi, gönguferðir á slóðir Gísla Súrssonar, hestaferðir, sjóstangaveiði, silungsveiði, blakvelli, sundlaug , íþróttahús með líkamsræktaraðstöðu, fótboltavelli, vélsmiðjusafn, frábærar gönguleiðir, o.m.fl.





**Kannaðu málið, www.þingeyri.is**

www.thingeyri.is














Einfalt er að komast til Dýrafjarðar með því að taka bílaferjuna Baldur frá Stykkishólmi til Brjánslæks, með viðkomu í Flatey, og aka þaðan til Þingeyrar.
MYND/ÞRÓUNARFÉLAG DÝRAFJARÐAR

# Sælureitur í Dýrafirði

**Mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu í Dýrafirði síðustu ár og getur öll fjölskyldan fundið þar eitthvað við sitt hæfi.**


**Víkingagarðurinn er við jaðar Þingeyrar en þar er góð aðstaða fyrir hópa. Nánari upplýsingar um Dýrafjörð má finna á þingeyri.is og í síma 897 9808.**

„Dýrafjörður er miðsvæðis á Vestfjörðum og hér höfum við markvisst byggt upp heildstæða ferðaþjónustu í rúm sex ár," segir Þórhallur Arason, formaður Þróunarfélags Dýrafjarðar og Víkingafélagsins þar um slóðir.

„Við teljum að úrvalið hér í ferðaþjónustu komi mörgum þægilega á óvart. Má þar nefna veitinga- og kaffihús af bestu gerð, fjölbreytta gistiþjónustu, kvöldvökur á víkingasvæði, siglingar á víkingaskipi, gönguferðir á slóðir Gísla Súrssonar, hestaferðir, sjóstangveiði, silungsveiði, sundlaug, íþróttahús með líkamsræktaraðstöðu og margt fleira," segir Þórhallur og nefnir að auk þessa sé náttúrufegurð í Dýrafirði einstök og undirlendi þar meira en víðast hvar á Vestfjörðum.

Lagt var af stað með menningartengda ferðaþjónustu og á saga Gísla Súrssonar þar stóran þátt. „Hann kom í Dýrafjörðinn árið 952 og upp úr því verður til hin fræga Gísla saga Súrssonar. Við tókum okkur því til og byggðum víkingagarð á Þingeyri, í jaðri þorpsins, við hliðina á tjaldsvæðinu, sundlauginni og íþróttasvæðinu með það að markmiði að taka á móti ferðamönnum og fjölskyldufólki. Þar er góð aðstaða og ýmis mannvirki í anda víkinga eins og til dæmis víkingahringur með sviði, danspallur, langeldur og langborð sem taka um 450 manns. Þetta var í raun kveikjan að öllu saman," segir Þórhallur áhugasamur.


**Víkingaskipið Vésteinn var smíðað á Þingeyri.**

Um þessar mundir er verið að stækka tjaldsvæðið á Þingeyri og verður boðið upp á kostakjör fyrir fjölskyldur í sumar. „Þá mun vikudvöl einungis kosta 14.000 krónur fyrir alla fjölskylduna í húsbíl, hjólhýsi eða fellihýsi en 7.000 krónur ef gist er í tjaldi. Inni í verðinu er öll aðstaða og aðgangur að salerni, þvottavél og þurrkara og ókeypis í sund fyrir börn. Jafnframt er boðið upp á íþróttanámskeið fyrir börn alla virka daga og kostar það einungis 5.000 krónur á viku. Á meðan geta foreldrarnir farið í golf eða hvaðeina sem hugurinn girnist en golfvöllinn má nota að vild fyrir einungis 5.000 krónur á viku og frítt er fyrir börn," segir Þórhallur. *- hs*

# Lopinn vinsæll meðal Dana

„Verslun hefur verið rekin í húsinu við Hafnargötu 4 í Stykkishólmi frá árinu 1937," segir Dagbjört Höskuldsdóttir, kaupmaður í Sjávarborg, sem opnuð var fyrir um einum og hálfum áratug. „Staðsetningin er í miðjum gamla bænum þar sem öll gömlu húsin eru," bætir Dagbjört við, sem hefur gert nokkuð af því að ganga með ferðamenn um gamla bæinn.

Hún segir Sjávarborg verslun í anda gömlu kaupfélaganna með því breiða vöruúrvali sem einkenndi þau. „Í hillunum er að finna ýmislegt eins og gjafavörur, bækur, ritföng, garn og lopa svo eitthvað sé nefnt." Hún bætir við að yfir sumartímann fáist líka gos, sælgæti og ís.

„Íslenski lopinn er vinsæll núna," segir Dagbjört, sem hefur sannarlega orðið vör við mikinn prjónaáhuga. „Nýlega komu hingað inn danskar konur sem voru alsælar með íslenska lopann sem þær keyptu."

Aðspurð um bókaúrvalið segir hún: „Ég fæ flestar bækur sem koma út og eru bækur í kiljuformi þar í miklum meirihluta."

Dagbjört, sem er sjálf fædd og uppalin í Stykkishólmi, hvetur Reykvíkinga í öllu krepputalinu til að gera sér ferð í Hólminn í sumar, enda tekur ekki nema um tvo tíma að aka þangað. *- vg*


**„Íslenski lopinn er vinsæll núna bæði hjá erlendum ferðamönnum og Íslendingunum," segir Dagbjört Höskuldsdóttir, kaupmaður í Sjávarborg.** MYND/ ÚR EINKASAFNI


truma
Ertu þreyttur á að PUÐA
með hjólhýsið ?.......
TrumaMover leysir málið !
Nú á tilboði undir komið
TILBOÐ 279.000.- KR
á meðan birgðir endast
Miðstöðvar
Vatnshitari
Boiler B 14 L.
220 v. hitun
Ultraheat
Therme
Gas-skiptir
BBQ Point
DuoControl
Vatnstælur
Gott verð !
RoboMop
Fylgir með ef verslað er fyrir 20.000 kr eða meira. Gildir aðeins í verslun
Stólar á tilboði..
9.900 kr.
9.900 kr.
3.990 kr.
3.900 kr.
Flott borð flott verð !
Ruslafötur
Kaffi/matarstell
Gasþjónustan
Gerir allt sem viðkemur gasi
OPIÐ :
mán-fös kl : 8-18
laugardaga kl : 10-16
Eir-rör
Gasslöngur
Þrýstiminnkarar
Gasskynjarar
Gas-Kranar
Fittings/tengi
Verkstæði fyrir allar tegundir ferðavagna.
Mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir.
Full búð af ferðavörum og aukahlutum.
Yfir 45 ára reynsla og þjónusta
Bílaraf
Gasþjónustan
Gleðilegt ferðasumar !
Strandgata 75 - 220 Hafnafjörður - sími 564 0400 - www.bilaraf.is - www.bilaraf@bilaraf.is



Alls kyns menningartengd starfsemi þrífst í Sauðfjársetrinu á Ströndum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Belgjahopp og hrútadómar

Sauðfjársetur á Ströndum er afar lifandi og skemmtilegt safn og menningarsetur sem er starfsrækt í félagsheimilinu Sævangi við Steingrímsfjörð, rétt sunnan Hólmavíkur.

Í safninu er meðal annars hægt að skoða fasta sýningu sem kallast Sauðfé í sögu þjóðar og er stíluð inn á alla fjölskylduna. Í húsinu er einnig að finna kaffisölu, vísindahorn, handverkssölu og barnahorn.

Þá er dagskrá í gangi allt sumarið. Meðal reglulegra viðburða má nefna Furðuleikana, þar sem keppt er í belgjahoppi, ruslatínslu og fleiri furðuíþróttum, og hrútadóma, þar sem dómnefnd skoðar hrúta og flokkar eftir gæðum.



Nánari upplýsingar á www.strandir.is.



Safnið geymir ýmsa merkilega muni sem tengjast sögu landbúnaðar á Íslandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Tæknivæðing í gegnum tíðina

Búvélasafnið á Hvanneyri hefur það markmið að sýna þróun tæknivæðingar í landbúnaði á Íslandi í gegnum tíðina og fræða fólk um þýðingu hennar fyrir þessa atvinnugrein.

Safnið telur ýmsa merkilega muni, tæki og tól, sem tengjast landbúnaði með einum eða öðrum hætti. Þar á meðal Ólafsdalsplóginn sem Torfi Bjarnason, fyrrverandi skólastjóri Bændaskólans í Ólafsdal, og nemendur hans hönnuðu á árunum 1880 til 1907. Einnig tvær elstu dráttarvélar sem komu til landsins skömmu eftir 1920.

Eins má nefna einn merkasta gripinn, International 10/20 dráttarvélin, sem gegndi mikilvægu hlutverki í ræktunarátakinu á fjórða tug 20. aldar. Þá eru Farmal A- og Ferguson TE 20-dráttarvélarnar fulltrúar eftirstríðsáranna í íslenskum landbúnaði, en þá voru slík tæki að verða algeng í sveitinni.

Nánar á www.nat.is/Sofn/hvanneyri_buvelasafn.htm.



Farmal A- og Ferguson TE 20-dráttarvélarnar eru fulltrúar eftirstríðsáranna í íslenskum landbúnaði.

# Sungið fyrir orgelsjóð

Mótettukór Hallgrímskirkju verður á tónleikaferðalagi í næstu viku í framhaldi af vortónleikum kórsins í Hallgrímskirkju. Kórinn syngur á AIM-hátíðinni á Akureyri 4. júní en mun syngja fyrir orgelsjóð í Stykkishólmskirkju 6. júní og í Reykholtskirkju í Borgarfirði sunnudaginn 7. júní. Báðir tónleikarnir fara fram klukkan 20.

Aðalverk efnisskrárinnar er Messa fyrir tvo kóra án undirleiks eftir Frank Martin. Tónverkið Hallgrímur lýkur Passíusálmunum eftir Jón Hlöðver Áskelsson, sem samið var við ljóð eftir Hannes Pétursson verður frumflutt í nýrri endurgerð. Einnig verða flutt verk af geisladisknum Ljósið þitt lýsi mér sem kórinn gaf út nýverið, meðal annars ný kórútfærsla á sönglagi Jóns Leifs Vertu Guð faðir, faðir minn, Ave María eftir Hjálmar H. Ragnarsson og verk eftir Huga Guðmundsson, Önnu S. Þorvaldsdóttur, Báru Grímsdóttur, Tryggva M. Baldvinsson, Jón Hlöðver Áskelsson og Smára Ólason. *-sg*



Hörður Áskelsson stjórnar Mótettukór Hallgrímskirkju á tónleikaferðalagi kórsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

32 fm bílskúr til leigu á svæði 110. Verð 30 þ. S. 8670952.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

## Atvinna í boði

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast í dyravörslu og á bar.**
**Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Veitingahús**
**Veitingahús óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús.**
**Uppl. í s. 617 2929.**

**Húsfélag í Breiðholti óskar eftir að ráða húsvörð til starfa.**
**Búseta í húsinu er skilyrði og fær viðkomandi íbúð til afnota.**

**Starfssvið:**
**-Almennt viðhald á fasteign**
**-Umhirða lóðar**
**-Ræstingar**
**-Önnur tilfallandi verkefni.**

**Viðkomandi þarf að vera:**
**-Handlaginn og lipur í samskiptum**
**-Reglusamur og samviskusamur**
**-Þjónustulundaður**
**Umsóknir sendist á tjonusta@365.is merkt „Húsvörður" fyrir 7. júní.**

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

Óskum eftir vönum bílasölumanni í sumarafleysingar. Uppl. í s. 895 4444 & 577 4747, milli kl. 10-17 eða senda umsóknir á hogni@hofðabilar.is

**Matreiðslunemi óskast**
**Við á Domo viljum bæta við okkur matreiðslunema. Einnig vantar okkur matreiðslumann eða aðstoð í eldhúsi.**
**Sendið umsoknir á viktoro@simnet.is**

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Vantar mann til að vera með 10 tn bát á handfærum í sumar. Gert er út frá Suðurnesjum. Uppl. í síma 8929341

Handflakarar Fiskvinnsla í Svíþjóð óskar eftir vönum bol-og flatfisk handflökurum, afkastatengd laun. Upplýsingar í síma 0046768050165 eða á flatfiskur@gmail.com

Óska eftir skipstjóra, stýrimanni og vélstjóra á 100 tonna bát frá Rvk. Uppl. s. 821 6664 & 893 5590.

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

## Atvinna óskast

2 smiðir með áralanga reynslu geta bætt við sig verkefnum. Föst tilboð eða tímavinna. Uppl.í síma 8991794 eða 6923099

Smiði vantar vinnu. Áhugasamir hafið samb. í s. 847 0638.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Fundir

**Aðalfundur Fiskeyjar hf. verður haldinn í fundarsal Brim hf., Fiskitanga, Akureyri, fimmtudaginn 4. júní 2009 klukkan 14:00.**

**Dagskrá:**
**Venjuleg aðalfundarstörf.**

**Tillaga um heimild til kaupa á bréfum félagsins skv. 55. grein hlutafélagalaga nr. 2/1995**

**Önnur mál löglega upp borin.**
**Stjórnin**

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Maltakur 7- nýjar íbúðir í Garðabaæ**








Stórglæsilegar og vel hannaðar 2ja- 3ja herb. íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðunum eru stór og björt rými. Svefnherbergi eru með innbyggðum fataherbergjum og mörg með sér baðherbergjum. Sannkallaðar hjónasvítur. Góð svefnherbergi og rúmgóðar stofur með sambyggðu eldhúsi á móti suðri.

**OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL 17:00 - 18:30**

## Tilkynningar

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags skipstjórnarmanna verður haldinn að Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 29. maí nk. Fundurinn hefst kl. 1400, salur Háteigur B, fjórðu hæð.

Venjuleg aðalfundarstörf.

***Stjórnin.***

Straumur

### Greiðslustöðvun Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. - Fundarboð

Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf. (hér eftir Straumur) er fjármálafyrirtæki með viðskiptabankaleyfi, sem veitt var í ágústmánuði 2007. Fyrirtækið fellur undir lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. Hinn 9. mars 2009 ákvað Fjármálaeftirlitið að skipa skilanefnd fyrir bankann sem tók við öllum heimildum stjórnar félagsins skv. ákvæðum laga nr. 2/1995, sbr. 100. gr. a laga nr. 161/2002 sem þá var í gildi.

Fjármálaeftirlitið lagði fyrir skilanefnd að óska eftir heimild til greiðslustöðvunar, með bréfi dags. 17. mars 2009. Að beiðni skilanefndar var Straumi veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. mars 2009. Sama dag var undirritaður skipaður aðstoðarmaður félagsins á greiðslustöðvunartíma. Heimildin til greiðslustöðvunar gildir til fimmtudagsins 11. júní 2009, kl. 13:15, er málið verður tekið fyrir að nýju í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík.

Unnið er að því að hámarka virði eigna og undirbúa aðgerðir til að koma nýrri skipan á fjármál bankans. Með vísan til 13. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er hér með boðað til fundar með lánardrottnum Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. og verður hann haldinn í fundarsal á 2. hæð í Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 5. júní 2009 kl. 10.00. Á fundinum verður gerð grein fyrir stöðu félagsins og áætlunum um aðgerðir til að koma nýrri skipan á fjármál þess og leitað eftir viðhorfi fundarmanna til þeirra ráðagerða.

Reykjavík, 25. maí 2009.
Virðingarfyllst
Hörður Felix Harðarson, hrl.

Straumur

### Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf. Auglýsing um innköllun til skuldheimtumanna o.fl.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2009 var Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf., kt. 701086-1399, Borgartúni 25, Reykjavík, veitt heimild til greiðslustöðvunar til 11. júní 2009. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 hefur Héraðsdómur Reykjavíkur skipað bankanum slitastjórn sem hefur meðal annars með höndum meðferð krafna á hendur bankanum meðan greiðslustöðvun stendur og eftir að slitameðferð hefst að lokinni greiðslustöðvun.

Frestdagur er 9. mars 2009. Upphafsdagur kröfumeðferðar miðast við gildistöku laga nr. 44/2009 og er 22. apríl 2009, sbr. nánar 1. mgr. og 2. málslið 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009.

Með innköllun sem birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 18. maí 2009 var skorað á alla þá sem telja til hvers kyns skulda eða annarra réttinda á hendur Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf. eða eigna í umráðum bankans að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir slitastjórn bankans innan tveggja mánaða frá þeirri auglýsingu. Kröfulýsingarfrestur rennur samkvæmt því út 18. júlí 2009. Kröfulýsingar skulu sendar bréflega til slitastjórnar bankans að Borgartúni 25, 105 Reykjavík, og skal efni þeirra vera í samræmi við fyrirmæli 2. og 3. mgr. 117. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Vegna áðurnefndra ákvæða 1. mgr. og 2. málsliðar 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009, er því beint til kröfuhafa að í kröfulýsingu komi fram staða kröfu þann 22. apríl 2009.

Kröfum í erlendri mynt skal lýst í viðkomandi mynt. Kröfuhöfum frá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða Fríverslunarsamtaka Evrópu er heimilt að lýsa kröfum á tungumáli heimalands síns. Slíkum kröfulýsingum skal fylgja íslensk þýðing, en þó er heimilt að lýsa kröfu á ensku án þess að þýðing fylgi. Aðrir kröfuhafar geta lýst kröfum sínum á ensku.

Sé kröfu ekki lýst innan framangreinds frests gilda um það sömu réttaráhrif og um vanlýsingu kröfu samkvæmt 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 og telst hún þá fallin niður gagnvart Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf. nema undantekningar í 1. – 6. tölulið lagagreinarinnar eigi við.

Sérstaklega er áréttað að með því að lýsa kröfu sinni telst kröfuhafi hafa fallist á brottfall þagnarskyldu (bankaleyndar) að því er varðar viðkomandi kröfu.

Í áðurnefndri auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er boðað til kröfuhafafundar og verður hann haldinn að Hilton Hotel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, fimmtudaginn 6. ágúst 2009 kl. 09.30. Rétt til setu á fundinum eiga þeir sem lýst hafa kröfu á hendur bankanum. Á fundinum verður fjallað um skrá yfir lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar að því leyti sem hún liggur þá fyrir. Skrá um lýstar kröfur verður aðgengileg þeim sem lýst hafa kröfum á hendur bankanum að minnsta kosti viku fyrir framangreindan fund.

Nánari upplýsingar um kröfulýsingar og meðferð krafna munu gerðar aðgengilegar á heimasíðu bankans, www.straumur.com. Beinir slitastjórn þeim tilmælum til kröfuhafa að þeir upplýsi um tölvupóstfang sitt eða umboðsmanns síns í kröfulýsingu til að auðvelda miðlun upplýsinga.

Reykjavík 26. maí 2009
Í slitastjórn Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf.
Hörður Felix Harðarson hrl.
Lilja Jónasdóttir hrl.
Ragnar Halldór Hall hrl.

# KREPPUSLÁTTUR

Garðsláttur, þökulagnir, hellulagnir og öll almenn garðvinna frábær verð og mikil reynsla

**Hlynur s: 8633492**

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

**Aðalskipulagsbreyting á Merkilandstúni á Selfossi**
Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005 - 2025.

Svæðið sem breytingin nær til afmarkast af Austurvegi í norðri, Gaulverjabæjarvegi í austri, opnu svæði til sérstakra nota (hesthúsahverfi) í suðri og í vestri af lóð Bykó, Langholti 1 og Austurvegi 66, aðveitustöð rafmagns.

Sú breyting er gerð á aðalskipulaginu að í stað óbyggðs reits austan Austurvegar 66, fær reiturinn landnotkunarflokk fyrir blandaða notkun verslunar-, þjónustu- og athafnasvæðis, eins og fyrir er á svæðinu.

**Tillaga að deiliskipulagi á Merkilandstúni á Selfossi.**
Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á Merkilandstúni á Selfossi.

Svæðið sem breytingin nær til afmarkast af Austurvegi í norðri, Gaulverjabæjarvegi í austri, opnu svæði til sérstakra nota (hesthúsahverfi) í suðri og í vestri af lóð Byko Langholti 1 og Austurvegi 66, aðveitustöð rafmagns.

Markmið deiliskipulagsins er að mynda heillega byggð verslana, þjónustur og athafnasvæða. Aðalaðkoma akandi umferðar er um Larsenstræti bæði frá Langholti og Gaulverjabæjarvegi. Á deiliskipulaginu er sýndar 11 lóðir frá 2.589 til 9.380 m2 að stærð. Byggingar mega vera 1 - 3 hæðir er þriðja hæð má ekki vera stærri að flatamáli en sem svarar 2/3 af grunnfleti 2. hæðar. Nýtingarhlutfall 0,3 til 0,5. Heimilt er að auka nýtingarhlutfall upp í 0,7 með því að vera með hluta bílastæða neðanjarðar.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst er samhliða auglýsingu um breytt aðalskipulag tekur ekki gildi fyrr en aðalskipulagstillagan hefur öðlast gildi.

**Tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Vallholt 19 á Selfossi.**
Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Vallholt 19 á Selfossi.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er byggingarreitur stækkaður til suðurs og vesturs. Á byggingarreit til vesturs, sem snýr að Vallholti 17 má byggja einnar hæðar byggingu. Á byggingarreit sem snýr til suðurs, að Vallholti má byggja tveggja hæða byggingu. Samtals eykst byggingarmagn á lóðinni um 980 m2 Hámarks nýtingarhlutfall verður 0.64. Hámarks hæð bygginga á lóðinni verður 9.0 m.

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi að Eyrargötu 51 - 53 á Eyrarbakka..**
Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Eyrargötu 51 - 53 á Eyrarbakka í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagstillagan afmarkast af lóðinni Eyrargata 51-53 auk 1.496 m2 og landræmu með sjóvarnargarði til vesturs. Ekki fylgir byggingarréttur landræmu þessari. Heildarstærð deiliskipulagsreitsins er 7417 m2.

Á lóðinni Eyrargata 51-53 var starfrækt frystihús en hefur nú hluta þess verið breytt í íbúðir og gerið deiliskipulagið ráð fyrir að þær byggingar sem eru á lóðinni verði endurbættar og byggt við þær.

Byggingar á lóðinni verða 2 hæðir og hámarkshæð bygginga verður 8,5 m yfir gólfkóta. Sú bygging sem nú er hæðst á lóðinni er 7,6 m. Hámarks nýtingarhlutfall er 0,65.

Í húsnæðinu er fyrirhugað að starfrækja ferðamannaþjónustu, veitingastað, gistiaðstöðu, safn og menningartengda starfsemi.

Teikningar og greinargerðir vegna skipulagstillagnanna munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Árborgar Austurvegi 2 Selfossi frá og með 28. maí til og með 25. júní 2009.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 9. júlí 2009 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja þær.

Selfossi, 22. maí 2009

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

# Ómur úr fjarska í Draumalandinu

**UMRÆÐAN**
Jón Kristjánsson skrifar um Draumalandið


JÓN KRISTJÁNSSON

Þorfinnur Guðnason sendir okkur Skúla Thoroddsen svargrein við hugleiðingum okkar í Fréttablaðinu um Draumalandið. Sérstaklega virðast fara í taugarnar á honum bollaleggingar um hvort myndin sé heimildarmynd eða áróðursmynd. Það er skiljanlegt að höfundur ágætra heimildarmynda sé viðkvæmur fyrir þessari umræðu. Það verður hins vegar að hafa það. Framleiðendur myndarinnar verða að þola mismunandi skoðanir á verkinu. Ég sagði reyndar í grein minni að erfitt væri að draga skýrar markalínur á milli heimildar- og áróðursmynda, og ég get til samkomulags fallist á að myndin sé góð heimildarmynd um það sem þeir túlka neikvætt um framkvæmdirnar fyrir austan. Öllu jákvæðu er sleppt. Þess vegna er myndin áróður fyrir sjónarmiðum framleiðenda sinna. Ef hún er það ekki, þá veit ég ekki hvað áróður er.

Þorfinnur seilist til súrrealistanna um samlíkingar auk þess sem hann getur um baráttu Jónasar Jónssonar við „myndlist klessumálaranna“ í Gefjunarglugganum á sínum tíma, þar sem hauslausir menn voru að velta olíutunnum frá Héðni Valdimarssyni að hans sögn. Þetta var í málverki eftir Þorvald Skúlason. Þessi samanburðarfræði Þorfinns flokkast undir skemmtilegan útúrsnúning, enda er súrrealismi skemmtileg og stórmerkileg stefna í listum og bókmenntum Hins vegar á ég ekki von á að við Skúli Thoroddsen verðum settir á stall með Jónasi Jónssyni eða hinum ágæta belgíska súrrealista Magritte í framtíðinni.

Þorfinnur sakar okkur um að vilja ekki horfa á stóru myndina og spyrja alvöru spurninga. Til dæmis hverju þetta hefur skilað okkur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að framleiðendur myndarinnar Draumalandið hafi fallið í þá gryfju sem við erum sakaðir um. Þeir hafa hellt sér af krafti í að túlka með áhrifaríkum og áróðurskenndum hætti allt sem talið er neikvætt í þessum framkvæmdum og sleppt heildarmyndinni. Til dæmis hverju þær hafa skilað þjóðinni. Þær hafa skilað miklum útflutningstekjum og öflugri atvinnustarfsemi. Staðbundin áhrif eru þau að fleiri stoðum hefur verið rennt undir atvinnulífið austanlands. Hins vegar hafna ég því algjörlega að það komi í veg fyrir að alls konar hugmyndir aðrar um atvinnuuppbyggingu nái fram að ganga þar eða annars staðar.

Það er látið að því liggja að framkvæmdirnar fyrir austan séu upphaf og endir þeirra vandræða sem uppi eru í samfélaginu núna. Það er algjörlega órökstudd fullyrðing og efni í langar umræður sem ég ætla að sleppa að sinni að öðru leyti en því að þenslan og skuldsetningarnar áttu sér ekki lögheimili á Austurlandi. Það þarf ekki annað en að fara í bíltúr hér á höfuðborgarsvæðinu með opin augun til þess að líta draugabæi og stórhýsi sem reist voru án þess að hin brýna þörf lægi í augum uppi. Fyrir austan var verið að reisa framleiðslufyrirtæki samkvæmt samningum við erlenda fjárfesta, sem nýttu erlent vinnuafl til uppbyggingarinnar.

„Tölum ekki um það hvar Guðmundur Bjarnason vinnur“ segir greinarhöfundur. Jú, ég vil tala um það. Ég sé ekkert athugavert við það að hann vinni hjá Alcoa eins og þúsundir starfsmanna sem vinna hjá álfyrirtækjum hérlendis. Mér er hulin ráðgáta af hverju hann einn þarf að liggja undir áróðri um undirlægjuhátt fyrir slíkt.

Hér er best að setja amen eftir efninu.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra.*

# Þörf á grundvallarbreytingu?

**UMRÆÐAN**
Þórarinn Eyfjörð skrifar um tannlækningar

Tannlæknar hafa sýnt gott frumkvæði með Hjálparvakt tannlækna. Með starfi sínu hafa þeir loksins opnað umræðuna um stöðu tannlækninga í samfélaginu. Aðför ríkisstjórna Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar að þeim sem höllum fæti standa í samfélaginu einskorðaðist ekki við aldraða, sjúka og öryrkja. Það þurfti einnig að herja á réttindi barna til tannlæknaþjónustu. Forvarnir tannheilsu og þeim árangri sem náðist á sínum tíma var rústað með breytingum á endurgreiðslu og niðurlagningu á skólatannlækningum.


ÞÓRARINN EYFJÖRÐ

Sigfús Þór Elíasson, prófessor við tannlæknadeild HÍ, segir að ástandið sé ekki bara tannheilbrigðismál heldur barnaverndarmál (Mbl. 11. maí 2009). Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, tekur undir það og segir stjórnvöld ekki geta fríað sig ábyrgð. Ástandið hefur verið þekkt innan skólakerfisins og á öðrum vettvangi barnastarfs frá því að skemmdarverkin voru unnin.

Það að þetta mál sé opnað núna með þessum hætti varpar fram þeirri grundvallarspurningu hvort fyrirkomulag tannlæknaþjónustu sé ásættanlegt og hvort aðkoma ríkisins að þeirri þjónustu sé eðlileg. Er ekki tímabært að endurskoða þetta fyrirkomulag? Hvers konar fyrirkomulag er það að hvaða tannlæknir sem er virðist geta opnað tannlæknastofu og sent ríkinu reikning fyrir þjónustuna? Með þessu fyrirkomulagi erum við með ríkisrekna einkastarfsemi! Vitlausara getur þetta nú varla orðið, enda má sjá að þarna ríkir enginn samkeppni og verðmyndun öll fáránleg, eins og má lesa á vef Neytendasamtakanna.

Það er ýmislegt sem þarf að endurskoða og endurhanna. Fyrirkomulag læknaþjónustu og tannlæknaþjónustu er þar á meðal. Við eigum að endurvekja skólatannlækningar. Við eigum að setja tannlækningar inn sem þjónustuþátt í heilsugæslukerfinu og innan sjúkrahúsanna, þar sem tannlækningar væru reknar sem hver önnur læknaþjónusta innan þessa opinbera kerfis. Þangað á almenningur að geta sótt alla almenna tannlæknaþjónustu. Kjósi einhverjir tannlæknar að standa utan þessarar almannaþjónustu myndu þeir bara gera það.

*Höfundur er foreldri.*


AIM festival
alþjóðleg tónlistarhátíð á Akureyri,
dagana 29. maí – 4. júní 2009

Föstudagur 29. maí
Opnunarhátíð AIM festival hefst með flugdansi loftlistamannsins Arngríms Jóhannssonar við Höepfnersbryggju.

Eftirtaldir tónlistarmenn koma fram á
AIM festival
Hjálmar, Retro Stefson, Buxnaskjónar, TFA Party Zone, Stórsveit Akureyrar, Ný Dönsk, Stórsveit Reykjavíkur, Bob Mintzer, Deep Purple tribute, Reykjavík! + Sudden Weather Change, Á móti Sól, Buff, Megas og Senuþjófarnir og Mótettukór Hallgrímskirkju.

www.aimfestival.is

Saga Capital Fjárfestingarbanki
Akureyrarstofa
Geimstofan Auglýsingastofa / Skiltagerð
Flugfélag Íslands Air Iceland
aim
aimfestival.is
Miðasala á www.midi.is og einnig við hurð

# Er ábyrgðin heimilanna?

**UMRÆÐAN**
Haraldur L. Haraldsson skrifar um erlendar skuldir

Nokkur umræða hefur farið fram að undanförnu um að heimilin hafi sýnt óráðsíu í lántökum undanfarin misseri og beri því að axla sínar byrðar vegna þess. Þegar rýnt er í tölur varðandi lán íslenska þjóðarbúsins má lesa úr þeim ýmsar upplýsingar. Síðastliðin fjögur ár hafa erlendar skuldir aukist verulega og langt umfram það sem þjóðarbúið getur borið. Hver er hlutur heimila í þessum lántökum?

**SKULDIR HEIMILA VIÐ LÁNAKERFIÐ Í SEPTEMBERLOK 2008**

| Í millj. kr. | Hlutfall | |
|---|---|---|
| Lán í ísl. krónum | 1.575.014 | 83,3% |
| Gengistryggð lán | 315.360 | 16,7% |
| Samtals | 1.890.374 | 100% |
| | | Tafla 1 |

Heimild: Seðlabanki Íslands

Taflan hér að framan sýnir heildarskuldir heimila við lánakerfið. Hér er um að ræða skuldir við bankakerfið, ýmis lánafyrirtæki, lífeyrissjóði, tryggingafélög og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Samkvæmt því sem taflan sýnir voru gengistryggð lán heimila í lok september 16,7% af heildarskuldum heimila við lánakerfið. Rétt er að fram komi að heimilin eru með eignarleigusamninga að fjárhæð 85.268 m. kr. Ekki liggur fyrir hvernig þessir samningar skiptast á milli gengistryggðra og verðtryggðra samninga. Þessi upphæð er hér talin með lánum í íslenskum kr. Hún nemur 4,5% af heildarskuldum heimila. Hluti þessara samninga eru gengistryggðir. Ekki er vitað hversu háar þær upphæðir eru.

**Skuldir fyrirtækja við bankakerfið**

Aðgengilegar upplýsingar eru til um skuldir fyrirtækja við bankakerfið. Tafla 2 sýnir hvernig skuldir fyrirtækja skiptast á milli íslenskra króna og skulda þeirra sem eru gengistryggðar við bankakerfið.

**SKIPTING ÚTLÁNA TIL ANNARRA EN HEIMILA Í SEPTEMBERLOK 2008**

| | Í millj. kr. | |
|---|---|---|
| Hlutfallsleg skipting | | |
| Lán í ísl. krónum | 1.169.635 | 30% |
| Gengistryggð lán | 2.686.074 | 70% |
| Samtals | 3.855.708 | 100% |
| | | Tafla 2 |

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og tafla 2 sýnir voru gengistryggð lán fyrirtækja orðin 70% af heildarskuldum þeirra við innlánsstofnanir í septemberlok 2008. Væntanlega segir þetta nokkuð um þá vaxtastefnu sem rekin hefur verið hér undanfarin misseri. Það hefur verið álit margra að vextir á Íslandi hafi verið orðnir svo háir að almennt hafi fyrirtæki ekki getað staðið undir þeim vaxtakostnaði og því hafi fyrirtæki í auknum mæli tekið gengistryggð lán. Einnig ætti þetta að segja nokkuð um hver staða íslenskra fyrirtækja almennt er í dag með svo hátt hlutfall af gengistryggðum lánum.



HARALDUR L. HARALDSSON

**Erlendar skuldir annarra en banka**

Hér er um að ræða aðila sem tekið hafa lán beint hjá erlendum bönkum og lánastofnunum en ekki með milligöngu íslenskra banka. Um er að ræða opinbera aðila, þ.m.t. sveitarfélög, félög í eigu ríkis og sveitarfélaga og væntanlega stór íslensk félög sem hafa haft bolmagn til að taka lán beint hjá erlendum bönkum. Hér er um að ræða skuldir sem staðið verður að mestu við að greiða. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hér er ekki um að ræða hluta af skuldum íslensku bankanna.

**ERLENDAR SKULDIR ANNARRA EN BANKA**

| í millj. kr. | 2004 | 2008 |
|---|---|---|
| Seðlabankinn | 142 | 371.352 |
| Ríki og sveitarf. | 212.384 | 533.988 |
| Aðrir geirar | 173.731 | 1.136.172 |
| Bein fjárfesting | 56.946 | 247.241 |
| Samtals | 443.203 | 2.288.753 |
| **Hlutfall af vergri landsframleiðslu** | | |
| | 48,4% | 151,2% |
| | | Tafla 3 |

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og taflan sýnir er gríðarleg aukning erlendra lána. Aukningin er fimm föld á fjögurra ára tímabili, þ.e. frá árslokum 2004 til ársloka 2008. Þessi skuldsetning nemur 151% af vergri landsframleiðslu. Samanborið við 48% af vergri landsframleiðslu árið 2004. Að því gefnu að erlendar skuldir orkufyrirtækja séu að mestu teknar beint erlendis vega þau nokkuð þungt í skuldsetningunni. Þannig eru samtals erlendar skuldir Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, skv. ársreikningum þessara félaga, samtals 515 ma. kr. Erlendar skuldir Landsvirkjunar eru um 80% af skuldum félagsins og Orkuveitu Reykjavíkur um 90%. Fyrir liggur að mörg sveitarfélög hafa tekið lán erlendis sem nú eru að sliga þau.

Að undanförnu hefur gengisvístala íslensku krónunnar farið hækkandi og því borið við að um sé að ræða þrýsting á krónuna vegna mikilla vaxtagreiðslna af svokölluðum Jöklabréfum. Umræðan er eins og að ekki þurfi að greiða af öðrum erlendum skuldum. Rætt er um að þessi Jöklabréf séu að höfuðstól um 500 ma. kr. Skuldir annarra en banka eru skv. framanrituðu 2.288 ma. kr. Hér er um að ræða að stórum hluta skuldir vegna hins opinbera og tengdra aðila. Miðað við að vextir af þessum lánum séu að meðaltali 3,5% gerir það í vaxtagreiðslur á ári um 80 ma. kr. Það er eins og þessar erlendu skuldir þjóðarbúsins gleymist í allri umræðunni. Þessar skuldir hreinsast ekki út með gjaldþroti bankanna. Þessi skuldsetning hlýtur að setja mikinn þrýsting á íslensku krónuna með þeirri afleiðingu að verðlag hækkar. Hverjir bera ábyrgð á þessum lántökum? Heimilin hafa hvergi komið hér nærri.

**Peningastefna undangengin ár**

Af framanrituðu má ljóst vera að peningastefna íslenskra stjórnvalda undanfarin ár hefur algerlega mistekist. Hún hefur einkennst af háum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og frjálsu flæði fjármagns inn í landið. Á sama tíma var nægt fjármagn til á erlendum mörkuðum og stýrivextir annarra Seðlabanka mun lægri en á Íslandi. Á peningastefnunni bera stjórnvöld ábyrgð en ekki heimilin. Stýrivextir á Íslandi hafa verið svo háir að nánast enginn atvinnurekstur hefur getað staðið undir þeim. Á sama tíma hefur boðist erlent fjármagn á mun lægri vöxtum. Þetta hefur leitt til þess að fyrirtæki bæði í einkaeign og opinberri eigu hafa nánast alfarið snúið sér að gengistryggðum lánum á þeim vaxtakjörum sem viðgengust í viðkomandi löndum. Má í því sambandi nefna m.a. Orkuveitu Reykjavíkur með um 90% af sínum lánum erlendis frá og hlutfall gengistryggðra lána fyrirtækja hjá bankakerfinu 70%. Háir stýrivextir hafa ekki einungis leitt til þess að leitað hefur verið eftir erlendum lántökum heldur hafa erlendir fjármagnseigendur einnig verið tilbúnir að koma með peninga til ávöxtunar á háum vöxtum hér á landi. Miklu hærri en í nágrannalöndunum.

*Á peningastefnunni bera stjórnvöld ábyrgð en ekki heimilin. Stýrivextir á Íslandi hafa verið svo háir að nánast enginn atvinnurekstur hefur getað staðið undir þeim. Á sama tíma hefur boðist erlent fjármagn á mun lægri vöxtum.*

Afleiðingin af þessari stefnu hefur verið sú að hér hefur verið nægt framboð af peningum langt umfram hagvöxt og innlendan sparnað sem síðan hefur komið fram í aukinni verðbólgu. Jafnframt að íslenska krónan var framan af mun sterkari en raunveruleg efni stóðu til. Einnig má ætla að þau fáu fyrirtæki í atvinnurekstri sem tekið hafa lán í íslenskum krónum með svo háum vöxtum hafi þurft að velta kostnaði af þeim lánum út í verðlagið sem síðan hefur leitt til hærri verðbólgu. Að lokum hrundi allt bankakerfið.

Enn eru stýrivextir á Íslandi mun hærri en í nágrannalöndunum þrátt fyrir að hér sé verulegur samdráttur. Ástæðan er sögð Jöklabréf þrátt fyrir að aðrar erlendar skuldir en banka séu margfalt hærri en svokölluð Jöklabréf. Háir stýrivextir geta ekki gert annað en ýtt undir verðbólgu þegar fyrirtæki þurfa að taka slík lán svo ekki sé minnst á heild- og smásöluaðila, sem þurfa að fjármagna sig með slíkum dýrum lánum. Þeir hljóta að velta kostnaðinum beint út í verðlagið. Eitt af brýnustu verkefnum stjórnvalda er að lækka stýrivexti.Hagsmunasamtök heimila vara stjórnvöld við háum stýrivöxtum.

**Vara við frekari erlendum lántökum**

Samkvæmt framanrituðu eru erlendar skuldir annarra en banka í árslok 2008 2.289 ma. kr. og nema 151% af vergri landsframleiðslu. Væntanlega hefur þessi skuldsetning leitt til versnandi lánshæfismats á Íslandi. Gert hefur verið samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og nokkur þjóðlönd um lántöku að upphæð um kr. 650 ma. kr. og að auki er rætt um yfirtöku á skuldum vegna gamla Landsbankans vegna svokallaðra ICESAVE-reikninga, að upphæð um 650 ma. kr. Ef af þessu verður er skuldaaukningin samtals um 1.300 ma. kr. til viðbótar við 2.289 ma. kr. Þannig gætu erlendar skuldir þjóðarbúsins verið orðnar um 3.589 ma. kr. í árslok 2009, eða 240% af áætlaðri vergri landsframleiðslu í ár. Rétt er að leggja áherslu á að vegna lántöku vegna ICESAVE-reikninga koma peningur ekki inn í landið, heldur einungis skuldaaukning. Hætta er á að þetta geti leitt til enn frekari lækkunar á lánshæfismati Íslands með enn frekari útgjöldum fyrir ríki, sveitarfélög og félög í eigu ríkis og sveitarfélaga. Slíkum kostnaði er síðan velt yfir á heimilin með hækkun skatta, lakri velferðarþjónustu og hækkun þjónustugjalda o.s.frv. Jafnframt gæti þessi lántaka haft neikvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar og vegið þar með á móti lántöku frá AGS. Með vísan til framanritaðs vara Hagsmunasamtök heimilanna við frekari erlendum lántökum af hálfu ríkisins.

**Tillaga til sáttar**

Af framanrituðu má ljóst vera að það hafa ekki verið íslensk heimili sem farið hafa ógætilegast í erlendum lántökum, því er ábyrgðin ekki þeirra. Sú peningastefna sem fylgt hefur verið hefur neytt fyrirtæki og sveitarfélög til að taka erlend lán. Vegna þessa þurfa m.a. sveitarfélög að finna leiðir til að draga úr kostnaði m.a. að lækka laun starfsmanna, hækka gjöld og skatta, sem allt kemur niður á heimilunum. Að auki eru skuldir heimila að sliga þau. Af framanrituðu má sjá að mistök hafa verið gerð sem nú eru að bitna á heimilum þessa lands án þess að þau hafi komið þar nærri.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka tillögur sínar um að komið verð til móts við heimili og fyrirtæki í landinu:

1. Gengistryggðum lánum verði breytt í verðtryggð lán miðað við það gengi sem var þegar viðkomandi lán var tekið.
2. Vísitala neysluverðs verði leiðrétt. Þannig taki bæði skuldarar og lánveitendur á sig skaðann af bankahruninu.

Verði farið að þessum tillögum mun fjölda heimila og fyrirtækja verða forðað frá gjaldþroti. Þetta mun leiða til þess að hjól atvinnulífsins fara að snúast að nýju.

*Fyrir hönd Hagsmunasamtaka heimilanna,*

*Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur.*

# Nokkur mikilvæg atriði um bifhjól

**UMRÆÐAN**
Einar Magnús Magnússon skrifar um umferðaröryggi



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Einn af nútíma vorboðum er ökumenn, sem þeysa um götur og vegi klæddir hlífðarfatnaði, hjálmi og tilheyrandi, sitjandi á járngrind sem á eru fest tvö hjól og mótor. Þessi lýsing á farartækinu er ekki mjög aðlaðandi eða sexý. Hún er þó að minnsta kosti ekki í hugum margra fyrr en því er gefið nafnið mótorhjól. Þá verður til í hugum margra sterk tilfinning sem tengist frelsi og þeirri sérkennilegu kennd að hafa malandi mótor á milli fóta sér.

En þetta frelsi má ekki vera á kostnað þess að komast heill heim. Það má ekki heldur verða til þess að skerða frelsi annarra vegfarenda til að komast leiðar sinnar slysalaust. Ökumenn bera ábyrgð á fleirum en sjálfum sér.

Í tölum slysaskráningar Umferðarstofu má sjá að slysum á ökumönnum bifhjóla hefur fjölgað mjög. Eru þá bæði tekin saman slys á léttum bifhjólum og þungum. Í fyrra lét einn maður lífið á bifhjóli en 35 slösuðust alvarlega. Meðaltal fimm ára á undan er 15,8 einstaklingar sem slasast alvarlega eða láta lífið á bifhjóli. 28,6% aukning á sér stað á samanlögðum fjölda alvarlega slasaðra og látinna milli áranna 2007 og 2008.

Þegar fjöldi bifhjóla er skoðaður kemur í ljós að hlutfallslega hefur slysum á bifhjólamönnum fækkað mikið miðað við þann fjölda bifhjóla sem er í umferð. Fjöldi skráðra bifhjóla árið 1999 var 2.084 bifhjól en árið 2008 voru þau orðin 9.009 að tölu. Fjöldi þeirra hafði rúmlega fjórfaldast á meðan fjöldi slasaðra og látinna hefur rúmlega tvöfaldast.

Það er mikilvægt að bílstjórar taki tillit til þess að bifhjólamenn eru stór hluti vegfarenda og þeir hafa sama rétt í umferðinni og aðrir.

Bílstjóri þarf að muna að bifhjól sjást ekki eins vel og bíll. Þau eru smærri, það er erfiðara að gera sér grein fyrir hraða þeirra og þau sýnast oft fjær en raun ber vitni. Gáðu tvisvar áður en þú ekur af stað á gatnamótum. Ekki aka af stað fyrr en þú ert viss um að það sé óhætt.

Ökumaður bifhjóls er nánast óvarinn ef hann lendir í árekstri. Hann getur skollið með fullum þunga á hvaða fyrirstöðu sem er án þess að bílbelti eða grind bifreiðar verndi hann og verji. Þess vegna er mikilvægt að hann viti af þeim hættum sem eru í kringum hann og taki alltaf tillit til þeirra.

Hér er að lokum listi yfir nokkur þau atriði sem vert er að hafa í huga við akstur bifhjóls.

1. Hafðu ljósin kveikt og notaðu undantekningarlaust viðurkenndan hlífðarfatnað og hjálm.
2. Gerðu alltaf ráð fyrir því að einhver ökumenn hafi ekki tekið eftir þér. Þetta á helst við þegar ekið er framúr og/eða á gatnamótum.
3. Mundu að það er því miður algengt að ökumenn gefi ekki stefnuljós þótt þeir hyggist beygja.
4. Yfirborðsmerkingar á vegum geta verið hálar, sérstaklega í rigningu.
5. Lestu yfirborð vegarins vel. Vatn, ryk, sandur, brunnlok og ójöfnur geta verið hættulegar ef þú ekur ekki samkvæmt aðstæðum.
6. Vindhviður geta hreinlega tekið stjórn bifhjólsins úr þínum höndum, sérstaklega við brýr þar sem hliðarþrýstingur breytist snögglega.
7. Ertu klár á því hvernig best og öruggast er að nauðhemla? Ef ekki þá borgar sig að leita ráðgjafar þar um hjá t.d. ökukennara.

Góða ferð!

**Alvarlega slasaðir og látnir á bifhjólum**




Heimild: Umferðarstofa

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.*

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**1.298**

BÓNUS LAMBALÆRI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.442 KR./KG



**1.998**

INNRALÆRISSTEIK, BEINLAUS
FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 2.220 KR./KG



**698**

PÓLSKAR PYLSUR FRÁ KJARNAFÆÐI
**30% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 998 KR./PK



**998**

BAYONNESKINKA FRÁ KJARNAFÆÐI
**25% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.331 KR./PK



**799**

HERRAGARÐS SVÍNALÆRISSNEIÐAR
FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 887 KR./PK



**198**

BÓNUS GRILLSÓSUR 270ML
HVÍTLAUKS- OG PIPARSÓSA



**159**

HRÁSALAT 350G
FRÁ KJARNAFÆÐI



**198**

KARTÖFLUSALAT 350G
FRÁ KJARNAFÆÐI

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**OPIÐ:** **FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00



# 80 ára afmæli

## Steingrímur Benediktsson

byggingameistari er áttræður 28. maí 2009. Hann og Margrét kona hans taka á móti vinum og ættingjum í sumarbústað sínum, Röðli, Gufunessundi 3, Hraunborgum, Grímsnesi, laugardaginn 30. maí nk. milli kl. 14.00 og 18.00.

**JÓNAS ÁRNASON (1923-1998) ALÞINGISMAÐUR OG RITHÖFUNDUR FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Það hefur verið alveg frá því í haust mín mesta tilbreyting frá pólitíska stappinu að vera á æfingu með þessu tríói.“*

***Þetta sagði Jónas í viðtali við Árna Bergmann, blaðamann hjá Þjóðviljanum, um tríóið Þrjú á palli sem hann kom á fót.***



**ÞETTA GERÐIST: 28. MAÍ ÁRIÐ 1994**

## R-listinn með meirihluta

Reykjavíkurlistinn sigraði í kosningum til borgarstjórnar í Reykjavík á þessum degi árið 1994. Hann hratt þar með meirihluta Sjálfstæðisflokksins sem hafði þá verið í tólf ár.

Reykjavíkurlistinn, eða R-listinn, var sameiginlegur framboðslisti félagshyggjuflokkanna í Reykjavík í þrennum borgarstjórnarkosningum 1994, 1998 og 2002. Upprunalega stóðu að honum Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Samtök um kvennalista.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var borgarstjóraefni R-listans árið 1994. Hún varð borgarstjóri í kjölfar sigurs listans í kosningunum það ár. R-listinn hélt meirihluta í borgarstjórn í þrjú kjörtímabil. Á því tímabili höfðu allir flokkarnir sem stóðu að listanum hætt störfum fyrir utan Framsóknarflokkinn.

R-listinn leystist upp fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006 þegar flokkarnir sem þá stóðu að honum, Samfylking, Vinstrihreyfingin – grænt framboð og Framsóknarflokkur, ákváðu að bjóða fram hver í sínu lagi.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Jónasson**

Hlíðargerði 10, Reykjavík,

sem lést 13. maí verður jarðsunginn frá Seljakirkju í dag, fimmtudaginn 28. maí kl. 13.00.

**Árdís Guðmarsdóttir**
**Guðmar Einarsson** **Elín Úlfarsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir**
**Einar Örn Einarsson** **Tinna Brá Baldvinsdóttir**
**Eydís, Elísa, Birgitta Björg, Jónas, Árdís Freyja og Indriði Hrafn.**

---



†

*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og fósturfaðir,*

**Þorsteinn Arason**

Austurbrún 2, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 12. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 13-d á Landspítalanum við Hringbraut og á deild L-5 á Landakoti fyrir góða umönnun í veikindum hans. Þökkum auðsýnda samúð.

**Anna Guðbjörg Þorsteinsdóttir** **Jón Kristleifsson**
**Þorsteinn Jónsson**
**Sigrún Eva Jónsdóttir**
**Jón Ingi Jónsson**
**Bryndís Sveinsdóttir og fjölskylda.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þórir Davíðsson**

Hvassaleiti 58, áður Akurgerði 18, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 18. maí sl. Verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag fimmtudaginn 28. maí kl. 13.00.

**Elísa Jóna Jónsdóttir**
**Elísabet Bjarklind Þórisdóttir**
**Þórdís Þórisdóttir**
**Linda Sjöfn Þórisdóttir** **Páll Daníel Sigurðsson**
**Páll Hinrik Þórisson** **Stefanía Bjarnason**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Egill Jón Benediktsson**

fyrrv. bóndi og hreppstjóri frá Sauðhúsum, Laxárdal, Dalasýslu, til heimilis að Ögurási 3 í Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni 25. maí. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 3. júní kl. 15.00.

**Benedikt Egilsson** **Sigrún Eyjólfsdóttir**
**Jón Egilsson** **Sigurborg Valdimarsdóttir**
**Herdís Egilsdóttir** **Brynjólfur J. Garðarsson**
**Birgir Símonarson** **María K. Lárusdóttir**
**Johnny Símonarson** **Hugrún Á. Elíasdóttir**
**Helen Gunnarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Steinn Hlöðver Gunnarsson**

Andarhvarfi 11B, 203 Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, 25. maí.

**Björk Níelsdóttir**
**Bergþóra Skarphéðinsdóttir**
**Gunnar Hlöðver Steinsson** **Sissel Espedal**
**Ragnar Níels Steinsson** **Margrét Silja Þorkelsdóttir**
**Guðmundur Steinn Steinsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, afi og langafi,*

**Snorri Sigurðsson**

Krossalind 8, Kópavogi,

lést þriðjudaginn 26. maí á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 3. júní kl. 15.00.

**Sigurður Sveinn Snorrason** **Hrefna Sigurjónsdóttir**
**Arnór Snorrason** **Kristín Hallgrímsdóttir**
**Steinunn Snorradóttir** **Jóhann Ísfeld Reynisson**
**Guðrún Margrét Snorradóttir** **Þórarinn Alvar Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ása Sigríður Hilmarsdóttir**

Akraseli 34, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 26. maí.

**Hans Kristinsson**
**Hilmar Hansson**
**Anna Hansdóttir**
**Hafdís Hansdóttir** **Pálmi Dungal**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir mín og systir,*

**Guðfinna Óskarsdóttir**

Höfðavegi 28, Vestmannaeyjum,

verður jarðsungin frá Hvítasunnukirkjunni í Vestmannaeyjum laugardaginn 30. maí nk. kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Jóhönnu Jónasdóttur frá Grundarbrekku - Kristniboðasjóð. Samúðarkort fást hjá Önnu í síma 481-1711, Kristjönu í síma 481-1616 og Sigurbjörgu í síma 481-1916.

**Magnús Þór Jónasson** **Þórarinn Magnússon**
**Elín Ósk Magnúsdóttir** **Sævar Þór Magnússon**
**Elín Jónasdóttir**
**Haukur Óskarsson**

---



**SKEMMTILEG SAGA Í LIFANDI BÆ** Ásbjörg Una segir Bjarta daga í Hafnarfirði vera stútfulla af skemmtilegum viðburðum enda mikið af hæfileikafólki í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BJARTIR DAGAR: HALDNIR Í HAFNARFIRÐI

# MARGT Í BOÐI

Í dag verða Bjartir dagar settir við hátíðlega athöfn klukkan tíu á Thorsplani í miðbæ Hafnarfjarðar. „Þetta er lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar og er haldin nú í sjöunda skipti. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá alla dagana,“ segir Ásbjörg Una Björnsdóttir, verkefnastýra á Skrifstofu menningar- og ferðamála í Hafnarfirði, en hún og Marín Hrafnsdóttir hafa haft veg og vanda af skipulagningu hátíðarinnar sem stendur yfir dagana 28. maí til 7. júní.

„Bæjarstjórinn, Lúðvík Geirsson, setur hátíðina ásamt öllum fjórðu bekkingum Hafnarfjarðar en börnin syngja inn Bjarta daga undir yfirskriftinni Söngurinn ómar. Sungin verða lög sem tengjast sjónum í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarhafnar og lög tengd vorinu,“ segir Ásbjörg. Í framhaldi af setningunni hefst umfangsmikil dagskráin. „Má þar nefna söguþing sem Sigurbjörg Karlsdóttir leiðir og Jóhanna Guðrún syngur klukkan sex en þá byrjar viðburðurinn Gakktu í bæinn sem hefur alltaf fylgt Björtum dögum. Þá opna listamenn, menningarstofnanir og kaupmenn dyr sínar upp á gátt. Ef fólk hefur áhuga á að sjá sem flest þá er tilvalið að fara með Hjólreiðafélagi hafnfirskra kvenna sem leggur af stað frá Thorsplani klukkan sex og hjólar á milli viðburða.“ Ókeypis er inn á þá viðburði sem í boði eru á Gakktu í bæinn en hins vegar er hóflegur aðgangseyrir á nokkra tónleika. „Í kvöld eru tónleikar í Bæjarbíói með Varsjárbandalaginu en auk þeirra koma þar fram slagverksleikarinn Þórdís Claessen, Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Vadim Fedorov harmónikuleikari. Aðgangseyrir þar er 2.000 krónur,“ útskýrir Ásbjörg. „Við sýnum kvikmyndina Ósýnd en hún er eftir nemendur Flensborgarskóla og svo frumsýnum við mynd um Hafnarfjarðarhöfn í Bæjarbíói. Auk þessa eru alls konar sýningar í Hafnarfjarðarleikhúsinu og tónleikar með ýmsum flytjendum, fuglaskoðun, ball fyrir yngri kynslóðina og margt fleira. Sjötta júní er glæsilegur lokadansleikur með Pöpum og Egó sem koma fram saman í fyrsta skipti en daginn eftir er lokadagur hátíðarinnar,“ segir Ásbjörg ánægð og bætir við:„Rétt er að taka fram að í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarhafnar verður fjör við smábátahöfnina á sjómannadaginn en sá dagur er ávallt í heiðri hafður hér í Hafnarfirði,“ segir hún. Ýtarlegri dagskrá má finna á hafnarfjordur.is. hrefna@frettabladid.is

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnhildur E. Levy**

ljósmóðir, frá Katadal,

verður jarðsungin frá Hvammstangakirkju laugardaginn 30. maí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.

**Ögn Levy Guðmundsdóttir**
**Benedikt Jóhannsson**
**Sigurður Ingi Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Opnum í dag




**Tjaldaland Útilífs er við hliðina á TBR-höllinni.**

**Troðfull flöt af uppsettum tjöldum!**





**Taranto 6 manna**
fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.
Stórt fortjald með dúk milli svefntjaldanna.
Polyester límdir saumar.
Verð **59.990** kr.



**Ancona 4ra og 5 manna**
braggatjald. Fortjald með dúk sem opnast á tvo vegu.
Polyester límdir saumar.
Verð **44.990/52.990** kr.



**Como 4ra og 6 manna**
fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.
Fortjald er á milli svefntjaldanna. Tveir inngangar.
Polyester límdir saumar.
Verð **29.990/39.990** kr.



**Jasper 5 manna**
braggatjald. Opnast á tvo vegu.
Stórt fortjald með dúk. Polyester límdir saumar.
Verð **39.990** kr.

# Njóttu sumarsins í góðu tjaldi



**The North Face Tadpole 2ja manna**
göngutjald. Nylon með silicon húð 1.500 mm.
Verð **47.990** kr.



**Fjall raven Akka R/S 2ja og 3ja manna**
topp göngutjald með góðu fortjaldi.
Er með góða vatnsvörn og er stöðugt í vindi.
Rip stop polyester 4.000 mm.
Verð **79.990/89.990** kr.



**Kira 3ja manna**
kúlutjald með fortjaldi. Polyester límdir saumar.
Verð **19.990** kr.



**Nevada 3ja manna**
sígilt kúlutjald.
Polyester límdir saumar.
Verð **16.990** kr.

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 46411 05/09

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

# Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands boðar til ársfundar

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands boðar hér með til ársfundar sjóðsins. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel að Sigtúni 38 í Reykjavík, fimmtudaginn 18. júní kl 17:00.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál í samræmi við samþykktir sjóðsins og 30. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:

1. Skýrsla skipaðs umsjónaraðila.
2. Kynning á ársreikningi 2008.
3. Fjárfestingastefna sjóðsins.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Kosning stjórnarmanna.
6. Laun stjórnarmanna.
7. Kjör endurskoðanda.
8. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
9. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársfundargögn er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins, www.landsbankinn.is/ls/ltfi/

*Reykjavík, 28. maí 2009.*
*Virðingarfyllst,*

*Viðar Lúðvíksson, hrl.,*
*skipaður umsjónaraðili Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands samkvæmt 46. gr. laga nr. 129/1997.*




NOKKUR ORÐ
**Sigríður Björg Tómasdóttir**

# *Með veðrið á heilanum*

Sumarið er runnið upp og tími ferðalaga sömuleiðis. Þegar þessi árstími gengur í garð verð ég veðurnörd sem aldrei fyrr, stúdera kortin og velti fyrir mér hvernig veðrið verður næstu helgi eða á frídeginum næsta. Þegar ferðalag er í vændum tékka ég á veðursíðum nokkrum sinnum á dag.

Ég veit svo sem líka fullvel að það er ekki alltaf á veðurspána ætlandi og fer ekki út úr bænum öðruvísi en með föt fyrir öll tækifæri með mér. Gleymi aldrei útilegunni sem ég fór í eftir að veðurfræðingar höfðu sannfært þjóðina um að fram undan væri heitasta helgi ársins, munaði engu að ég tæki bara hlýrabol og stuttbuxur með – en sem betur fer hafði skynsemin betur. Og síðan þetta gerðist eru komnar betri netsíður, ég er til dæmis í hópi dyggra aðdáenda veðursíðunnar belgingur.is sem sýnir einstök spásvæði af meiri nákvæmni en aðrar.



Skýring þess að ég, eins og mjög margir landar mínir, er með veðrið á heilanum er að sjálfsögðu sú að hér þreyjum við þorrann og góuna oft og tíðum í skítaveðri. Það eru stuttir dagar og hinir einstöku íslensku umhleypingar gera það að verkum að maður fær góða veðrið oft beinlínis á heilann. Auðvitað er vonin alltaf sú að veðrið verði gott í ferðalaginu, ekki vill maður vera á vitlausu landshorni í fríinu, vera kannski í roki og rigningu á Vesturlandi á meðan hitabylgja gengur yfir Austurland.

Sjái til sólar að sumarlagi skal farið út og hennar notið. Sólin er reyndar oft blekkjandi, hreyfi vind er oft svo kalt að maður þarf að dúða sig þrátt fyrir að árstíminn segi annað. Þá er málið að þekkja skjólsælu staðina og halda sig þar.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







**Við höfum úrvalið af útskriftargjöfum.**




**3.490 kr.**
~~3.990 kr.~~
á tilboði til 1. júní

Sælkeragöngur um París




Á fjallatindum **4.980 kr.**

# Þegar áfanga er náð




**3.990 kr.**

Memo




**1.800 kr.**

Sjón – Ljóðasafn 1978-2008

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

**!** **kl. 21**

*Síðustu tónleikar Múlans á þessu vori verða í kvöld. Andleg skelfing leikur með Ara Braga Kárason í stafni. Með honum leika Óskar Guðjónsson, Daníel Friðrik Böðvarsson, Kjartan Valdemarsson og Einar Scheving. Flutt verður frumsamin tónlist. Jazzkjallarinn er á Café Cultura, Hverfisgötu 18, gegnt Þjóðleikhúsinu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sopranos í Hafnarfirði

Þrjár söngkonur, þær Hörn Hrafnsdóttir, Svana Berglind Karlsdóttir og Margrét Grétarsdóttir, hafa komið fram sem tríóið Sopranos. Hafa tónleikar þeirra hlotið góðar viðtökur en markmið þeirra er að brúa bilið milli klassískrar tónlistar og dægurtónlistar og ná til stærri hóps. Á efnisskrá þeirra eru óperettuaríur, söngleikjalög, klassísk dægurlög og svo algjör grínlög þar sem þær fara „gjörsamlega yfir strikið og gerum stólpagrín að okkur,“ segir Hörn. „Við syngjum í síðkjólum og erum ósparar á aukahlutina. Eigum þar meðal annars kórónur, herðaslár og fjaðralengjur sem krydda tónleikana.“ Þær hafa starfað saman frá 2004 og eru allar menntaðar söngkonur. Nú ætla þær að halda tónleika á Björtum dögum í Hafnarfirði og sá knái undirleikari Antonía Hevesi leikur undir á slaghörpuna. Tónleikarnir verða í Hafnarborg annað kvöld og hefjast kl. 20.



**TÓNLIST** Sopranos-stúlkurnar flytja fjölbreytt efni.

**> Ekki missa af**

Hjálmum á Græna hattinum annað kvöld kl. 21. Þeir koma fram ásamt hinni unaðslegu Retro Stefson. Einnig munu nýkrýndir sigurvegarar hljómsveitakeppni AIM, Buxnaskjónar, koma fram á tónleikunum. Viðburðurinn er liður í hinni árlegu AIM-hátíð sem nú stendur yfir.



**BÓKMENNTIR** Sigurbjörg Þrastardóttir býður til stofu á Frostafold á sunnudag kl. 15. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Í húsum skáldanna

Það fer hver að verða síðastur að ná sér í miða á hina miklu lestrarhátíð sem verður um helgina á heimilum ellefu skálda í nokkrum hverfum Reykjavíkur og í Garðabæ.

Tiltækið spratt upp hjá forráðamönnum Listahátíðar í Reykjavík sem seinni hluti af réttinum Heimsókn til listamanna en um síðustu helgi opnuðu tónlistarmenn upp á gátt fyrir gestum og gangandi gegn vægu verði.

Þetta nýnæmi, að listamenn hafi dagskrá á heimilum sínum, er ein nýstárlegasta viðbótin í flóru Listahátíðar en þar á bæ hafa menn í langan tíma reynt að sprengja hið hefðbundna form neyslu og lystar á list með því að færa atburði í dagskránni á nýja fundna staði: götur og torg hafa opnast sem vettvangur funda listamanna og njótenda, Nýstárlegir staðir, launkofar og yfirskyggðir staðir eru nú orðnir fastir liður á prógramminu. Menn spyrja sig hvað næst? Vinnustaðir, verksmiðjur, vitar, kirkjugarðar, leikvellir og íþróttahús. Og því ekki betristofur og vinnustofur listamanna?

Ellefumenningarnir sem ríða á vaðið og taka á móti lesendum sínum og gefa þeim innsýn í heim texta sinna næstum við hliðina á skrifborðinu, við stofugluggana, eru þau Kristín Helga Gunnarsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Guðrún Mínervudóttir, Bragi Ólafsson, Einar Már Guðmundsson, Gerður Kristný, Þorsteinn frá Hamri, Sigurbjörg Þrastardóttir, Sigurður Pálsson og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir.

Dagskráin er dreifð yfir laugardag og sunnudag og er á ýmsum tímum. Greint er frá tíma- og staðsetningum hinna óvæntu funda á vef Listahátíðar: www.artfest.is. og þaðan er skotleið til miðakaupa. Ekki er getið um veitingar aðrar en orð og hlýlegt viðmót í tilkynningum Listahátíðar.

**- pbb**

# ERRÓ – MYNDIR MANNSINS

**Á þessu ári eru tuttugu ár síðan Erró, Guðmundur Guðmundsson, færði Reykjavíkurborg hina glæsilegu listaverkagjöf sem nú er ein af uppistöðum safneignar Listasafns Reykjavíkur. Þessum tímamótum fagnar Listasafn Reykjavíkur með nýrri sýningu á verkum eftir Erró auk þess sem blásið verður til margra viðburða á árinu sem tengjast sýningunni.**



**ERRÓ** Í dag er þess minnst á opnun í Listasafni Reykjavíkur að tuttugu ár eru liðin frá afhendingu hinnar stóru gjafar hans til safnsins. Í kvöld verður opnuð sýning, hin fyrsta af nokkrum, sem helguð er mannamyndum hans. MYND/ÚR EINKASAFNI

Listamaðurinn er kominn hingað heim og verður viðstaddur opnun sýningarinnar í kvöld kl. 18. Á sýningunni er lögð áhersla á mannlýsingarmyndir listamannsins af þekktum einstaklingum, lífs eða liðnum, en hið kunna andlit hefur lengi verið virkur þáttur í hinum margbreytilega myndheimi Guðmundar.

Á sama tíma verður opnuð sýning á verkum íslenskra kvenna sem hlotið hafa viðurkenningu úr sjóði sem kenndur er við móðursystur Errós, Guðmundu S. Kristinsdóttur. Sjóðinn stofnaði Erró árið 1997 í minningu hennar með það að markmiði að veita árlega framlag til viðurkenningar og eflingar á listsköpun framúrskarandi listakvenna á Íslandi. Þær sem hafa hlotið viðurkenningu úr sjóðnum eru Ólöf Nordal, Finna Birna Steinsson, Katrín Sigurðardóttir, Gabríela Friðriksdóttir, Sara Björnsdóttir, Þóra Þórisdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir og Hulda Stefánsdóttir. Við opnunina hlýtur tíundi verðlaunahafinn viðurkenningu og á einnig verk á sýningunni. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík en sýningarstjóri er Yean Fee Quay.

Á sýningunni Erró – Mannlýsingar er lögð áhersla á svokölluð frásagnarportrett eða mannlýsingar sem Erró hefur þróað í gegnum tíðina. Verkin eru af ýmsum heimsþekktum einstaklingum á sviði stjórnmála, vísinda, bókmennta og lista og endurspegla ímyndir og hugmyndir þeirra. Sýningin verður í tveimur sölum; annar sýningarsalurinn stendur óbreyttur til sumarloka 2010 en í hinum verður brugðið ljósi á ólík þemu úr smiðju listamannsins.

Hið fyrsta í þeirri sýningaröð ber yfirskriftina Skrímsli og stendur til ágústloka, en svo koma Japönsk ástarbréf, Geimfarar, Konur frá N-Afríku og Dúkkur en allt eru það í grunninn myndaraðir sem hann vann og eru kunnar. Í skrímslamyndsyrpunni skeytir Erró saman konum stjórnmála, lista, bókmennta, tónlistar, kvikmynda og vísinda annars vegar og hins vegar alls kyns furðuverum og afbrigðilegum fyrirbærum sem almennt eru skilgreind sem skrímsli.

Listfræðingurinn Danielle Kvaran er sýningarstjóri og ritstjóri nýrrar bókar sem kemur út í tengslum við sýninguna. Danielle var á síðasta ári ráðin verkefnisstjóri Errósafnsins og hefur skrifað bókina Erró í tímaröð. Líf hans og list, sem Edda gaf út 2007. Auk Danielle rita í bókina franskir og íslenskir fræðimenn, svo sem Halldór Guðmundsson, Laufey Helgadóttir, Sjón og Þorvaldur Þorsteinsson.

Bókin er gefin út af Opnu og Listasafni Reykjavíkur og er á íslensku og frönsku. Ekki tókst að koma bókinni út fyrir opnun sýningarinnar en hún er væntanleg í næstu viku.

**pbb@frettabladid.is**


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 29/5 kl. 18:00 U | Lau 6/6 kl. 14:00 U | Lau 13/6 kl. 17:00 U |
| Lau 30/5 kl. 14:00 U | Lau 6/6 kl. 17:00 U | Sun 14/6 kl. 14:00 U |
| Lau 30/5 kl. 17:00 U | Sun 7/6 kl. 14:00 U | Sun 14/6 kl. 17:00 U |
| Fim 4/6 kl. 18:00 U | Sun 7/6 kl. 17:00 U | Sun 30/8 kl. 14:00 |
| Fös 5/6 kl. 18:00 U | Lau 13/6 kl. 14:00 U | Sun 30/8 kl. 17:00 |

**Frida... viva la vida** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 11/9 kl. 20:00 Frumsýn. | Lau 19/9 kl. 20:00 4. sýn. | Fös 2/10 kl. 20:00 7. sýn. |
| Lau 12/9 kl. 20:00 2. sýn. | Fös 25/9 kl. 20:00 5. sýn. | Lau 3/10 kl. 20:00 8. sýn. |
| Fös 18/9 kl. 20:00 3. sýn. | Lau 26/9 kl. 20:00 6. sýn. | |

**Vínland** - athyglisverðasta áhugaleiksýningin 08/09 (Stóra sviðið)

Fös 12/6 kl. 20:00

Aðeins ein sýning, tryggið ykkur sæti í tíma

**Dreams 2009** - alþjóðleg döff leiklistarhátíð (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 28/5 kl. 20:00 | Fös 29/5 kl. 20:00 | Lau 30/5 kl. 20:00 |

Í samstarfi við Draumasmiðjuna

**Ó, þú aftur** - afmælissýning leikhópsins Hugleiks (Smíðaverkstæðið)

| | |
|---|---|
| Fim 28/5 kl. 20:00 | Fös 29/5 kl. 20:00 |

Snarpt sýningatímabil - miðaverð aðeins 1.500 kr.


# Lýðveldið við vatnið

Í Mývatnssveitinni eru konur að koma upp sýningu. Verkefnið er sjálfstætt framhald af samsýningu hópsins „Lýðveldið Ísland“ sem haldin var í Þrúðvangi í Álafosskvosinni árið 2004 og tileinkuð var sextíu ára afmæli íslenska lýðveldisins. Nú hafa aðstandendur hennar komið saman að nýju og valið verkum sínum stað í Hlöðunni, Reykjahlíð IV, og í forsal Reykjahlíðarkirkju við Mývatn. Sýninguna kalla þær Lýðveldið við vatnið og verður hún opnuð á laugardag kl. 15.

Hópinn skipa Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Ólöf Oddgeirsdóttir, sem allar eru virkar í myndsköpun og hafa hlotið bæði innlendar og erlendar viðurkenningar.

Sýningin við Mývatn er sú fyrsta af þremur samsýningum hópsins sem opnaðar verða í sumar undir yfirskriftinni „Lýðveldið“ og verða hinar tvær síðarnefndu auglýstar síðar en þær verða í Ólafsbragga á Eyri við Ingólfsfjörð á Ströndum, og í húsnæði gömlu ullarverksmiðjunnar við Varmá í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ. Þessir staðir eru miklar náttúruperlur og listamönnum óþrjótandi uppspretta viðfangsefna.

Á öllum stöðunum er sérstök náttúrufegurð og minningarmörk sögu og menningar. Þar er geymd saga horfinna atvinnuhátta, sums staðar standa verksmiðjubyggingar sem auðar tóftir, annars staðar hafa þær fengið nýtt hlutverk. Staðirnir eru að þessu leyti ákjósanlegur vettvangur til að staldra við á þeim tímamótum sem nýlega hafa orðið á Íslandi og hugleiða sjálfsmynd lýðveldisins, fortíð þess og framtíð.



**MYNDLIST** Hann er ekkert slor staðurinn þar sem sýningarhald Lýðveldishópsins hefst: Reykjahlíð við Mývatn. MYND/LÝÐVELDISHÓPURINN

Sýningarverkefnið hefur hlotið styrk frá Hlaðvarpanum, menningarsjóði kvenna. Sýningin Lýðveldið við vatnið stendur til mánudagsins 1. júní 2009. Opið er frá kl. 13-17.

**pbb@frettabladid.is**





# Leitað að verkum Ásgerðar Búadóttur



**Vegna bókar sem verið er að gera um veflistaverk Ásgerðar Búadóttur vilja aðstandendur hafa uppi á þessum verkum eftir hana í einkaeigu, eins eldri verkum sem ekki eru skráð. Eigendur þeirra eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Aðalstein Ingólfsson, s. 5672087 eða adalart@mmedia.is. Ásgerður var frumkvöðull í veflist með abstrakt mótífum. Brynt er að halda skrá um verk hennar.**













Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Frábært verðlag í Tyrklandi!

Heimsferðir bjóða ótrúleg tilboð á ferðum til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 12. og 19. júní. Í boði eru stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Þú velur hvort þú vilt gistingu án fæðis, með hálfu fæði eða "öllu inniföldu". Ferðin 12. júní er í 2 vikur en ferðin 19. júní er í 1 eða 2 vikur. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í sumarfrí með Heimsferðum og njóttu lífsins á þessum einstaka sumarleyfisstað á hreint ótrúlegum kjörum.





Frá kr. 89.990 - vika
Frá kr. 99.990 - 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð, 12. eða 19. júní. Verð m.v. 2 saman íbúð/stúdíó/herbergi kr. 99.990. Aukavika kr. 15.000. Stökktu tilboð.

Með hálfu fæði
Frá kr. 99.990 - vika
Frá kr. 119.990 - 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð/herbergi með hálfu fæði, 12. eða 19. júní. Verð m.v. 2 saman í íbúð/stúdíó/herbergi kr. 109.990. Aukavika kr. 25.000. Stökktu tilboð.

Með "öllu inniföldu"
Frá kr. 114.990 - vika
Frá kr. 139.990 - 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð/herbergi með "öllu inniföldu", 12. eða 19. júní. Verð m.v. 2 saman í íbúð/stúdíó/herbergi kr. 119.990. Aukavika kr. 35.000. Stökktu tilboð.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Veldu traustan ferðafélaga í sumar!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is





# Mannakorn minna á von sína og trú

Hér er lífsreyndur maður í aðalhlutverki, kristinn og forlagatrúar. Lífið gengur út á kærleika, von og trú og auðvitað vináttuna; ástina. Að ógleymdum góðum gítar til að glamra á, eins og þar segir.

Lögin fjalla um þetta flest, mjúk og áreynslulítil. Djassblúsuð og –tja, það þarf nú ekki að kynna Mannakorn fyrir neinum. Þau hafa selst í gámavís stundum, allt síðan 1975.

Von gæti líka vel orðið vinsæl plata. Ég elska þig, syngur Ellen af alkunnri list. Lag sem gæti verið tuttugu ára gamalt en allt eins orðið sumarsmellur ársins. Lögin hljóma reyndar öll nokkuð sígild og poppfáguð, þótt stundum sé farið yfir strikið í strengjaútsetningum. Níundi áratugurinn passar víst Mannakornum best og til hvers þá að ryðja nýja slóð?

Dúnmjúkur gítar Magnúsar stendur uppúr, og reyndar röddin hans líka á stundum. Æðraplanspælingarnar fara Pálma ekki alveg nógu vel.

En ást og æðruleysi sitja ekki ein á kontórnum; hrunið fær sinn skammt líka. Við erum minnt á að við eigum kyn að rekja til írskra þræla annars vegar og norskra þjófa hins vegar. Kannski ekki að furða þótt illa færi?

Ekkert getur bjargað sokkinni þjóðarskútunni nema kraftaverk Krists, eftir að allt var hér saurgað með græðgi. Sumir kallar lenda jú alltaf í því að leika kjánann sem vill komast yfir meira dót.

Dýrasta perlan er lagið Hundur. Þar segir Magnús sjálfur frá einfaldri æskuminningu. Við heyrum af drykkfelldum föður sem stóð ekki við orð sín.

Á gamals aldri rifjar söngvarinn atvikið upp eins og aldrei hafi vikið úr huga hans og maður heyrir að drengnum hefur sárnað á sínum tíma: „Mig langaði í hund, það var settur á fundur, hann lofaði öllu en aldrei kom hundur.“ Miðað við útvarpsmannasmekk mun þetta lag þó ekki heyrast mikið.

Í dag kemur út mannbætandi og ljúf plata, sem allir vinir Mannakorna ættu að vera ánægðir með. Holl fólki sem þarf að láta hugga sig.

**Klemens Ólafur Þrastarson**



**MANNAKORN – VON**

***

Nokkur fín lög til að hugga sig við.






## NÝJAR BÆKUR



Bókafélagið Ugla hefur gefið út bókina Ný framtíðarsýn eftir Þorkel Sigurlaugsson. Í bókinni fjallar Þorkell um nauðsyn þess að þjóðin móti sér nýja framtíðarsýn við endurreisn efnahagslífsins þar sem nýir stjórnunarhættir, bætt viðskiptasiðferði, sjálfbærni og nýsköpun eru höfð að leiðarljósi. Hann telur brýnt að innleiða ný gildi við stjórnun fyrirtækja og endurvekja ýmis gömul gildi sem hunsuð voru í fífldirfsku og hrunadansi síðustu ára. Ásamt hinni efnahagslegu umgjörð og eftirlitskerfi ríkisvaldsins, skipta stjórnunarhættir fyrirtækja höfuðmáli í þeirri uppbyggingu sem fram undan er. Bókin er 208 bls.



Salka hefur gefið út þýðingu Sigurðar Skúlasonar á samanburðarverki Marcus Borg á textum sem hafðir eru eftir þeim meisturum spakmæla, Jesú Kristi og Gautama Búdda. Verkið kallast Sami boðskapur og liggja þar á hverri opnu víðkunn spakyrði þeirra sem eru undarlega samhljóma í hugsun og boðskap. Bókin er 240 síður í kilju. Inngang skrifar Jack Kornfield.



Komin er út hjá Veröld handbókin Hagsýni og hamingja eftir Láru Ómarsdóttur fréttakonu. Í bók sinni fjallar Lára um hvernig hægt er að endurskoða fjárhag og neyslu og spara tugi þúsunda í hverjum mánuði. Lára byggir bókina á eigin reynslu en hún varð fyrir nokkrum árum að takast á við efnahagslegt hrun heimilisins, með eiginmanni og fimm börnum, í kjölfar þess að þau misstu bæði vinnuna. Hagsýni og hamingja er 112 blaðsíður að lengd.



JPV útgáfa sendir frá sér bókina Í frjálsu falli eftir Lee Child. Þetta er fyrsta bókin um sérsveitarmanninn fyrrverandi og andhetjuna Jack Reacher sem kemur út á íslensku. Einfarinn Jack Reacher á hvergi heima og notar hvorki síma né tölvupóst. En þegar hann fær undarleg dulmálsboð gegnum bankakortið sitt veit hann hvaðan þau koma; frá félaga úr rannsóknarsérsveitinni sem hann eitt sinn stýrði. Tíðindin eru ógnvekjandi; einn úr hópnum hefur hlotið skelfileg örlög og flest hinna virðast horfin. Í frjálsu falli er önnur bókin sem Forlagið lætur í spennubókaklúbbinn Hrafninn, en hann er nú hluti Forlagsins.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 28. maí 2009**

### → Tónleikar



**12.00 Sunna Gunnlaugsdóttir** píanisti heldur tónleika ásamt **Þorgrími Jónssyni** á kontrabassa og **Scott McLemore** á trommum. Tónleikarnir fara fram í Vonarsal SÁÁ við Efstaleiti 7. Aðgangur er ókeypis.

**20.00 Mannakorn** halda tónleika í tilefni af útgáfu geisladisksins Von. Tónleikarnir fara fram í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**21.00 Andleg skelfing** spilar á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í Jazzkjallaranum á Café Cultura við Hverfisgötu 18.

**21.00 Sudden Weather Change** og **Reykjavík!** ásamt **Endless Dark**, verða á Kaffi 59 við Grundargötu á Grundarfirði. Aðgangur er ókeypis.

**21.30 BT Power trio** (Tríó Björns Thoroddsen) flytur m.a. tónlist Focus, Beatles og Shadows á tónleikum á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.



### → Leiklist

**17.00 Lýðveldisleikhúsið** sýnir **„Út í kött!“**, ævintýraleik fyrir börn með dansi og söng, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi við Gerðuberg 3-5.

**18.00 Leikhópurinn Lotta** sýnir **Rauðhettu**, nýtt íslenskt leikrit með söngvum þar sem blandast saman ævintýrin Rauðhetta, Grísirnir þrír og Hans og Gréta. Sýningin fer fram á Rútstúni í Kópavogi (sunnan megin við Sundlaug Kópavogs).



### → Opnanir

**17.00 Jón Páll Vilhelmsson** opnar ljósmyndasýninguna **„Ljómandi landslag“** í Myndmáli að Laugavegi 86. Opið mán.-lau. kl. 10-18.

**18.00** Í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verður opnuð sýning á verkum **Errós** og sýning á verkum íslenskra kvenna sem hlotið hafa viðurkenningu úr sjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur. Listasafnið er opið alla daga kl. 10-17 og til kl. 22 á fimmtudögum.

### → Fyrirlestrar

**15.00 Peter Brown**, prófessor við Princeton-háskóla, flytur erindi í Háskóla Íslands um upphaf munklífs meðal kristinna í síðfornöld. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Odda við Sturlugötu 3. Allir velkomnir.



**17.00 Hrund Gunnsteinsdóttir** fjallar um Diplómanámið Prisma sem Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands hafa skipulagt. Fyrirlesturinn fer fram hjá ReykjavíkurAkademíunni við Hringbraut 121, 4. hæð. Allir velkomnir.

### → Handverkssýning

Handverkssýning **eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi** verður haldin í Félagsmiðstöð aldraðra að Skólabraut 3-5. Opið í dag og á morgun kl. 13-18. Allir velkomnir.

### → Sýningar

**Didda Hjartardóttir** Leaman hefur opnað sýningu í **Gallerí BHM**, Borgartúni 6, 3. hæð. Sýningin er opin alla virka daga kl. 9-16.

### → Bjartir Dagar

**Hátiðin Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði 28. maí-7. júní. Dagskráin í heild og nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is.

**14.00 Einu sinni var ...** Málþing og sagnaskemmtun **Félags sagnaþula** í Fjörukránni við Strandgötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**18.00 Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2009** útnefndur og hvatningarstyrkir veittir á Thorsplani í miðbæ Hafnarfjarðar. **Jóhanna Guðrún Jónsdóttir** syngur fyrir gesti.

**20.00 Varsjárbandalagið,** auk **Hjörleifs Valssonar** fiðluleikara og **Vadims Fedorov** harmonikkuleikara, leikur tónlist frá Austur-Evrópu og gyðingalög í Bæjarbíói við Strandgötu.



# Fréttir af ballettdönsurum

Nemendur í dansi eru ekki aðgerðalausir þótt vetrarnámskeiðin séu að baki: valdir nemendur Klassíska listdansskólans eru að búa sig undir námskeið sem hefjast eftir helgina en þá tekur til við kennslu í skólanum rússneskur kennari, Boris Storojkov. Boris er hingað kominn alla leið frá Brasilíu til að halda námskeið hjá Klassíska listdansskólanum. Hann hefur verið ballettmeistari Theatro Municipal í Rio de Janeiro frá 1997.

Þær hjá Klassíska listdansskólanum segja það mikinn heiður að fá svo reyndan mann hingað: Boris hefur kennt eða aðstoðað danshöfundana Vladimir Vasiliev, Natalia Makarova, Jean Ive Larmou, Tatiana Leskova, Eugenia Fedorova, Dallal Achcar og Pier Lacotte. Hann er menntaður frá Listdansskólanum rússneska og ferðaðist víða sem dansari, áður en hann sneri sér að kennslu. Hann hefur sett á svið verk hinnar klassísku efnisskrár: Giselle, Le Corsaire, Don Quixote, Hnotubrjótinn og Svanavatnið í löngu útgáfunni. Hann mun kenna í tveim hópum: byrjendum og þeim sem lengra eru komnir. Námskeiðin verða 1.-5. júní í Klassíska listdansskólanum við Grensásveg.

Meira af ungum dönsurum: Dagana 21.-23. maí fór fram í Mora í Svíþjóð, norræn/baltnesk ballettkeppni fyrir ungmenni á aldrinum 15-17 ára annars vegar og 18-20 ára hins vegar. Alls voru þrír keppendur frá Íslandi að þessu sinni, tveir frá Listdansskóla Íslands og einn frá Klassíska listdansskólanum.



**LISTDANS** Boris Storojkov við kennslu. MYND/KLASSÍSKI LISTDANSKÓLINN

Nemandi Listdansskóla Íslands, Sigrún Ósk Stefánsdóttir 17 ára, dansaði sóló Kitri úr ballettinum Don Quixote og sóló úr Peasant Pas úr ballettinum Giselle í undanúrslitum og tryggði sér sæti í 15 manna úrslitum. Auk Sigrúnar keppti Þórunn Edda Sigurjónsdóttir fyrir hönd Listdansskólans.

Fyrir nokkru varð Emilía Benedikta Gísladóttir í 5. sæti keppninnar og í fyrra komst Frank Fannar Pedersen einnig í 15. manna úrslitin. Þetta er því annað árið í röð sem nemandi Listdansskóla Íslands kemst upp úr undanúrslitum og ber vott um góðan árangur af starfi skólans að undanförnu.

Birgitte Heide, kennari við Listdansskólann, hefur haft veg og vanda af æfingum fyrir keppnina og fór út með nemendum þeim til halds og trausts. - **pbb**





IGGY POP


LÉTT Á BÁRUNNI

## > Í SPILARANUM

Iggy Pop - Preliminaires
Art Brut - Art Brut Vs. Satan
Grizzly Bear - Veckatimest
Létt á bárunni - Sexí

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Gróska hjá tónlistarkonum

Ný safnplata frá hópi tónlistarkvenna sem kalla sig Trúbatrixur kemur út 2. júní. Platan nefnist Taka 1 og hefur að geyma fimmtán lög eftir konur á borð við Fabúlu, Elízu Geirsdóttur Newman, Þórunni Antoníu, Jöru, Elínu Ey og Mysterious Mörtu.

„Við erum búnar að halda mjög skemmtilega tónleikaröð og okkur fannst sniðugt að taka næsta skref og gefa eitthvað af þessu út,“ segir Elíza. „Við fengum styrk frá Tónlistarsjóði Kraums í vor og þá ákváðum við að henda okkur í þetta.“

Til að fylgja plötunni eftir ætla þær í tónleikaferð um landið í samstarfi við Kraum og Rás tvö. Hefst hún með útgáfutónleikum á Café Rósenberg 2. júní og lýkur 13. júní á Seyðisfirði. Á ferðalaginu vonast Trúbatrixur til að uppgötva efnilegar söngkonur og fá þær í lið með sér.

Elíza segir að ótrúlega mikil gróska sé í gangi hjá íslenskum tónlistarkonum. „Þegar það kemur vettvangur til að fólk geti komið sér á framfæri þá birtast allar þessar stelpur sem eru að semja sína eigin tónlist. Það er mjög skemmtilegt.“ - fb


**ELÍZA** Elíza Geirsdóttir Newman er ein af Trúbatrixunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




## > Plata vikunnar

Trúbrot - Trúbrot

★★★★

„Trúbrot var ein af merkustu hljómsveitum íslenskrar poppsögu. Þessi heildarútgáfa sýnir að tónlist hennar þolir vel upprifjun og stendur fyrir sínu.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Ein alsvalasta poppstjarnan*

Kanadíska tónlistarkonan Peaches var að senda frá sér sína fjórðu plötu. Hún vakti mikla athygli með fyrstu plötunni sinni The Teaches of Peaches sem kom út árið 2000, en hún tók hana víst upp í svefnherberginu sínu. Hún hafði að eigin sögn bítboxið við rúmstokkinn og bjó til takta á milli þess sem hún „stundaði sjálfsfróun og fékk sér jónu...“ Textarnir við lög eins og Fuck the Pain Away, AA XXX og Lovertits, ásamt sviðsframkomunni og djörfum klæðnaði, hjálpuðu til við að búa til eina af alsvölustu poppstjörnum sögunnar. Þegar Fatherfucker kom út var ljóst að Peaches var ekki bara töffari. Hún var líka femínisti. Fatherfucker var ekki slæm plata, en náði ekki sömu hæðum og frumsmíðin. Þriðja platan, Impeach My Bush, var svo sýnu lökust, enda var Peaches þá búin að stofna rokkbandið The Herms til að spila undir hjá sér og í staðinn fyrir að búa til bragðmikið og spennandi rafpopp var hún farin að spila frekar litlaust rokk.


**PEACHES** Töffari og femínisti.

Peaches tróð upp á mjög eftirminnilegum tónleikum í Klink og Bank um árið og sýndi þar að hún er ein af flottustu sviðsdýrunum sem hægt er að sjá í dag. Óð orkubomba.

Nýja platan heitir I Feel Cream og nú er Peaches aftur farin að búa til flotta tónlist. Hún vinnur flest lög plötunnar með nokkrum af skærustu stjörnum danstónlistar síðustu ára, Belgunum í Soulwax, Bretunum í Simian Mobile Disco og Þjóðverjunum í Digitalism. Rafmagnsgítararnir eru horfnir úr mixinu, en í staðinn er komið kraftmikið rafpopp og danstónlist. Og eins og áður standa textarnir fyrir sínu.





**WHITE LIES** Hljómsveitin White Lies hefur lagt heiminn að fótum sér með grípandi popp-rokki sínu.

# White Lies sífellt vinsælli

**Breska tríóið White Lies hefur lagt heiminn að fótum sér með dansvænu popprokki sínu. Þeir félagar óttast ekki breyttan veruleika tónlistariðnaðarins.**

Margir kannast eflaust við titillag fyrstu plötu White Lies, To Lose My Life, sem hefur verið mikið spilað á öldum ljósvakans. „Let´s grow old together – and die at the same time,“ syngur Harry McVeigh í viðlaginu og minnir óneitanlega mikið á landa sinn Simon LeBon úr Duran Duran. Fleiri líkindi eru með sveitunum tveimur, þar á meðal bassaleikurinn, en áhrif annars staðar frá eru einnig greinileg. The Killers, Franz Ferdinand, Joy Division, Interpol og U2 eru allt hljómsveitir sem koma upp í hugann en sjálfir segjast þeir mest líta upp til Davids Byrne og félaga í Talking Heads. Já, áhrifin liggja greinilega víða og það útskýrir kannski vinsældirnar. Allir heyra eitthvað sem þeim líkar við á sama tíma og einhver ungæðislegur ferskleiki er til staðar.

White Lies hét upphaflega Fear of Flying og var stofnuð í London árið 2005 af þeim félögum Harry McVeigh, Charles Cave og Jack Lawrence-Brown. Þremur árum síðar breyttu þeir nafninu og spiluðu fljótlega eftir það á Iceland Airwaves í Iðnó í fyrra. Eftir að hafa gefið út fjögur smáskífulög kom fyrsta stóra platan út í janúar á þessu ári hjá útgáfufyrirtækinu Fiction Records. Hún fór beint á toppinn í Bretlandi sína fyrstu viku á lista og þó svo að hún hafi verið fljót niður aftur var greinilegt að sveitin hafði eitthvað fram að færa.

Allt hefur gengið upp hjá White Lies undanfarna mánuði og þrátt fyrir breyttan tónlistariðnað þar sem ólöglegt niðurhal virðist vera að ganga að geisladiskasölu dauðri, kvarta þeir félagar ekki. „Fólk mun alltaf búa til tónlist og almenningur mun alltaf hlusta á tónlist, þannig að eftirspurnin er til staðar. Málið er bara að geta grætt nógu mikið á tónlistinni til að geta unnið við hana í fullu starfi,“ sagði McVeigh, hvergi óhræddur. „Kannski voru útgáfufyrirtækin ekki nógu snögg að átta sig á möguleikum niðurhalsins. Ef þau hefðu gert það þá gengi þeim eflaust betur núna.“

Fram undan hjá White Lies er risastór tónleikaferð um Evrópu sem hefst á sunnudag og stendur yfir í allt sumar. Spilað verður á öllum helstu tónlistarhátíðunum, þar á meðal á Glastonbury, Hróarskeldu og Reading, þar sem enn fleiri aðdáendur eiga vafalítið eftir að bætast í hópinn.

freyr@frettabladid.is

# Grímuklædd og dularfull

Sigurvegari hæfileikakeppninnar Þorskastríðið 2009 kallar sig Mysterious Marta. Hún heitir réttu nafni Marta Sif Ólafsdóttir og er 22 ára hönnunarnemi úr Hafnarfirði, sem býr um þessar mundir á Ísafirði. Hún var valin úr hópi hvorki fleiri né færri en 135 þátttakenda.

„Þetta er algjör snilld. Þetta er næsta skrefið fyrir mig. Ég vissi ekkert hvert ég ætti að snúa mér því það getur verið erfitt að komast að. Ég er bara í skýjunum með þetta,“ segir Marta. Hún mun á næstunni fara í hljóðver og taka upp tvö til þrjú lög sem fara í spilun á næstu mánuðum. Er stefnan svo tekin á plötu á næsta ári. Að auki fær Marta kassa af lýsi og tíu kíló af þorskflökum í verðlaun frá Cod Music. „Ég held að þetta verði jólagjöfin í ár, lýsi,“ segir hún og hlær. „Þá er maður búinn að redda þessu í kreppunni.“ Marta, sem er mikill aðdáandi Emilíönu Torrini, kom fyrst fram sem Mysterious Marta fyrir tveimur árum á Ísafirði, alein með kassagítarinn. Til að vinna bug á stressinu ákvað hún að koma fram með málaða grímu um augun. „Þá gat ég verið einhver önnur því mér leið alveg hræðilega á sviði. Í byrjun þessa árs fór mér að líða betur án hennar og hún er farin núna,“ segir Marta um grímuna. Hún hefur spilað nokkuð að undanförnu, þar á meðal á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður og á Melodica Accoustic Festival í Hamborg. Þar lýsti blaðamaður Rolling Stone Magazine í Þýskalandi tónlist hennar sem „skrítinni þjóðlagatónlist“. - fb


**MYSTERIOUS MARTA** Mysterious Marta er sigurvegari hljómsveitakeppninnar Þorskastríðið árið 2009. MYND/BALDUR PAN


WWW.BREIK.IS/GUITARHERO
breik.is
KEMUR 29. MAÍ
GUITAR HERO
METALLICA
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL MGH Á NÚMERIÐ 1900.
Þú færð spurningu sem þú
Þú svarar með því að senda SMS
ESL A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.
AÐALVINNINGUR:
GUITAR HERO KIT + METALLICA LEIKUR
AUKA VINNINGAR SEM ROKKA...
GITAR HERO METALLICA LEIKUR, AÐRIR GUITAR HERO,
DVD MYNDIR, GOS OG OG FLEIRA!
PlayStation 2
Wii
XBOX 360
PLAYSTATION 3
10. HVER VINNUR!
PlayStation 2
OVER 20 GUEST ACTS
12+
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum
Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
149 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu. Leik líkur 1.júní kl 23:59 2009

# bíó

bio@frettabladid.is



## > HOFFMAN VERÐUR BARNEY

**Dustin Hoffman** og **Paul Giamatti** leika saman í kvikmyndinni Barney's Version en hún er sögð frá sjónarhóli manns sem er grunaður um að hafa myrt besta vin sinn.

# Tony Scott snýr aftur með endurgerð

Hinn mjög svo misjafni leikstjóri og yngri bróðir Ridley Scott, Tony Scott, boðar endurkomu sína meðal þeirra bestu með kvikmynd sinni The Taking of Pelham 123. Hún er endurgerð samnefndar bíómyndar frá árinu 1974. Myndin skartar stórleikurunum John Travolta og Denzel Washington í aðalhlutverkum en hún segir frá gíslatöku í neðanjarðarlest í New York. Travolta leikur skúrkinn Blue en Washington er í hlutverki góða náungans, er lögreglumaðurinn Walter Gerber. Meðal annarra sem koma við sögu eru James Gandolfini og John Turturro.

Scott hefur ekki alveg náð að finna fjölina sína í leikstjórastólnum. Hann verður seint sakaður um að vera latur; fjórar myndir á síðustu sjö árum eru nokkuð sem margir leikstjórar væru stoltir af. Hins vegar hafa flestar þessara mynda verið skotnar niður af gagnrýnendum og hlotið fremur dræma aðsókn.

En nú hyggst sem sagt Scott snúa vörn í sókn með þessari endurgerð. Í frumgerðinni var Walter Matthau í hlutverki Gerbers en Robert Shaw lék þrjótinn Blue. Scott sagði í viðtali við kvikmyndatímaritið Empire að meira hefði verið unnið í fortíð Blue, hann hefði verið dæmdur saklaus í fangelsi og að gíslatakan væri hugsuð sem hefnd á allri New York-borg. „Travolta fer á kostum og það kemur allt frá honum sjálfum. Hann er fyndinn, skrítinn og alveg stórhættulegur."



**GOTT TVÍEYKI** John Travolta og Denzel Washington leika aðalhlutverkin í nýjustu kvikmynd Tony Scott, The Taking of Pelham 123.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**Adventureland**

Kvikmyndin Adventureland segir frá James Brennan sem er nýútskrifaður úr háskóla og sér fram á blóm í haga og bjarta framtíð. Áður en hann hugðist takast á við lífið og tilveruna ætlaði Brennan að halda í mikla ævintýrareisu um Evrópu. Honum til mikillar skelfingar verður þó ekkert af þeirri ferð því foreldrar hans hafa ekki efni á að borga ferðina eins og gert var ráð fyrir. Í stað þess verður Brennan að eyða sumrinu í leikjagarðinum Adventureland þar sem misvitrir feður og börn í sykursjokki leika aðalhlutverkið.



*Leikstjóri: Greg Mottola*

*Aðalhlutverk: Jesse Eisenberg, Kristen Stewart og Ryan Reynolds*

*Dómur IMDB: 7,7/10*

**Coraline: 3-D**

Coraline er lítil stelpa sem flytur með fjölskyldu sinni inn í nýtt og glæsilegt hús. Þar finnur stúlkan unga töfradyr sem flytja hana yfir í annan heim. Hann minnir óneitanlega á hennar gamla raunheim nema með annarri og skemmtilegri fjölskyldu. En þegar hætturnar og ævintýrin fara að verða svakalegri þráir Coralina ekkert meir en að snúa aftur til síns gamla lífs þótt ekki séu allir á sama máli.



*Leikstjóri: Henry Selick*

*Raddir: Dakota Fanning og Teri Hatcher*

*Dómur IMDB: 8,1/10*

# Pacino er Kevorkian



Al Pacino mun leika einhvern umdeildasta lækni síðari tíma, dr. Jack Kevorkian, sem var nánast látlaust í fréttum á síðasta áratug en hann barðist fyrir lögleiðingu líknardrápa. Kevorkian hélt því fram að hann hefði hjálpað yfir hundrað sjúklingum að deyja en hann var dæmdur fyrir morð árið 1999 og sat á bak við lás og slá í átta ár. Kevorkian hafði þá leyft sjónvarpsstöð að birta myndband með sjúklingi sínum þar sem hann bindur enda á líf sitt og þakkar Kevorkian fyrir aðstoðina.

Barry Levinson mun að öllum líkindum leikstýra myndinni en það er kapalsjónvarpsfyrirtækið HBO sem framleiðir hana.

**VERÐUR LÆKNIR** Al Pacino mun leika dr. Kevorkian í nýrri kvikmynd frá HBO-kapalsjónvarpsfyrirtækinu.





15% afsláttur
af Voltaren Gel 100g

Voltaren®
Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg

Verkjastillandi og bólgueyðandi í túpu!

Fæst án lyfseðils

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem stað-bundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Lyf & heilsa
Við hlustum!




**SIGURVEGARINN** Michael Haneke stóð uppi með pálmann í höndunum þegar kvikmynd hans, Das weiße Band, var valin sú besta á Cannes.

# CANNES Í HNOTSKURN

**62. Cannes-kvikmyndahátíðinni var slitið formlega á sunnudaginn. Austurrískur leikstjóri fór heim með gullpálmann en Brad Pitt og Angelina Jolie stálu senunni.**

Franska rivíeran er yfirleitt þétt setin á meðan Cannes-hátíðin fer fram. Ljósmyndarar hafa vart undan að mynda kvikmyndastjörnurnar sem virðast leynast í hverju horni og blanda geði við sauðsvartan almúgann. Fréttaskýrendum ber þó saman um að hátíðin hafi borið mikinn keim af kreppunni sem nú geisar um Vesturlönd og víðar. Minna hafi verið um glys og glamúr sem oft hafi einkennt þetta fræga og sólskinsríka samkvæmi við Miðjarðarhafið.

Brad Pitt og Angelina Jolie eru af flestum sögð hafa verið stjörnur hátíðarinnar í ár. Bandaríski leikarinn var í aðalhlutverki þegar nýjasta kvikmynd Quentins Tarantino, Inglourious Basterds, var frumsýnd og ekki minnkaði áhuginn þegar hann mætti með eiginkonuna frægu upp á arminn. Gagnrýnendur voru þó ekki á eitt sáttir við þessa nýjustu afurð Tarantino, sumir hældu henni sem endurkomu leikstjórans á meðan aðrir skutu hana í kaf. Engu minni athygli fékk Andkristur eftir Lars von Trier. Einhverjir vildu ganga svo langt að banna hana en þær raddir komu ekki í veg fyrir að Charlotte Gainsbourg var valin besta leikkonan á hátíðinni. Samleikari Brads Pitt úr Inglourious Basterds, austurríski leikarinn Christoph Waltz, var hins vegar valinn besti karlleikarinn.



**UMDEILDUST** Lars von Trier með þeim Willem Dafoe og Charlotte Gainsbourg en sumir gagnrýnendur á Cannes vildu banna nýjustu mynd Triers, Anti-Christ.

Svo skemmtilega vill til að Íslendingar eiga sína fulltrúa við gerð þessara tveggja kvikmynda. Karl Júlíusson sá um leikmyndina fyrir Lars von Trier en Heba Þórisdóttir stjórnaði förðuninni á Tarantino-myndinni. Brilliante Mendosa frá Filippseyjum var síðan valinn besti leikstjórinn fyrir kvikmynd sína Kinatay. Hún segir frá manni sem tekur að sér ágætlega launað starf en uppgötvar, sér til mikillar skelfingar, að það felst í að myrða konu eina.

En það voru Austurríkismenn sem skáluðu í kampavíni þegar sól tók að lækka við hvítar strendur Cannes. Því kvikmynd þeirra Das weiße Band eða Hvíta bandið fékk sjálfan Gullpálmann og skaut þannig góðvinum hátíðarinnar ref fyrir rass. Leikstjóri myndarinnar er austurrískur og heitir Michael Haneke en hann gerði meðal annars Caché sem naut mikilla vinsælda á frönsku kvikmyndahátíðinni í Háskólabíói fyrir þremur árum. Das weiße Band gerist í þýskum smábæ skömmu fyrir fyrra stríð, árið 1913. Litlar upplýsingar er að hafa um myndina sjálfa á netinu, hún er í svart/hvítu en leikstjórinn sjálfur hefur sagt að hún lýsi því hvernig hryðjuverkastarfsemi verði til: „Óháð því hvort sú starfsemi skapist af stjórnmálalegum skoðunum eða trúarlegum," var haft eftir Haneke.

# Beastie Boys dreifir Gondry

MCA eða Adam Yauch hefur keypt dreifingarréttinn að heimildarmynd Michels Gondry, The Thorn in the Heart. Gengið var frá þessu á Cannes-kvikmyndahátíðinni. Fyrir þá sem ekki þekkja til MCA er hinum sömu bent á rapphljómsveitina Beastie Boys en þar er Adam fremstur meðal jafningja. Hljómsveitin vasast í ýmsu, er meðal annars með sína eigin fatalínu og útgáfufyrirtæki, og ætlar nú að hasla sér völl í kvikmyndadreifingu undir hinu mjög svo þjála nafni Oscilloscope Laboratories.

The Thorn in the Heart er heimildarmynd um frænku Gondrys sem býr í sveitum Frakklands. Leikstjórinn varð nánast kjaftstopp þegar hann frétti hverjir hefðu keypt myndina. „Ég hringdi í bestu vinkonu mína og sagði henni hvers kyns var. Hún spurði hvort Beastie Boys hefði virkilega keypt heimildarmynd um frænku mína. Hún fríkaði hreinlega út," segir Gondry við Empire.



**Í KVIKMYNDIR** Frumherjarnir í Beastie Boys ætla að hella sér út í kvikmyndadreifingu og keyptu meðal annars heimildarmynd eftir Michael Gondry.


Reiðhjálmurinn getur skipt sköpum...
NOTAÐU HANN!
FÉLAG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA SUÐURLANDI
SUDURLANDSDEILD
SLYSAVARNAFÉLAGID LANDSBJÖRG
Heilbrigðisstofnun Suðurlands

**> RIHANNA ER EIN**

Poppdívan Rihanna hyggst ekki festa ráð sitt á næstunni heldur ætlar að einbeita sér að ferlinum. Rihanna hefur í nægu að snúast, er komin með hlutverk í bíómynd og svo er tónlistarferillinn í fluggír. Karlmennirnir verða því að bíða betri tíma.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Óskuldsett útrás á Jótlandi

„Þetta er óskuldsett útrás,“ segir Þórir Jóhannsson hjá Stúdíó Sýrlandi. Fyrirtækið hefur opnað nýtt hljóðver á Jótlandi í Danmörku þar sem gisting fyrir tónlistarfólk er einnig í boði. Hljóðverið er ætlað öllum tónlistarmönnum en á dönskum markaði verður einblínt á klassíska tónlist og djasstónlist. Dísa, Ólafur Arnalds og For a Minor Reflection spiluðu í opnunarpartíinu á sunnudaginn.

„Þetta kom til tals í haust rétt fyrir bankahrun. Ég var ekkert rosalega ginnkeyptur fyrir þessu fyrst en eftir að hafa legið yfir þessu í allan vetur og náð að gera þetta þannig að við erum ekkert að skuldsetja okkur, þá var þetta gert svona 2009 „style“,“ segir Þórir. „Íslenskur smiður sem hefur búið á Jótlandi í tólf ár keypti húsnæðið og gerði upp. Við rekum þetta saman.“



**DÍSA** Bryndís Jakobsdóttir söng við opnun Stúdíós Sýrlands í Danmörku.

Tvö önnur hljóðver sem bjóða upp gistingu eru á Jótlandi og hafa íslenskar hljómsveitir stundum tekið þar upp. Með Stúdíó Sýrlandi er þriðji kosturinn nú í boði. „Við ætlum að bjóða íslenskum böndum að gera þetta á mun hagstæðara gengi til að byrja með. Gengið á dönsku krónunni er 24 en við ætlum að vera með það í 16.“

Þórir bætir við að hljómurinn í upptökusalnum sé virkilega góður, sérstaklega fyrir órafmögnuð hljóðfæri. „Þetta er í húsi sem var byggt árið 1743 og ég held að það sé eldra en elsta húsið á Íslandi. Við tókum þetta algjörlega í gegn og þetta er gert samkvæmt ströngustu kröfum.“ - fb



**ÚTIBÚIÐ Á JÓTLANDI** Nýtt óskuldsett útibú Stúdíós Sýrlands er að finna á Jótlandi í Danmörku. Þar er gisting í boði fyrir tónlistarmenn.




# SMÁÍS undirbýr eigin gagnagrunn

**Snæbjörn Steingrímsson hjá SMÁÍS, Samtökum myndrétthafa á Íslandi, vill ekki meina að aldursmerkingar á DVD-myndum séu eins misvísandi og Tómas Valgeirsson hélt fram í blaðinu á mánudag.**

„Við vorum gríðarlega ósammála því orðalagi að ástandið væri svona rosalega bagalegt og við setjum efasemdir við að daglega sé fólk að spyrja út í aldursmerkingar í búðum og á videóleigum,“ segir Snæbjörn. Hann bætir við að mikil vinna hafi verið lögð í að efla merkingar á DVD-myndum undanfarin ár og því beri að fagna.

Tómas Valgeirsson undirbýr gagnagrunn með aldursmerkingum fyrir kvikmyndir sem verður birtur á síðunni Kvikmyndir.is. Í viðtalinu við hann á mánudag sagði hann að nýjasta James Bond-myndin hefði verið leyfð öllum aldurshópum á meðan Madagascar 2 væri bönnuð innan sjö ára. „Það eru mistök sem hafa verið leiðrétt,“ segir Snæbjörn um merkinguna á hinni ofbeldisfullu Bondmynd. „En það eru kannski ennþá til í búðum eintök sem eru með vitlausum merkingum.“

Hann segir að myndir sem koma út á DVD séu oft og tíðum öðruvísi en útgáfurnar sem eru sýndar í bíó. Ástæðan er sú að í auknum mæli hefur atriðum sem hafa verið klippt út úr bíóútgáfunum af ótta við aldurstakmarkanir verið bætt við DVD-útgáfurnar. „Sérstaklega undanfarið hafa mörg atriði í þessum grófari unglingamyndum og hasarmyndum verið tekin úr bíó svo þær fái ekki R-stimpilinn,“ segir hann og viðurkennir að þetta geti valdið misskilningi hjá almenningi. Til að koma í veg fyrir hann er SMÁÍS einnig að leggja lokahönd á gagnagrunn sem er tengdur aldursskoðunarkerfi byggðu á hollenska kerfinu Kijkwijzer sem útgefendur hafa stuðst við undanfarin ár við aldursmerkingar. freyr@frettabladid.is



**SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON** Snæbjörn viðurkennir að mistök hafi verið gerð við aldursmerkingu nýjustu James Bond-myndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Boyle bjargar börnum

Breski leikstjórinn Danny Boyle er farinn til Indlands í þeim erindagjörðum að finna sómasamleg heimili handa stjörnum myndarinnar Slumdog Millionaire, þeim Rubinu Ali og Ashar Ismail. Þetta kemur fram í breska blaðinu The Sun. Boyle hefur legið undir ámælum fyrir að hafa svikið munaðarlausu börnin sem fóru á kostum í Óskarsverðlaunamyndinni og sumir hafa jafnvel gengið svo langt að kalla Boyle þrælahaldara. Boyle hefur ávallt vísað þessu á bug og heldur því fram að framtíð leikaranna ungu sé tryggð.

Á ýmsu hefur gengið í lífi þeirra Ali og Ismails. News of the World greindi frá því fyrir nokkru að pabbi Ali hefði reynt að selja dóttur sína. Heimili Ismails var síðan eyðilagt af indverskum yfirvöldum og hans beið bara betlarastarf á götum Mumbai. Hið sama henti síðan Ali skömmu seinna. Boyle mun hafa hitt stjörnurnar sínar tvær á hótelherbergi á þriðjudaginn og sannfært þær um að allt horfði nú til betri vegar. Heimildarmaður The Sun lét hins vegar hafa eftir sér að ekkert benti til þess að líf þeirra væri að taka stakkaskiptum. „Þau hafa það ekkert betra,“ sagði hann við blaðið.



**ALI OG LEIKSTJÓRINN** Danny Boyle ásamt Rubinu Ali. Leikstjórinn vill ólmur koma henni og Ashar Ismail til bjargar og er nú á Indlandi að vinna í þeirra málum.

Landsins stærsta

# Skósprengja

Hefst í dag og stendur yfir í 10 daga

SKECHERS LLOYD RbK ara PUMA
ecco PETER KAISER adidas

FULLT AF NÝJUM VÖRUM

Lágmark 50% afsláttur

Opnunartímar
Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Laugarvegi - Kringlunni Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Coraline DIGITAL 3D
Upplifðu stórkostlegt ævintýri í 3-D
NIGHT AT THE MUSEUM 2
★★★½ "Spennandi, fyndin og hraðskreið út í gegn! Miklu betri en Da Vinci Code." T.V. - kvikmyndir.is
★★★½ - M.M.J., kvikmyndir.com
TOM HANKS ENGLAR & DJÖFLAR ANGELS & DEMONS
17 AGAIN ZAC EFRON

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CORALINE 3D | kl. 4 og 6 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 8 og 10 | L |

Coraline
ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
Wes Craven er mættur aftur með einhvern ROSALEGASTA THRILLER SÍÐARI ÁRA.
★★★ CHICAGO TRIBUNE ★★★ PREMIERE ★★★ NEW YORK POST
THE LAST HOUSE ON THE LEFT
ath. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
Frá Höfundi Lost og Fringe, J.J.Abrams, kemur STÓRMYND sem gagnrýnendur halda vart vatni yfir!
STAR TREK ★★★★ ★★★★
100/100 Variety 100/100 The Hollywood Reporter 100/100
★★★½ kvikmyndir.com ★★★ RÁS 2 ★★★★ Morgunblaðið
SÝNINGUM FER FÆKKANDI
HANNAH MONTANA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CORALINE 3D m/ísl. tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CORALINE 3D m/ísl. tali | kl. 5:50(3D) | L |
| CORALINE 3D m/ensku tali | kl. 8(3D) ótextuð | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20D | 10 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |
| LOFTLEIÐIR | kl. 5:30D Sýningum fer fækkandi | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| X MEN - ORIGINS WOLVERING | kl. 8 síð sýn | 14 |
| NEW IN TOWN | kl. 8 síð sýn | L |
| THE UNBORN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10 | 16 |
| HANNA MONTANA | kl. 8 | L |
| STAR TREK XI | kl. 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 - 10:10 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 8 | L |
| THE UNBORN | kl. 10:10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!
NIGHT AT THE MUSEUM 2
★★★ "LÉTT, NOTALEGT OG FJÖLSKYLDUVÆNT MÓTVÆGI VIÐ HASARMYNDIR SUMARSINS" -S.V., MBL
LÚXUS L
FRÁ HÖFUNDI DAVINCI LYKILSINS
★★★½ - M.M.J., KVIKMYNDIR.COM ★★★½ - T.V., KVIKMYNDIR.IS
★★★ -S.V., MBL ★★★ Ó.H.T., Rás 2
TOM HANKS ENGLAR & DJÖFLAR ANGELS & DEMONS
LÚXUS 14
STÓRMYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BÍÓ!
X-MEN ORIGINS WOLVERINE 14 ★★★ - S.V. Mbl.
BOAT THAT ROCKED 12
★★★★★ - H.S., ★★★★½ - E.E., DV
DRAUMALANDIÐ L
L
16 CRANK

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 LÚXUS | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS | kl. 8 - 10.50 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3 - 5.40 - 10.45 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |

5%
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

# Michael Lohan í dómsal

Það ríkir sjaldan lognmolla í kringum Lohan-fjölskylduna frægu. Ef Lindsay er ekki á forsíðum blaðanna vegna kynhneigðar sinnar eða áfengisdrykkju þá er næsta víst að pabbinn eða mamman séu þar. Og nú hefur verið kunngjört að Michael Lohan, fjölskyldufaðirinn, hefur verið kærður fyrir að hóta kærustu sinni, Erin Muller, lífláti ef marka má New York Post. Lohan mætti í dómsal á þriðjudaginn en flúði af vettvangi þegar fjölmiðlamönnum tókst að bera kennsl á hann. Ekki var hins vegar hægt að fá nánari upplýsingar um málið.

Hins vegar þarf Lohan að sinna öðru máli í réttarsalnum af því að hann hefur víst ekki borgað meðlagið í dágóðan tíma. Af Lindsay er það hins vegar að frétta að hún flýgur um á bleiku skýi eftir að hafa krækt í stórt hlutverki í kvikmynd en slíkt heyrir víst til tíðinda. Hins vegar er lítið að frétta af ástamálum leikkonunnar þótt einhverjir vilji halda því fram að hún hafi snúið sér aftur að karlkyninu eftir stutta dvöl hjá Samönthu Ronson.



**Í VONDUM MÁLUM** Michael Lohan hefur verið kærður fyrir að hóta kærustu sinni lífláti. Hann á víst líka eftir að standa skil á meðlagsgreiðslum.



**GUNNAR ÞÓRÐARSON**

**Gunnar Þórðarson** hefur útsett sín frægustu lög fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. **Páll Óskar** syngur perlurnar Þitt fyrsta bros og Bláu augun þín í Háskólabíói í júní.

# Frægir syngja lög Gunnars

**Allar helstu söngperlur Gunnars Þórðarsonar verða fluttar af mörgum af fremstu söngvurum þjóðarinnar í Háskólabíói 26. júní. Á meðal þeirra sem stíga á svið verða Páll Óskar, Raggi Bjarna og Dísella.**

Hinir söngvararnir sem munu láta ljós sitt skína í Háskólabíói við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru Margrét Eir, Páll Rósinkranz, KK og Svavar Knútur.

Gunnar Þórðarson útsetti flest sín þekktustu lög fyrir Sinfóníuhljómsveitina ásamt þeim Haraldi Vigni Sveinbjörnssyni og Hrafnkeli Orra Egilssyni. Hann segir það frábært að hafa fengið til liðs við sig þessa öflugu söngvara. „Ég er fullkomlega ánægður með þá. Þeir eru allir góðir og enginn er slæmur. Það verður engu klúðrað þarna, það er alveg á hreinu," segir hann.

Meðal annars mun Páll Óskar syngja hin gullfallegu lög Þitt fyrsta bros og Bláu augun þín, auk þess sem hann og Páll Rósinkranz syngja saman Við Reykjavíkurtjörn. Hinn síðarnefndi fetar síðan í fótspor Eiríks Haukssonar og syngur rokkslagarann Gaggó Vest en Raggi Bjarna syngur Ljúfa langa sumar og Margrét Eir spreytir sig á Minning þín.

Að sögn Margrétar Ragnarsdóttur hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands gekk rosalega vel að hóa í mannskapinn og fá hann til að taka þátt í verkefninu. „Það voru allir mjög spenntir, bæði yfir því að vinna með Gunnar Þórðarsyni og fá að syngja með hljómsveitinni. Það tóku allir rosalega vel í þetta og eru mjög spenntir," segir hún. „Þetta eru ekki týpískir popptónleikar því þetta er í sinfónískum útgáfum en þetta verður örugglega ótrúlega flott. Þarna verða sungin öll þessi vinsælu lög hans sem fólk þekkir."

Áður er tónleikarnir í Háskólabíói hefjast ferðast Gunnar til Berlínar í næstu viku til að hlusta á flutning á verki sínu Brynjólfsmessu. Það verður flutt hinn 6. júní í sögufrægri kirkju sem kom við sögu við fall Berlínarmúrsins. Um tvö hundruð manns verða á sviðinu, þar á meðal Skálholtskórinn og þýskur kór. Einnig verður fjörutíu manna barnakór á sviðinu, fjörutíu manna hljómsveit og tveir sólósöngvarar. „Mér finnst þetta alveg frábært og ég hlakka mikið til að heyra þetta," segir Gunnar.

freyr@frettabladid.is

# Britney leitar ráða hjá Madonnu

Britney Spears er nú með strákana sína tvo á tónleikaferðalagi um Evrópu. Poppdrottningin Madonna ku hafa ráðlagt henni að taka þá með sér til að bæta tengslin við þá. Madonna sjálf hafði yfirleitt börnin sín með sér á sínum tónleikaferðalögum þegar hún var gift Guy Ritchie en með breyttum umgengnisrétti heyra slík fjölskylduferðalög víst sögunni til. Madonna mun þó hafa dásamað þessa leið til að tengjast börnunum betur og því sitja þeir Jayden James og Sean Preston með mömmu sinni í rútum og flugvélum og skoða heiminn. „Hafðu þau nærri þér þegar þú ert á ferðalagi, þau munu læra að sætta sig við þetta og njóta þess að eyða smá tíma með mömmu sinni," á Madonna að hafa sagt við Britney samkvæmt heimildarmanni tímaritsins Hello!.

Eins og fjölmiðlar beggja vegna Atlantshafsins hafa fjallað ítarlega um hefur Britney ekki gengið heil til skógar en virðist þó vera að ná tökum á tilveru sinni eftir erfiða tíma. Kevin Federline, fyrrum eiginmaður hennar, mun hafa lagt blessun sína yfir þetta fyrirkomulag og vonast til að synirnir fái aðra sýn á móður sína. Hello! hefur eftir heimildarmanni sínum að strákarnir fái þó ekki að sjá sum atriði tónleikanna. „Lynne, mamma Britney, fer með strákana afsíðis þegar atriðin verða aðeins of gróf."



**MEÐ STRÁKANA** Britney Spears er víst með strákana með sér á tónleikaferðalagi um Evrópu í þeim tilgangi að ná við þá betri tengslum.


SOTHYS
PARIS
28. maí - 3. júní
20%
Afsláttur
Neyðarlausn fyrir líflausa húð
SOTHYS, gæðamerki fagfólksins í húðumönnun
er notað af 15.000 snyrtistofum um allan heim.
Bíðið ekki með að bæta húðina.
Renewal System™ er
öflugt kerfi frá Sothys.
Bætir húðina með endurnýjandi virkni á
næturnar og verndar hana á daginn á
áhrifaríkan hátt. Prófið og sannfærist.
20% afsláttur af Renewal System™ í Kringlunni, Smáralind, Skeifunni og í Holtagörðum tilboðið gildir frá 28. maí til 3. júní eða meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Atvik umferðarinnar

Skrautlegir tilburðir Kjartans Sturlusonar, markvarðar Vals, þegar Grindvíkingurinn Scott Ramsay skoraði beint úr aukaspyrnu í leik liðanna á mánudag. Kjartan virtist í engum vandræðum með að verja þar til hann stökk skyndilega frá boltanum.

## > Bestu ummælin

„Fyrir hvað ertu að spjalda mig?“ sagði Hjörtur Hjartarson við annan aðstoðardómarann í leik Þróttar og Fjölnis. Það reyndist dýrkeypt. Þá var búið að skipta Hirti út af en hann afrekaði engu að síður að fá tvær áminningar og þar með rautt á bekknum.



# sport

sport@frettabladid.is

**PEPSI-DEILD KARLA: ÚRVALSLIÐ 4. UMFERÐAR**

# *Grimmir hafnfirskir sóknarmenn*

Úrvalslið umferðarinnar í Pepsi-deild karla er að þessu sinni skipað fjórum FH-ingum, þar af er öll sóknarlínan hafnfirsk. Enda skoruðu þeir hvítklæddu fimm mörk gegn nýliðum Stjörnunnar á laugardaginn, reyndar eftir að markverði Garðbæinga var vikið af velli með rautt spjald. En Íslandsmeistararnir fóru mikinn á lokakafla leiksins og hefðu vissulega getað skorað fleiri mörk en fimm.

KR gerði góða ferð til Vestmannaeyja þar sem liðið vann sinn fyrsta deildarsigur síðan 1997. Leikurinn þótti reyndar ekkert augnayndi en varnarjaxlinn Grétar Sigurðarson er fulltrúi KR í liðinu enda gerðu varnarmenn KR vel í að halda marki sínu hreinu í leiknum.

KR tyllti sér þar með á topp deildarinnar og er það í fyrsta sinn sem það gerist síðan 2003. Þykir það heldur löng bið í Vesturbænum.

Við hlið KR-inga á toppnum eru Fylkismenn sem unnu 3-1 sigur á Breiðabliki og eiga tvo fulltrúa í liði umferðarinnar.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** FH 18
**Flest skot á mark:** FH 11
**Fæst skot:** Fylkir og Breiðablik 7
**Hæsta meðaleink.:** FH 6,92.
**Lægsta meðaleink.:** Breiðalik 4,00.
**Grófasta liðið:** ÍBV 26 brot.
**Prúðasta liðið:** Valur 5 brot.
**Flestir áhorfendur:** 1638, á leik FH og Stjörnunnar.
**Fæstir áhorfendur:** 618, á leik ÍBV og KR.
**Áhorfendur alls:** 6713 (1118).
**Besti dómarinn:**
Kristinn Jakobsson var fyrsti dómarinn í sumar til að fá 8 í einkunn en hann dæmdi leik Vals og Grindavíkur.



**4-3 FYRIR GUMMA** Guðmundur Sævarsson, bakvörður FH, hefur skorað fleiri mörk en KR í síðustu 11 deildarleikjum liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR fær FH í heimsókn:

# Núll stig í síðustu 8 leikjum

**FÓTBOLTI Topplið KR-inga tekur í kvöld á móti Íslandsmeisturum FH í stórleik Pepsi-deildar karla. KR-ingar eru í toppsætinu í fyrsta sinn í sex ár og FH-ingar hafa unnið fjóra Íslandsmeistaratitla í millitíðinni.**

**FH-ingar skutu Stjörnumenn af toppnum í síðustu umferð og geta endurtekið leikinn í kvöld en leikurinn hefst klukkan 20 á KR-vellinum.**

**KR-ingar þurfa ekki aðeins að berjast við sterkt lið FH heldur einnig við FH-grýluna sem hefur lifað góðu lífi í Frostaskjóli síðustu ár.**

**Það sem hefur einkennt sigurgöngu FH-inga undanfarin ár er meðal annars traustatak þeirra á vesturbæjarliðinu sem nú telur orðið átta sigurleiki í röð og ellefu leiki í röð án þess að tapa.**

**Frá og með 7-0 sigri FH á þá nýkrýndum Íslandsmeisturum KR í lokaumferðinni 2003 hefur KR-liðinu aðeins tekist að ná í eitt stig og skora þrjú mörk þrátt fyrir að liðin séu búin að mætast ellefu sinnum í úrvalsdeildinni á þessum tæpu sex árum. FH hefur náð í 31 af 33 mögulegum stigum og markatalan er 28-3 Hafnarfjarðarliðinu í hag.** - óój

# Liðsheildin er aðalatriðið

**Kjartan Ágúst Breiðdal, leikmaður Fylkis, er leikmaður 4. umferðar í Pepsi-deild karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði eitt marka Fylkis í 3-1 sigri á Breiðabliki á sunnudag þegar Fylkir tyllti sér á topp deildarinnar við hlið KR.**

FÓTBOLTI Fylkismenn hafa að margra mati komið einna mest á óvart í Pepsi-deild karla nú í sumar, ásamt nýliðum Stjörnunnar. Árbæingarnir eru þó engir nýliðar í deildinni en þeir hafa haldið sig í efstu deild síðan Ólafur Þórðarson stýrði liðinu upp úr 1. deildinni fyrir áratug. Nú er Ólafur aftur tekinn við þeim appelsínugulu og undir hans stjórn hafa Árbæingar farið á kostum í upphafi mótsins.

Ólíkt undanförnum árum er Fylkisliðið að langmestum hluta byggt upp á heimamönnum. Kjartan Ágúst Breiðdal er einn þeirra og er hann leikmaður 4. umferðar deildarinnar að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði eitt marka Fylkis í 3-1 sigri á Breiðabliki á sunnudagskvöldið.

Fylkir hefur unnið þrjá leiki og gert eitt jafntefli – gegn Fram á Laugardalsvellinum en allir þrír sigurleikirnir hafa komið á heimavelli. „Það var svekkjandi að ná ekki sigrinum á móti Fram líka, eftir á að hyggja. En það var engu að síður gott að fá stig á móti Fram á útivelli,“ segir Kjartan Ágúst.

Hann segir að ýmislegt hafi breyst hjá Fylkisliðinu með tilkomu Ólafs þjálfara. „Hann hefur náð að þjappa hópnum saman og er líka mikið í að leiðbeina mönnum persónulega. En liðið er að miklu leyti skipað uppöldum leikmönnum og menn eru duglegir að vinna hvor fyrir annan. Hann hefur náð baráttunni fram í okkur.“

Fylkir missti þónokkra leikmenn fyrir tímabilið og bjuggust margir við að liðið myndi eiga erfitt uppdráttar. „Það sem mestu skiptir er að menn standi saman í þessu og að liðið sé ekki bara skipað einstaklingum sem ætla að gera allt sjálfir. Liðsheildin hefur verið að fleyta okkur langt og er lykillinn að árangri okkar.“



**KJARTAN ÁGÚST** Hér berst hann um boltann við Olgeir Sigurgeirsson, leikmann Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálfur hefur Kjartan Ágúst mátt glíma við erfið meiðsli á sínum ferli en hann missti af öllu tímabilinu árið 2007 og svo af upphafi mótsins í fyrra. „Þetta voru erfiðir tímar þegar ég var meiddur og ég er því mjög ánægður með að vera kominn aftur af stað núna. Ég veit að ég á meira inni en ég er að spila og það er fyrir öllu.“

Fylkir mætir Stjörnunni í Garðabænum í kvöld þegar heil umferð fer fram í Pepsi-deildinni. „Ég held að þetta verði mjög jafn og spennandi leikur,“ sagði hann um viðureignina. „En fyrst og fremst hörkuleikur og afar erfiður.“

eirikur@frettabladid.is



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Valur mætir Fram í kvöld og Grindavík tekur á móti Þrótti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Boltavaktin á tánum:

# Heilli umferð lýst beint á Vísi

FÓTBOLTI Það verður nóg um að vera fyrir knattspyrnuunnendur í kvöld enda heil umferð á dagskrá Pepsi-deildar karla. Fimm leikir hefjast klukkan 19.15 og svo stórleikur umferðarinnar, viðureign KR og FH, klukkan 20.00.

Blaðamenn Vísis og Fréttablaðsins munu sem fyrr fylgjast grannt með gangi mála á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins. Þar má fylgjast með öllu því helsta sem gerist í leikjunum. Farsímanotendur geta einnig nálgast Boltavaktina í Vodafone Live!

Á Miðstöð Boltavaktarinnar safnast svo allar helstu upplýsingar leikjanna saman á einum stað. Þar með missa lesendur Vísis ekki af einu einasta marki og fá upplýsingarnar beint í æð.

Eftir að leikjunum lýkur munu svo birtast umfjallanir um alla leikina á íþróttavef Vísis ásamt ítarlegri tölfræði, einkunnum leikmanna og viðtölum við þjálfara og leikmenn. - esá

## MÖRK LIÐA ÚR FÖSTUM LEIKATRIÐUM

| | |
|---|---|
| Stjarnan | 6 (þar af 0 víti) |
| Fylkir | 5 (2) |
| FH | 3 (1) |
| Fjölnir | 3 (1) |
| Grindavík | 2 (0) |
| Keflavík | 2 (0) |
| Breiðablik | 1 (0) |
| Fram | 1 (0) |
| KR | 1 (1) |

**Valur**, **Þróttur** og **ÍBV** hafa ekki skorað mark eftir fast leikatriði.

Opið í veitingahúsinu fimmtudags- föstudags- og laugardagskvöld frá 18-22
& í hádegi alla virka daga
Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga
Veisluþjónusta:
brúðkaup, erfidrykkjur, afmæli, skírn, fermingar ofl.
Fjölskyldufyrirtæki í 15 ár
Gallerý fiskur
Opið í fiskbúðinni
mán - fös 10:00-18:30
lokað um helgar
www.galleryfiskur.is
Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882

Fylkir og Stjarnan hafa komið mest á óvart í fyrstu umferðum Pepsi-deildar karla:

# Spútnikliðin nýta föstu leikatriðin

FÓTBOLTI Stjarnan og Fylkir mætast undir nýjum kringumstæðum á Stjörnuvellinum í kvöld því þar er á ferðinni toppslagur í 5. umferð Pepsi-deildar karla. Liðin eru í öðru og þriðja sæti deildarinnar. Fylkir er með 10 stig og Stjarnan er með níu stig og hefur skorað flest mörk allra liða.

Þjálfararnir tveir, Ólafur Þórðarson hjá Fylki og Bjarni Jóhannsson hjá Stjörnunni, muna tímana tvenna og hafa báðir náð miklu út úr liðum sínum.

Föstu leikatriðin hljóta að spila stóra rullu í skipulagi liðanna því alls hafa þessi tvö lið skorað 11 af 19 mörkum sínum úr föstum leikatriðum. Þau verjast líka föstum leikatriðum vel en aðeins hefur eitt mark mótherja þeirra komið upp úr þeim.

Mark úr föstu leikatriði telst vera mark sem er skorað í kjölfar aukaspyrnu, hornspyrnu, eftir innkast á þriðja hluta vallarins eða úr vítaspyrnu.



**MARK EFTIR HORN** Tryggvi Bjarnason skorar fyrir Stjörnuna á móti ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjarnan hefur skorað flest mörk allra liða úr föstum atriðum eða sex slík í þessum fjórum leikjum. Liðið hefur skorað þrjú mörk eftir hornspyrnur, tvö eftir innköst og eitt eftir aukaspyrnu.

Fylkir hefur skorað fimm af sex mörkum sínum eftir fast leikatriði, þar af hafa tvö þeirra komið úr vítaspyrnum. Fylkir skoraði öll þrjú mörk sín úr föstum leikatriðum í síðasta leik, tvö eftir aukaspyrnur og það þriðja eftir horn. Hér fyrir ofan má sjá töflu yfir mörk liða úr föstum leikatriðum.

Grindvíkingum hefur gengið liða verst að verjast föstum leikatriðum en sex af ellefu mörkum mótherja þeirra hafa komið við slíkar aðstæður. - óój

# ALLTAF BETRA VERÐ

7 DAGA TILBOÐ 20.000 AFSLÁTTUR



## acer FARTÖLVA 17"

**Acer Aspire 7730G-644G32MN**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • 17" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1440x900 punkta upplausn • 512MB GeForce Go 9300M-GS TurboCache skjákort • Þráðlaust netkort • High Definition hljóðkerfi og hljóðnemi • 4xUSB 2.0, EasyPort IV, Firewire, HDMI, VGA, ExpressCard/54 o.fl. • Windows Vista Home Premium

**149.990**

FULLT VERÐ KR. 169.990



## TOSHIBA 8.9" FARTÖLVA

7 DAGA TILBOÐ 10.000 AFSLÁTTUR

**Toshiba Netbook NB100-11J**

1.6GHz Intel Atom N270, 533FSB og 512KB L2 Cach örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni • 120GB SATA harðdiskur • 8.9" TFT XGA með 1024x600 skjá - nýtir DDR minni • Intel GMA950 PCI skjástýring skjákort • 3x USB2.0, 10/100 Ethernet og VGA tengi • Microsoft Windows XP Home

FULLT VERÐ KR. 69.990

**59.990**

10 ára ábyrgð



## CORSAIR MINNISLYKILL

**Corsair 16GB USB2**

Gúmmíhúðaður USB minnislykill sem þolir mikið hnjask. 10 ára ábyrgð.

**9.990**



## Logitech HEYRNARTÓL

**Logitech PC120**

Heyrnatól með spöng fyrir aftan eyru og hljóðnema.

**4.990**



## PHILIPS LCD SKJÁR

**22 Philips 220SW9FB**

22" svartur LCD breiðtjaldsskjár með 1680x1050 dpi, 10000:1 í dynamic skerpu, 5ms og 16,7 milljón liti.

**35.990**



## WD 640GB MYBOOK FLAKKARI

**WD Essential 640GB**

640GB flakkari frá WD með hljóðlátum og umhverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

**16.990**

TILBOÐ



## UNITED 720/1080i MEDIA SPILARI

**United HD MMP 9530**

720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengjum. Innbyggður SD/MMC kortalesari ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

**14.990**



## EPSON FJÖLNOTATÆKI

**Epson Stylus SX100**

Prentari, skanni og ljósritunarvél. Prentar A4 í 5760 x 1440p, skannar í 600 x 1200 p. Prentar 26 bls á mín. USB. Windows og Mac.

**10.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |



**FLUGFERÐ** Pep Guardiola fékk væna flugferð frá lærisveinum sínum eftir leikinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Misjöfn viðbrögð manna eftir leikinn í Rómarborg:

# Við erum bestir

**FÓTBOLTI** Andrés Iniesta kom til baka úr meiðslum hjá Barcelona og lék frábærlega á miðjunni. Hann var orðlaus í leikslok.

„Við erum bestir. Það eru engin orð til þess að lýsa þessari tilfinningu. Þetta var fullkominn endir á stórkostlegri leiktíð. United var betra liðið í sex eða sjö mínútur en eftir það áttum við leikinn. Fullkomið,“ sagði Iniesta.

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, var svekktur en auðmjúkur í leikslok. „Ef allrar sanngirni er gætt þá töpuðum við fyrir betra liði hérna í kvöld. Við byrjuðum leikinn vel en það var alveg hrikalegt að fá mark á okkur í fyrstu sókninni þeirra,“ sagði Ferguson.

„Það var mikið sjálfstraust hjá okkur í upphafi leiksins en eftir markið urðu menn svolítið stressaðir. Það var eðlilega þægilegt fyrir leikmenn Barca að vera marki yfir og þeir gátu bara haldið boltanum allt kvöldið. Við höfðum ekki nógan kraft til þess að koma okkur inn í leikinn eftir það. Við fengum nokkur hálffæri í síðari hálfleik og hefðum hugsanlega átt að gera betur,“ sagði Ferguson, sem segir ágætt að lenda í mótlæti því menn læri af því.

„Nú verðum við að taka þessu og horfa fram á veginn. Við erum enn gott lið sem getur gert enn betur.“

- hbg


Seldi búslóðina og flutti út

Harpa Einarsdóttir fatahönnuður og teiknari kann vel við sig í suðurríkjastemningunni í Atlanta, þar sem hún starfar fyrir tölvuleikjafyrirtækið CCP.



föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun

Allt sem þú þarft



Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:

Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 49.088 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.925 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.987 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Véland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

REYKJAVÍK

Vélaland - VAGNHÖFÐA 21
Sími 577-4500




VÉLALAND




**ÓTRÚLEGIR** Lionel Messi og Andrés Iniesta halda hér á bikarnum eftirsótta í gær. Iniesta kom sterkur inn í lið Barcelona eftir meiðsli og Messi skoraði glæsilegt skallamark. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Ótrúlegt lið Barcelona

**Barcelona fullkomnaði þrennu sína í gær með því að leggja Man. Utd að velli, 2-0, í úrslitum Meistaradeildarinnar. Barcelona vann einnig spænsku deildina og spænska bikarinn. Eiður Smári fyrsti Íslendingurinn sem vinnur keppnina.**

**FÓTBOLTI** Barcelona er besta lið Evrópu í dag og það var staðfest er liðið vann Meistaradeildina í Róm í gærkvöld. Lemstruð vörn liðsins hélt stórskotaliði Manchester United í skefjum og fékk ekki á sig mark á meðan það skoraði tvö mörk.

Eiður Smári Guðjohnsen varð fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna þessa keppni en hann kom ekki við sögu í leiknum í gær.

Það var Man. Utd sem byrjaði leikinn mun betur. Leikmenn enska liðsins voru geysilega grimmir og tóku völdin á vellinum strax á fyrstu mínútu. Ronaldo átti svakalega aukaspyrnu sem Valdes hélt ekki. Síðan var Park Ji-sung ekki fjarri því að komast í boltann en Barca náði að bjarga í horn.

Ronaldo var sérstaklega sprækur, ógnaði með hraða sínum og skaut eins og óður maður á markið. Það var nákvæmlega ekki neitt að gerast í leik Barcelona á þessum tíma og náði liðið ekki einu sinni að byggja upp litla sókn fyrr en á tíundu mínútu. Iniesta bar þá upp boltann og sendi til hægri á Samuel Eto´o, sem fór illa með Nemanja Vidic og lagði boltann svo í nærhornið framhjá Edwin van der Sar. Ótrúleg byrjun og markið kom algjörlega gegn gangi leiksins.

Smá lífsmark var í United næstu tíu mínútur en svo slökknaði algjörlega á liðinu. Það hætti að leika af sömu ákefð, leikmenn voru staðir og grimmdin langt frá því að vera nógu mikil.

Barcelona náði tökum á leiknum og hélt boltanum eins og liðið gerir best á meðan leikmenn United horfðu á. Barca náði ekki að skapa nein færi en það sem meira skipti fyrir þá var að United gerði það ekki heldur.

Barca leiddi því í leikhléi og ljóst var að Alex Ferguson varð einhvern veginn að blása lífi í leik sinna manna á nýjan leik.

Hálfleiksræða hans skilaði hins vegar engu því Börsungar voru sterkari í upphafi síðari hálfleiks og United gerði ekkert af viti fyrr en eftir tíu mínútna leik. United var síðan að vinna sig inn í leikinn þegar Lionel Messi skoraði með skalla eftir sendingu frá Xavi. Rio Ferdinand var meðvitundarlaus í teignum og Messi þakkaði fyrir með því að skalla boltann í netið.

Carlos Tevez kom af bekknum í hálfleik en hann breytti engu í leik United að þessu sinni. Manchester-liðið var ólíkt sjálfu sér og vantaði alla grimmd og áræðni í gær. Sóknarleikurinn var ekki eins hraður og venjulega og ótrúlegt að liðið hafi ekki sett meiri pressu á vörn Barca, sem var löskuð fyrir leikinn.

Barcelona var aftur á móti skynsama liðið og lék öruggan fótbolta eftir fyrra markið. Miðja Barcelona var miklu sterkari og leikmenn sýndu þolinmæði og refsuðu grimmilega. Virkilega flott frammistaða hjá liði Barcelona en leikmenn Manchester United munu eflaust naga sig í handarbökin fyrir að hafa ekki gert betur.

henry@frettabladid.is



**BURT MEÐ SILFRIÐ** Ronaldo hafði lítinn áhuga á silfurpeningnum sem hann fékk eftir leikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**ÚR SKÓNUM** Lionel Messi fagnaði marki sínu með því að fara úr skónum og kyssa hann. Van der Sar var súr fyrir aftan. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# VOR ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## 42" SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 100 ÞÚSUND KRÓNA AFSLÆTTI

JVC PHILIPS TOSHIBA Panasonic

### ÚTVARPSTÆKI
FULLT VERÐ 3.490
TILBOÐ 1.990
Dantax AFSL. 43%

### STAFRÆNIR MYNDARAMMAR
VERÐ FRÁ 4.990
Lenco AUDIO - VIDEO PHILIPS

### JVC HEYRNARTÓL
MARGAR GERÐIR
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

### FERÐA DVD SPILARAR
VERÐ FRÁ 14.990
UNITED Dantax PHILIPS

JBL harman/kardon JBL harman/kardon

HLJÓMTÆKI OG HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

## Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

> **Rachel Griffiths**

„Máttur kvikmynda felst í tækifærinu sem þær gefa fólki til að upplifa eitthvað án þess að hreyfa sig úr sporunum.“

***Griffiths leikur Söruh Whedon í þættinum Bræður og systur sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIGU GÍSLADÓTTUR LANGAR STUNDUM Í FITUBOLLUBÚÐIR

# Og spikið hristist af

Hún er ótrúleg ánægjan sem maður fær úr því að fylgjast með sadískum einkaþjálfurum pína fitubollurnar í The Biggest Loser þangað til þær eru við það að æla. Svitinn rennur, spikið hristist, ennið hrukkast af áreynslu og fæturnir gefa undan. „Áfram, áfram,“ æpir Bob og Gillian er hinum megin í salnum að píska áfram eitthvert aumingjans konugrey sem grætur af sársauka í magavöðvunum enda búin að gera tvö hundruð uppsetur.

En það er ekki af illkvittni sem ég hrópa húrra þegar einhver liggur hálförendur á gólfinu eftir erfiðar æfingar, heldur felst í gleði minni draumur um að einhver muni einhvern tíma dæma mig í slíkar fitubollubúðir.

Þar sem við karlinn sátum á sófanum í gær eins og slytti, bruddum brjóstsykur og hvíldum kókglösin á bumbunum mælti minn maður:



„Rosalega væri nú gott ef einhver myndi pína mann svona áfram, þá yrði maður nú fljótlega ansi flottur.“ Og ég kinkaði kolli og andvarpaði, að hluta til af því ég var sammála en að hluta einnig af feginleik yfir því að vita að slíkt myndi aldrei gerast. Það er nefnilega eins og oft vill verða að það að „langa“ er ekki það sama og að „nenna“. Mig langar til að vera há, mjó og ljóshærð, en ég nenni ekki endilega að fara út að hlaupa eða mæta í spriklið á líkamsræktarstöðinni. Því set ég frekar upp grímu þess sem er fullkomlega sáttur við aukakílóin og hnussa yfir þessum mjóu sem borða bara salat og eru alltaf í ræktinni.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.40** The O.C. STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.05** The Prestige STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Boston Legal SKJÁREINN



▶ **21.15** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** Twenty Four STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Tea á Geu** (e)
**17.45 Tómas og Tim** (3:16)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Úr vöndu að ráða** (Miss Guided) (2:7) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspónn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Aðalhlutverk: Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**21.05 Þegar á reynir** (2:3) Fræðsluefni frá Rauða krossi Íslands. (e)
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.45 Anna Pihl** (Anna Pihl) (5:10) (e)
**23.30 Kastljós** (e)
**00.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 The Prestige**
**08.20 Lucky You**
**10.20 On a Clear Day**
**12.00 Annie**
**14.05 Lucky You**
**16.05 On a Clear Day**
**18.00 Annie**
▶**20.05 The Prestige** Mynd sem gerist um aldamótin 1900 þegar sjónhverfingamenn áttu sitt gullaldarskeið.
**22.15 Oldboy**
**00.15 The Princess Blade**
**02.00 Hostage**
**04.00 Oldboy**
**06.00 Match Point**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan, Elías og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (13:25)
**09.55 Doctors** (14:25)
**10.20 Extreme Makeover: Home Edition** (13:25)
**11.05 Cold Case** (11:23)
**11.50 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (199:260)
**13.25 Wings of Love** (67:120)
**14.10 Wings of Love** (68:120)
**14.55 Ally McBeal** (3:21)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Nonni nifteind, A.T.O.M., Bratz og Elías.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (14:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**
**19.40 The Simpsons** (20:22) Lísa er að falla í leikfimi og til að koma í veg fyrir það fær Skinner skólastjóri handa henni einkaþjálfara.
**20.05 Hell's Kitchen**
**20.50 The Mentalist** (16:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
▶**21.35 Twenty Four** (18:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**22.20 For Your Eyes Only** James Bond fær það hlutverk að hafa uppi á horfnum dulkóðunarlykli sem er í eigu Bresku leyniþjónustunnar áður en hann kemst í óvinahendur. Roger Moore fer með hlutverk njósnara hennar hátignar.
**00.25 Prison Break** (17:24)
**01.10 Damages** (12:13)
**01.55 Incident at Loch Ness**
**03.25 The Mudge Boy**
**04.55 Second in Command**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Barcelona - Man. Utd** Útsending frá úrslitaleiknum í Meistaradeild Evrópu.
**08.50 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
**13.55 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**15.45 HP Byron Nelson Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**16.40 Inside the PGA Tour 2009**
**17.05 Barcelona - Man. Utd** Útsending frá úrslitaleiknum í Meistaradeild Evrópu.
**18.55 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**19.15 FA Cup - Upphitun** Hitað upp fyrir elstu og virtustu bikarkeppni í heimi.
**19.45 Pepsí deildin 2009** Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar.
**23.00 Poker After Dark**
**23.40 Timeless**
**00.05 NBA tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**00.30 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.20 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
**19.20 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**19.50 Season Highlights 1997/1998** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.50 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 PL Classic Matches** Chelsea - Man. Utd 1999.
**22.30 PL Classic Matches** Middlesbrough - Man. Utd 1999.
**23.00 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**23.30 Arsenal - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (11:11) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (11:11) (e)
**12.50 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.20 The Game** (20:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í amerísku fótboltanum.
**18.45 America's Funniest Home Videos** (27:48) (e)
**19.10 Top Chef** (11:13) (e)
**20.00 All of Us** (7:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.
**20.30 Everybody Hates Chris** (1:22) Gamanþættir með svörtum húmor byggðir á æsku grínleikarans og uppistandarans Chris Rock.
▶**21.00 Boston Legal** (13:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Það er komið að lokaþættinum í þessari frábæru þáttaröð.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (10:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Þrír ungir háskólanemar eru myrtir á miskunnarlausan hátt og Logan og Falacci taka málið nærri sér.
**22.40 Jay Leno**
**23.35 America's Next Top Model** (10:13) (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson ræðir við Jón Bjarnason og Einar K. Guðfinnsson um fyrningarleiðina.
**21.00 Útvegurinn** Umsjón hefur Sigurður Sveinn Sverrisson. Nýr alhliða þáttur um sjávarútvegsmál á Íslandi styrktur af LÍÚ.
**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgenssen ræðir um matarmenningu við gest sinn en matreiðslumeistari er Ragnar Ómarsson.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Hell's Kitchen

Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi, Gordon Ramsey, er nú mættur í fjórða sinn og nú svalari en nokkru fyrr. Hann er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í harða keppni um starf á alvöru veitingahúsi. Ramsey notar auðvitað hvert tækifæri til að niðurlægja og húðskamma keppendur fyrir viðvaningsleg vinnubrögð og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Everybody Hates Chris

**SkjárEinn kl. 20.30**

Gamanþættir byggðir á æsku grínleikarans og uppistandarans Chris Rock. Núna er Chris orðinn unglingur og kominn í nýjan skóla en lífið er ekkert einfaldara. Stelpurnar eru alveg jafnerfiðar og nýr skólastjóri gerir honum lífið leitt. Foreldrar hans eru alltaf við sama heygarðshornið og systkinin þroskast ekkert. Þetta er fjórða og jafnframt síðasta þáttaröðin.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Saga af bláu sumri
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Listahátíð í Reykjavík 2009: Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Prestar, vofur og viðrini
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (198:260)
**17.15 Hollyoaks** (199:260)
**17.40 The O.C.** (23:27)
**18.25 Seinfeld** (18:22)
**18.45 Hollyoaks** (198:260)
**19.15 Hollyoaks** (199:260)

▶ **19.40 The O.C.** (23:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**20.25 Seinfeld** (18:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Gossip Girl** (17:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartíi.

**22.45 Grey's Anatomy** (23:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.

**23.30 In Treatment** (3:43)
**00.00 Idol stjörnuleit** (14:14)
**00.50 Sjáðu**
**01.20 Fréttir Stöðvar 2**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Dalziel and Pascoe **10.55** Dalziel and Pascoe **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** After You've Gone **14.30** The Weakest Link **15.15** Dalziel and Pascoe **16.05** Dalziel and Pascoe **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** After You've Gone **19.10** Jekyll **20.00** Jonathan Creek **20.50** Dalziel and Pascoe **21.40** Dalziel and Pascoe **22.30** Jekyll **23.20** My Hero **23.50** After You've Gone

## DR 1

**11.05** Aftenshowet med Vejret **11.30** Læger for livet **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.40** S, P eller K **13.50** Boogie Update **14.20** S, P eller K **14.30** Monster allergi **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Small Faces **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.15** Mød EU-kandidaterne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Venner på eventyr **18.00** Kvinder på flugt **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Du skyder, jeg smiler **21.45** Backstage **22.15** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjørn **16.15** Bernt og Erling på nye eventyr **16.20** Rorri Racerbil **16.30** Her er eg! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** 4-4-2. Eliteserien **19.45** Uten tilgivelse **20.30** Uti vår hage 2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Da pengane erobra verda **22.35** Livets porto **23.25** Kulturnytt **23.35** Ekstremvær jukeboks

## SVT 1

**11.25** Griniga gubbar **12.20** Vem tror du att du är? **13.20** Allt ljus på **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Rosenborgs slott och Kristian IV **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Draknästet **20.00** Om natten **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Uppdrag Granskning **22.10** Plus Europa **23.10** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Rás 1 er hérna í gangi allan daginn. Fyrri part vikunnar er það klassísk tónlist en það léttist á mér lundin seinni hluta vikunnar þegar Rás 1 fer að auka líberalismann og spila léttari lög.“*

Ari Gísli Bragason bóksali

# Kastljóssdama á skólabekk

Kastljóssdaman Þóra Tómasdóttir ætlar að setjast á skólabekk í sumar og hefja meistaranám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. „Ég ætla að læra meira í heimildarmyndagerð þegar ég hef tækifæri til þess, sem ég hef ekki núna, en þetta fléttast ágætlega með vinnunni,“ segir Þóra. Hún segir námið einnig góðan grunn fyrir heimildarmyndagerðina, en hún er um þessar mundir að undirbúa nýja mynd um kvennalandsliðið í knattspyrnu. Keppir það einmitt í úrslitum Evrópumótsins í Finnlandi í ágúst og mun Þóra að sjálfsögðu fylgjast þar grannt með gangi mála.

Vegna þeirra miklu anna sem eru fram undan bæði í námi og við heimildarmyndagerðina hverfur Þóra af sjónvarpsskjánum eftir helgi og verður meira og minna í burtu næsta tvo og hálfan mánuðinn. Verður það sjónarsviptir fyrir dygga Kastljóssáhorfendur enda hefur Þóra staðið sig þar með mikilli prýði á undanförnum árum. **- fb**



**ÞÓRA TÓMASDÓTTIR** Sjónvarpskonan röggsama ætlar að setjast á skólabekk í sumar og taka sér hlé frá Kastljósinu.

**BIFRÖST** Háskólinn á Bifröst býður upp á nám í menningarstjórnun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LÁRÉTT 2.** nálægt, **6.** í röð, **8.** orga, **9.** erlendis, **11.** gangþófi, **12.** upp, **14.** borga, **16.** gat, **17.** eins um u, **18.** óðagot, **20.** guð, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT 1.** rönd, **3.** tveir eins, **4.** lýgur, **5.** mál, **7.** telpur, **10.** svelgur, **13.** tóm, **15.** yfirstétt, **16.** tíðum, **19.** svörð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** næst, **6.** rs, **8.** æpa, **9.** úti, **11.** il, **12.** neðan, **14.** launa, **16.** op, **17.** ðuð, **18.** fum, **20.** ra, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** brún, **3.** ææ, **4.** spinnur, **5.** tal, **7.** stelpur, **10.** iða, **13.** auð, **15.** aðal, **16.** oft, **19.** mó.


íslensk hönnun og handverk



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is


GUÐNI TH: AFLAÐI HEIMILDA MEÐ HARMKVÆMLUM OG KLÍPITÖNGUM

# HRUNIÐ SELUR GRIMMT

„Bomba? Segir hann [Egill Örn Jóhannsson] það? Er það ekki það sem hann gerir? Myndi hann ekki lýsa Símaskránni þannig? Jú, jú, þarna er sitthvað sem mun sæta tíðindum,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur.

Bók Guðna, Hrunið, kemur út í næstu viku en nú trónir á toppi metsölulistans fimmtu vikuna í röð bókin Sofandi að feigðarósi eftir Ólaf Arnarson – sem fjallar meðal annars um hrunið. „Hrunið selur,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins. Og menn beita í þennan vind. Nýlega kom út bók eftir Þorkel Sigurlaugsson um hrunið, von er á bók um sama efni eftir Einar Má Guðmundsson rithöfund sem heitir Hvíta bókin. Og svo bók Guðna sem er með undirtitlinum: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar. „Glæpasögur hvað?“ segir Guðni á léttum nótum. „Þær eru svo 2007. Nú eru það hrunsögur. Grínlaust er hið þarfasta verk að þeir sem komu að þessu lýsi sinni sýn. Fleiri bækur um þetta efni – þeim mun betra.“

Og hvaða bombur er um að ræða? „Bókin rekur sögu atburða frá gjaldþroti og falli Lehman Brothers til þess dags að Geir H. Haarde biðst lausnar fyrir ríkisstjórn sína. Það sem er nýtt í þessu er samhengi hlutanna og mér tekst að fá þá sem stóðu í eldlínunni; stjórnmálamenn, embættismenn, bankamenn… að segja mér hvernig þeim leið, hvað þeir vissu og hvað þeir vissu ekki og hvað bjó að baki ákvörðunum þeirra. Og byggja svo á skjalfestum heimildum sem enn hafa ekki komið fyrir almenningssjónir: Skjalfestum heimildum sem tókst að afla með harmkvælum og klípitöngum.“ En meðal þess sem Guðni fékk aðgang að voru tölvupóstsamskipti milli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Geirs H. Haarde, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Svo bregður við að margir viðmælenda hans vildu ekki koma fram undir nafni. Guðni segir að það ráðist fyrst og fremst af því að þetta mál er mjög í deiglunni enn. Heimildarmenn hans geta ekki stöðu sinnar vegna komið fram undir nafni en eru traustsins verðir. „Þeir eru ekki að búa til einhverja falssögu. En þegar menn eru að skrifa um eitthvað sem er enn lifandi og kvikt vilja menn í eldlínunni síður koma fram undir nafni og maður verður að sætta sig við það.“ **jakob@frettabladid.is**



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Bók hans, Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar, byggir meðal annars á skjalfestum heimildum sem enn hafa ekki komið fyrir sjónir almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Kristján Guðmundsson.
2. Sonia Sotomayor.
3. Joe Borg.

# Dalai Lama í sólarhringsgæslu

Dalai Lama, trúarleiðtogi Tíbeta, kemur ásamt ellefu manna fylgdarliði til Íslands á sunnudaginn og dvelur á landinu til 3. næsta mánaðar. Dalai Lama er meðal þeirra sem teljast í hvað mestri lífshættu á heimsvísu, ekki síst vegna væringa milli Tíbet og Kína. Ekki er að ástæðulausu að Dalai Lama fær ekki landvistarleyfi hvar sem er. Öryggisgæsla verður með mesta móti meðan Lama dvelst á landinu og verður hans gætt allan sólarhringinn. Nokkur leynd ríkir eðlilega um hvernig heimsókninni verður háttað og vildi talsmaður samtakanna Dalaí Lama á Íslandi, Þórhalla Björnsdóttir, ekki tjá sig að neinu leyti um hvernig að henni verður staðið. En eftir því sem Fréttablaðið kemst næst mun gæslan að einhverju snúa að hugsanlegum mótmælum Kínverja.

Uppselt er á fyrirlestur Lama í Laugardalshöll sem verður 2. júní en gestum er bent sérstaklega á að mæta tímalega vegna öryggisgæslu við innganginn. Deginum áður efnir biskup Íslands til samtrúarlegrar friðarstundar í Hallgrímskirkju en tilefnið er heimsókn Dalai Lama sem verður viðstaddur og flytur stutt ávarp. Þar munu fulltrúar kristinna kirkna sem og annarra trúarbragða lesa úr helgiritum. **- jbg**



**DALAI LAMA** Af öryggisástæðum ríkir nokkur leynd um ferðir hans á Íslandi og um það hvernig öryggisgæslu verður háttað.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikið er spáð og spekúlerað meðal hinna talandi stétta hver hreppir ýmis aðstoðarmannastörf sem nú eru að losna. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sú sem taki við starfi Írisar Lindar Sæmundsdóttur, þeirrar sem Árni Páll Árnason fékk í arf í félagsmálaráðuneytinu, sé **Anna Sigrún Baldursdóttir** fjármálaráðgjafi á Landspítalanum. Hún þekkir starfið af eigin raun því maður hennar er Jón Þór Sturluson sem var aðstoðarmaður Björgvins G. Sigurðssonar fyrrverandi viðskiptaráðherra. Anna Sigrún lenti í hremmingum á Netinu þegar hún skrifaði blogg á Eyjuna í desember í fyrra, þegar hysterían var sem mest, um að ljós væru í myrkrinu og uppskar þá svo hatursfullan póst á athugasemdakerfið sitt að hún sá sér þann kost einan í stöðunni að loka bloggi sínu.



Golfið er í miklili uppsveiflu og þá fylgir ásókn í golfvelli landsins, ekki síst eftir að lagst hefur af að menn bregði sér í utanlandsreisur nánast eins og að skreppa uppí sumarbústað líkt og var 2007. Golfklúbburinn Keilir í Hafnarfirði er nánast sprunginn og færist mjög í aukana að menn fari þá á hinn friðsæla og ágæta sveitavöll Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd. Þar sáust til dæmis nýverið sveifla kylfum sínum sæmdarhjónin Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri og **Brynja Nordquist** flugfreyja og tóku þau sig einstaklega vel út á vellinum – svo mjög að minnti á fræga myndasyrpu af þeim Svövu Johansen og Birni Sveinbjörnssyni fyrirsætu.



Einkaþjálfarinn Egill "Gillzenegger" Einarsson er nú um stundir að æfa sem geðsjúkur sé í Sporthúsinu – ekki síst vegna þess að helsti skjólstæðingur hans er enginn annar en handboltaundrið úr FH, **Aron Pálmarsson**, sem æfir undir handleiðslu hins yfirlýsingaglaða Gillz. Sem vill meina að ekki dugi minna en hann sjálfur til að þjálfa Aron svo hann verði ekki étinn upp til agna af þeim risum sem eru í þýsku deildinni sem Aron mun spila með næstu leiktíð. **-jbg**




HUMAR
2000 KR/KG
GLÆNÝ STÓRLÚÐA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Lítið dæmi
## um gott verð



**Aðeins 299 krónur stykkið**

**Sportbúðin – Ódýra veiðibúðin**

**SPORTBÚÐIN**

**Í leiðinni úr bænum**

**Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Landkynning

Ég tók að mér hollenskt sjónvarpsþáttagerðarfólk. Þau voru að fjalla um „Ástandið á Íslandi“ og höfðu fengið þá flugu í höfuðið að ég gæti sagt þeim eitthvað af viti. Ég sagði þeim að þetta væri eiginlega eins og skilnaður. Við hefðum skilið við góðæris-Ísland, gömlu kærustuna. Hún var vissulega sæt, en það var bara alltaf eitthvað að henni. Hræðilegur persónuleikagalli sem glitti í á bakvið lokkandi brosið. Núna nennti maður ekki lengur að velta sér upp úr árunum með henni, heldur vildi maður líta fram á veginn og byrja upp á nýtt. Helst með sænskri fóstru.

**ÞAU** settu mig undir stýri á glænýjum Land Rover og filmuðu þegar ég ók um Reykjavík. Mér leið eins og málaliða í kamúflasgalla að rúnta um átakasvæði í Afríku. Þau vildu aðallega fá að filma mig fyrir framan tómar byggingar. Við fórum upp að galtómri risaverslun Bauhaus. Ég sagði þeim að ef búðin hefði verið opnuð tveimur mánuðum fyrr hefðu allavega þúsund manns beðið fyrir framan dyrnar á opnunardaginn. Þau lögðu mikið á sig til að ná mér á mynd setjast upp í Land Roverinn á flennistóru galtómu bílastæðinu. Skotið hefði verið fullkomið hefði ég farið að grenja.

**ÉG** benti þeim á lokað B&L þaðan sem Range-ar runnu út fyrir ári. Ég benti á turninn á Höfðatorgi og fór með þau í grunninn á Tónlistarhöllinni. Ég sýndi þeim fossinn í Kauphþingi. Móttökudaman varð höst þegar hún sá kameruna. Þau hollensku vildu að ég tæki Michael Moore á hana, yrði með læti og segði að núna væri þetta minn banki og ég mætti gera það sem mér sýndist. Ég neitaði að spila með.

**ÞAU** vildu vita hvernig Íslendingum liði. Ég sagði þeim að það væri ekkert eitt svar við því, flestir væru ennþá reiðir en það færi eftir atvinnu- og skuldahögum hversu reið við værum. Við værum enn að bíða eftir að þeim seku yrði refsað. Persónulega fyndist mér að refsingin ætti að vera samfélagsstörf frekar en kósíheit í steininum.

**HVERNIG** fékkst þjóðin til að taka þátt í vitleysunni, spurðu þau. Sagði enginn neitt? Það var kallað öfundarraus þegar einhver maldaði í móinn, svaraði ég. En annars voru flestir bara of uppteknir við að eyða yfirdrættinum sínum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 28. maí, 148. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.33 | 13.25 | 23.19 |
| Akureyri | 2.49 | 13.10 | 23.34 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


